



SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2017 2. TBL.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Náttúruleg gæði



→ LISABO borðið er úr gegnheilum við yst en innan í borðplötunni eru viðarrimlar. Þessi bygging gerir borðið mjög sterkt og dregur úr hráefnisnotkun á sama tíma.

Markmið okkar er að allur pappír, viður og pappi verði annað hvort enduruninn eða úr FSC vottuðu viðurhöggi fyrir árið 2020. Við erum vel á undan áætlun í að ná því markmiði!

17.950,-

LISABO borð

11.950,-

LISABO sófaborð



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is





SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2017

2 TBL.

ÚTGEFANDI

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
www.skog.is
Sími: 551-8150

RITSTJÓRAR:

Brynjólfur Jónsson
Ragnhildur Freysteinsdóttir

PRÓFARKALESTUR:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

PRENTVINNSLA:

Oddi
umhverfissvottað fyrirtæki

Gefið út í 3500 eintökum

ISSN 1670-0074

© Skógræktarfélag Íslands og
höfundar greina og mynda.

Öll réttindi áskilin /
All rights reserved.

Rit þetta má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem með ljós-
myndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, þar
með talið tölvutækt form, að
hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda og
höfunda.

MYND Á KÁPU:

Gréta Gísladóttir
„Royal“, 2016
Olía á striga, 20 x 20 cm
Verkið er í einkaeigu

ICELANDIC FORESTRY
Journal of the Icelandic
Forestry Association, 2017, 2

- 4 **Ljóðasamkeppni Yrkjusjóðs 2017**
Ragnhildur Freysteinsdóttir
- 10 **Elri – Ölur**
Árni Þórólfsson
- 26 **Gamla tréð hefur sett svip á sveitina**
Atli Vigfússon
- 30 **Saga Skógræktarfélags Eyrarsveitar**
Gunnar Njálsson
- 42 **Fjallasalir, strönd og haf: Fræðsluferð Skógræktarfélags
Íslands til Alberta og Bresku-Kólumbíu**
Ragnhildur Freysteinsdóttir
- 64 **Austurvöllur á Ísafirði**
Bragi Bergsson
- 78 **Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2017**
Ragnhildur Freysteinsdóttir
- 86 **Skógræktarárið 2016**
Einar Gunnarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir



Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarritið

Skógræktarfélag Íslands er landssamband 60 skógræktarfélaganna sem starfa í flestum byggðarlögum landsins. Skógræktarfélagin mynda breiðfylkingu nærri 8.000 áhuga- og stuðningsmanna skógræktar. Skógræktarfélag Íslands er málsvari félaganna og hefur það m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu og að fræða og leiðbeina um skógrækt. Skógræktarfélagin eru að sjálfsögðu öllum opin og eru allir sem skógrækt unna hvattir til þátttöku.

Skógræktarritið (áður Ársrit Skógræktarfélags Íslands) hefur komið út samfellt frá árinu 1932 og er eina íslenska fagritið sem fjallar sérstaklega um efni er varða skógrækt. Ritið kemur út tvisvar á ári og er hægt að fá það í áskrift (skog.is). Þeir sem hafa áhuga á að skrifa greinar í ritið eru hvattir til þess að hafa samband við ritstjóra (bj@skog.is).

Hægt er að fá helstu upplýsingar um fjölþætt starf Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaganna á heimasíðunni skog.is.

Höfundar efnis í þessu riti:



Atli Vigfússon
bóndi



Einar Gunnarsson
skógfræðingur



Árni Þórólfsson
viðskiptafræðingur



Gunnar Njálsson
ferðamálafræðingur



Bragi Bergsson
sagnfræðingur



Jónatan Garðarsson
fjölmiðlamaður

Um mynd á kápu

Kápu Skógræktarritsins prýðir að þessu sinni verk eftir Grétu Gísladóttur myndlistarmann. Hún er fædd árið 1973 á Selfossi, en er nú búsett á Flúðum, Hrunamannahreppi. Gréta á 3 börn og er gift tónlistarmanninum Karli Hallgrímssyni. Auk listgreina starfa þau sem kennarar í uppsveitum Árnassýslu.

Gréta útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri, fagurlistadeild, vorið 2011 og 1999–2000 nam hún mynd- og glerlist í Kunst- og hándværkshöjskolen Engelsholm í Danmörku. Gréta hefur fengist við ólík form myndlistar, en segja má að málverkið sé hennar miðill. Hún notar mikið blandaða tækni (mixed media) í verkum sínum og nýtur þess að skapa andstæður með litavali, formum, ljósi og skuggum, auk þess sem gjarnan eru sagðar litlar sögur eða ævintýri í verkum hennar. „Ég sæki gjarnan innblástur í það umhverfi sem ég er í hverju sinni. Það var því óhjákvæmi-



legt að gera fallega fuglamynd, hafandi tré og smáfugla fyrir augunum hér í sveitinni. Það má sjá fyrir sér lítið ævintýri er maður horfir á myndina. Fuglarnir eru fyrir mér konungar skóganna“.



Ragnhildur Freysteinsdóttir
umhverfisfræðingur



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir,
sviðstjóri skógarauðlindasviðs,
Skógræktinni

Íslensk jólatré
Skreytingar gerðar úr efniviði skógars



Ópið helgarnar
9.-10. og 16.-17. desember
kl. 10:00-18:00
Viðskiptavinir fá heitt súkkulaði



Skógræktarfélag
Hafnafjarðar
við Kaldárselsveg

Sími: 555 6455
Netfang: skogh@simnet.is
Heimasíða: www.skogh.is

Ljóðasamkeppni Yrkjusjóðs 2017

Í tilefni af 25 ára afmæli Yrkjusjóðs árið 2017 efndi sjóðurinn, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, til ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna nú í ár. Bréf var sent til allra grunnskóla landsins þar sem keppnin var kynnt, en þema hennar var *Skógurinn minn*. Viðbrögð voru framar vonum, en alls bárust rúmlega 450 ljóð í keppnina og beið dómnefndar ærið verkefni að fara yfir öll ljóðin. Dómnefnd skipuðu Sigurður Pálsson, rithöfundur og formaður Yrkjusjóðs, Sölvi Björn Sigurðsson rithöfundur og Þóra Grímsdóttir kennari. Til að gæta fyllsta hlutleysis fékk dómnefnd ekki að vita nafn höfundar, né frá hvaða skóla viðkomandi var, fyrr en búið var að velja vinningsljóðin. Verðlaun í samkeppninni voru veitt við hátíðlega athöfn í sal Garðyrkjufélags Íslands þriðjudaginn 23. maí. Voru veitt verðlaun í tveimur flokkum, fyrir miðstigi (5. – 7. bekk) og efsta stig (8. – 10. bekk) og fengu verðlaunahafar skjal til staðfestingar, auk kr. 30.000 hvor til glaðnings sínum bekk.

Fyrir ljóð á miðstigi hlaut Álfdrís Jóhannsdóttir úr Breiðagerðisskóla verðlaun, fyrir ljóð sitt *Tónaskógur*. Að mati dómnefndar þótti skemmtilega óvenjulegt að tengja náttúruna við tóngjafa og tóna sem hljóma á endanum sem kór

og hljómsveit í órofa hljómkviðu. Allir tóngjafarnir voru kynntir til sögunnar á skýran hátt og mynduðu þannig heildarmynd sem sömuleiðis var skýr og sterk.

Fyrir efsta stigið bar ljóðið *Haust* eftir Sóleyju Önnu Jónsdóttur úr Hrafnagilsskóla sigur úr býtum. Þótti geislandi gáski einkenna ljóðið sem endaði í friðsælli værð. Ljóðmælandi væri á mjúkri hreyfingu, þeirri tilfinningu væri komið til skila með sögnunum að svífa, hlaupa, hlæja og fara. Næst gengi ljóðmælandi í lið með regninu og feldi sig síðan í skóginum þegar nóttin kæmi. Lokalínan miðlaði sterkri mýkt og rósemd.

Dómnefnd ákvað að veita að auki sérstaka viðurkenningu fyrir sjö ljóð til viðbótar, fimm á miðstigi og tvö á efsta stigi. Sérstaka viðurkenningu á miðstigi hlutu Ástvaldur Mateusz Kristjánsson, fyrir ljóðið *Ljóð*, Breki Hlynsson fyrir ljóðið *Ímyndunarskógurinn minn*, Emelía Óskarsdóttir fyrir ljóðið *Ævintýraskógurinn*, Leifur Jónsson fyrir ljóðið *Skógurinn minn* og Sigurþór Árni Helgason fyrir ljóðið *Haustið*. Sérstaka viðurkenningu á efsta stigi hlutu Kría Sól Guðjónsdóttir og Dagmar Ýr Eyþórsdóttir fyrir ljóðið *Unglingurinn* og Sana Salah Karim fyrir ljóðið *Heimkoma*.

Vinningsljóð 5. – 7. bekkur



Tónaskógur

Skógurinn er fagur.
Það er eins og hann syngi.
Tónarnir streyma upp og niður
trommusláttur þegar vatnið skvettist,
hörputónar þegar greinarnar hreyfast
bjöllur klingja þegar laufin falla
og kórinn byrjar þegar grasið vex.

Álfús Jóhannsdóttir, Breiðagerðisskóla

Sérstök viðurkenning 5. – 7. bekkur



Ljóð

Einn morgun vaknaði ég
og það var allt í einu skógur
í garðinum mínum.

Ég fór inn í skóginn
og fann kristala.
Ég tók kristalana heim.

Þegar ég lagði þá á borðið hurfu þeir.
Svo þegar ég fór út
hvarf skógurinn líka.

*Ástvaldur Mateusz Kristjánsson,
Grunnskólanum á Þingeyri*

Umsögn dómnefndar: Ljóð
sem hefst um morgun,
ljóðmælandi vaknar og
fer inn í skóg. Við erum
samt áfram milli raunveru-
leika og draums þar sem
kristallar birtast og hverfa.
Og loks hverfur sjálfur
skógurinn.



Ímyndunarskógurinn minn

Ég geng í skóginum mínum.
Ímyndunarskóginum mínum.
Í staðinn fyrir lauf,
falla minningarnar mínar.
Ég get gert hvað sem er,
ég get breytt heiminum,
þyngdarkraftinum,
og gefið mér sjálfum nýtt líf.

Breki Hlynsson, Hofstaðaskóla

Umsögn dómnefndar:
Ljóðmælandi kynnir strax
í byrjun til sögunnar skóg
hugarflugsins, ímyndunar-
aflsins. Áður en yfir lýkur
hefur kraftur ímyndunar-
aflsins reynst ósigrandi,
allt er hægt. Að breyta
heiminum, þyngdaraflinu
og gefa ljóðmælanda
nýtt líf. Hvorki meira né
minna, og allt þetta í átta
ljóðlínunum.



Ævintýraskógurinn

Í ævintýraskóginum geta trén talað,
dýrin sungið og blómin dansað.
Þar er líka góður galdramaður sem
ræktar tré.

Enginn þorir inn í skóginn nema ég.
Ég hef hlustað á þúsund ára sögur
trjánna.

Þau hlusta á mig og ég hlusta á þau.
Ég segi þeim öll mín leyndarmál.

*Emelía Óskarsdóttir, Grunnskóla
Seltjarnarness*

Umsögn dómnefndar:

Ljóðmælandi einn þorir
inn í Ævintýraskóginn
sem kynntur er til leiks í
fyrri hluta ljóðsins, þar
sem trén tala, dýrin syngja
og blómin dansa. Og
skógurinn er trúnaðar-
vinur, hann hlustar á
ljóðmælanda sem hlustar á
þúsund ára sögur trjánna.



Skógurinn minn

Einu sinni varstu bara eitt tré.
En svo fékkstu vini í heimsókn.

Leifur Jónsson, Hofstaðaskóla

Umsögn dómnefndar:

Knappleiki er vissulega
einn mikilvægasti eiginleiki
ljóða. Höfundur ljóðsins
Skógurinn minn gengur
mjög langt í þá átt, ljóðið
er tvær línur. Það er
hættuspil að vera jafn
fáorður, hættan er sú að
ljóðið hverfi. En höfundi
tekst að forðast það á
eftirtektafverðan hátt. Í
huga dómnefndarmanna
varð þessi ljóðtexti sterkari
eftir því sem hann var
lesinn oftar.



Haustið

Laufblöðin féllu í gríð og erg.
Í öllum regnbogans litum.
Ég gekk minn vana veg.
Fram hjá gamla turninum
og upp að gamla flugvélabrakinu.
Í bakaleiðinni hitti ég mann.
Hann var í rifnum fötum.
Með rottu um hálsinn.

Sigurþór Árni Helgason, Hvolsskóla

Umsögn dómnefndar:

Laufblöð í regnbogans
litum er fyrsta óvenjulega
myndin í ljóðinu. Síðan
tekur við afar sterk mynd
af göngu ljóðmælanda
hans vana veg framhjá
gamla turninum, upp að
gamla flugvélabrakinu.
Og botninn er sleginn í
textann með mjög óvenju-
legri mynd í síðustu línu.

Vinningsljóð 8. – 10. bekkur




Haust

Ég sveif upp í rjóður,
andaði að mér ilmi trjáanna.
Ég hljóp framhá krökkum að ærslast,
hló með þeim er hár þeirra f auk til.
Ég fór út til regnsins og hjálpaði því að vökva blómin.
Þegar nóttin kom faldi ég mig í skóginum og lék mér þar.
„Ég er Golan,“ hvíslaði ég til laufanna áður en ég vaggði þeim í svefn.

Sóley Anna Jónsdóttir, Hrafnagilsskóla

Sérstök viðurkenning 8. – 10. bekkur



Unglingurinn

Skógurinn hefur hjarta
sem eyru mannsins heyra ekki slá.
Samt er það raunverulegt.
Slær
rétt eins og hjarta mannsins.




Í skóginum er rjóður.
Þar dvel ég
þegar myrkrið ofsækir mig eins og
kötturinn
sem eltir músina.
Ég vona að birtan
skíni brátt
í gegnum langar, grannar greinar
trjáanna.
Ég vex og dafna
en öðlast aldrei
viskuna
sem þúsund ára trén geyma í rótum
sín um.
Engir viskubrunnar geta gefið mér það
sem trén eiga.
Ég geng meðfram læknum í von
um að heyra
slátt
þess sem ég leita.
Hjarta skógarins.

Kría Sól Guðjónsdóttir og Dagmar Ýr Eyþórsdóttir, Lágafellsskóla

Umsögn dómnefndar:

Hjarta skógarins og eyru
mannsins eru aðalleikarar
í þessu fallega ljóði.
En mörg önnur atriði
eru dregin inn í skýrar
ljóðmyndir: rjóður, köttur
og mús, birtan, þúsund
ára trén og viskubrunnar.
Í síðasta kaflanum gengur
ljóðmælandi meðfram
læknum í von um að heyra
hjartslátt skógarins.



Heimkoma

Fjarvera þín gnæfir,
hún gnæfir yfir hæstu trjákrónum.
Laufin farin að blikna
og dagstjarnan lögst í dvala.

Snær sem leggst yfir gulleitan
gróðurinn
eins og ábreiða.
Kuldi sem virðist aldrei ætla
að taka enda.

En

Ný lauf, iðjagræn
taka að myndast.
Greinar teygja sig fram
eins og opnir armar.

Og loks,
bráðnar allur snærin
undan brosi þínu.
Þú snerir aftur heim.

Sana Salah Karim, Lindaskóla

Umsögn dómnefndar:

Í upphafi er sterk mynd:
þar gnæfir fjarvera þín yfir
hæstu trjákrónum. Síðan
eru dregnar skýrar haust-
og vetrarmyndir og á móti
þeim er teflt skýrum vonar
og vormyndum sem hafa
loks sigur í lokin. Þar er
annarrar persónu fornaðnið
aftur mætt til leiks: Þú
snerir aftur heim.

Við höfum lagt rækt við gróður í yfir 40 ár



✿ Okkar plöntur fá kærleiksríkt
uppeldi við íslenskar aðstæður

Gróðrarstöðin
Mörk

STJÖRNUGRÖF 18 • SÍMI 581 4550 • FAX 581 2228
WWW.MORK.IS MORK@MORK.IS

Falleg jólagjöf



Autopot

Sjálfvirk vökvun
Einfalt í uppsetningu
Ekkert rafmagn
Endalausir stækkunarmöguleikar



Flora serían

Öflugur alhliða áburður
Hentar jafnt fyrir vatnsrækt og mold



Root!T

Byggir upp og eykur
rótarvöxt.

Notað til forræktunar
fyrir allar plöntur.

InniGarðar ehf. | Hraunbæ 117 | Sími: 534 9585
www.innigardar.is

InniGarðar
Ræktunarkerfi fyrir heimili

Elri – Ölur

Alnus Mill. (1754)

Orðsifjar

Öllum plöntum og þar með trjám er skipt upp í ættir og ættkvíslir. Það var sænski grasafræðingurinn Carl von Linné (1707 – 1778) sem kom á því kerfi að allar plöntur heita tveimur latneskum nöfnum þar sem fyrra orðið í heitinu, sem ávallt er skrifað með stórum upphafsstaf, er heitið á ættkvíslinni en síðara orðið, sem skrifað er með litlum staf, er heiti tegundarinnar innan ættkvíslarinnar. Linné var mjög afkastamikill við plöntugreiningar og gaf mörgum ættkvíslum og tegundum nafn. Það var hins vegar enski grasafræðingurinn Philip Miller (1691 – 1771) sem gaf elriættkvíslinni nafn sitt *Alnus* árið 1754 en það orð er gamalt latneskt heiti yfir elri. Enska orðið fyrir elri er *alder* en það orð hefur

verið notað á Englandi síðan um árið 700. Í forn ensku finnast orðin *alor* og *aler* fyrir elri.

Ef rýnt er nánar í orðsifjafræðina og forn indóevrópsk orð fyrir elri eru skoðuð þá finnast þar orð eins og *alis*, *elus*, *élisos* og *el*. Í forn indóevrópsku máli þýðir orðið *el* rauður eða brúnn. Af þessu orði er m.a. orðið *elk* í ensku komið en það þýðir hjörtur eða hjartardýr sem eru einmitt rauð eða brún á litinn. Eitt af einkennum elris er rauður litur á viðnum þegar tréð er fellt. Í gamalli þjóðsögu segir frá því að í fyrndinni, þegar tré og menn gátu talað saman, þá hafi elritréð sagt við skógarhöggsmanninn; „Ef þú skerð mig þá blæðir mér en ef þú heggur mig þá dey ég“. Áður fyrr var sagt um sólbrennda menn í Noregi



Lífandi áburðarverksmiðja, vel smitaðar gráelriplöntur úr 35 hólfa plöntubakka. Mynd: ÁP

að þeir væru rauðir eins og elristubbur. Í frumgermönsku, sem danska, sænska, norska og íslenska eru sprottin upp úr, finnast m.a. orðin *alísó* og *aluz* fyrir elri. Í nútíma þýsku er notað orðið *erle* fyrir elri. Í forn norsku finnast orðin *erle*, *elri*, *elrir*, *alri*, *örir*, *ölur* og *aldur* en í nútíma norsku eru orðin *or* og *older* mest notuð. Í sænsku finnast orðin *orr*, *arre*, *arder* en algengast er að orðið *al* sé notað fyrir elri. Í dönsku finnast orðin *or*, *elle*, *erle*, *al*, *æl*, *alæ* og *ellæ* en almennt er orðið *el* notað fyrir elri í nútíma dönsku.

Í íslensku máli eru orðin elri og ölur notuð jöfnum höndum yfir þá trjáættkvísl sem kallast *Alnus* á latínu. Íslenskir málfræðingar vilja meina að bæði orðin séu jafn rétthá en hér á landi starfaði fyrir nokkrum árum nefnd áhugamanna um íslensk háplöntuheiti. Nefndarmenn komust að þeirri niðurstöðu að rétta orðið fyrir trjátegundina væri orðið ölur vegna þess að það væri þjálá í munni en orðið elri. Menn geta líklega verið sammála að orðið gráölur hljómar betur en orðið gráelri. Málið fer hins vegar að vandast þegar beygja á orðið ölur. Það á ekki hvað síst um þegar um er að ræða fleirtölu-myndina. Orðið ölur beygist þannig í eintölu; ölur, ölur, öli, ökurs. Í fleirtölu beygist það þannig; ölar, öla, öllum, öla. Ef greini er bætt við í beygingu orðsins í eintölu og fleirtölu þá verður þetta þannig í eintölu; ölurinn, ölurinn, ölrinum, ölursins og í fleirtölu þannig; ölrarnir, ölrana, öllum, ölranna. Samkvæmt málvenju er orðið elri eingöngu að finna í eintölu í íslensku og beygist þá þannig; elri, elri, elri, elris. Með greini er það þannig; elrið, elrið, elrinu, elrisins. Menn verða svo að gera það upp við sig sjálfa hvort orðið sé þjálá í munni.

Í þessu sambandi er vert að benda á að orðið ölur kemur líklega fyrst fram í rituðu íslensku máli í Hávamálum, sem er lengst Eddukvæða, en elsta varðveitta handrit þeirra er talið hafa verið ritað seint á 13.

öld. Í 14. erindi Hávamála segir Óðinn frá því er hann drakk of mikið af öli og varð drukkinn. Fyrstu tvær línur erindisins eru svo hljóðandi; „Ölur eg varð, varð ofurölvi“. Hér er orðið ölur lýsingarorð og merking þess drukkinn eða ölvður maður.

Einkenni og eiginleikar.

Elri er af bjarkarætt og þess vegna náskylt birki. Elstu elristeingervingar sem fundist hafa eru frá Míósen-tímabilinu fyrir um 18 milljónum ára en talið er að Ísland hafi orðið til sem eyja í upphafi þessa tímabils fyrir um 14 til 16 milljónum ára. Birkiaëttkvíslin er miklu eldri, en elstu birkisteingervingar sem fundist hafa eru frá seinna Krítartímabilinu sem var fyrir um 100 til 66 milljónum ára en þá voru m.a. risa-eðlurnar uppi. Líklega var mesta tegundafjölbreytnin í birkiaëttkvíslinni (þ.e. mestur fjöldi tegunda innan ættkvíslarinnar) á Eósen-tímabilinu fyrir um 45 milljónum ára.

Þessar tegundir er líkar í útliti en þegar þær eru skoðaðar nánar þá sést að ýmislegt er ólíkt. Eitt af því sem er ólíkt eru fræreklarnir en á elri eru þeir trjákenndir líkt og könglar barrviða. Annað sem einkennir elri er að á rótum trjáanna eru ryðbrúnir hnúðar með bakteríum (gerlum) sem tillífa (vinna) óbundið köfnunarefni (nitur, N_2) úr andrúmsloftinu. Allar elritegundir hafa þessa hnúða á rótunum en þeir geta orðið allt að hnefa stórir. Samband þessara baktería eða gerla er ýmist nefnt sambyli, samlífi eða stoðbyli og er þá talað um sambyligerla í því sambandi. Elrinu er lífsnauðsynlegt að komast sem fyrst í snertingu við þessar bakteríur til þess að geta lifað áfram. Ungar plöntur geta lifað án þeirra ef þær vaxa í mjög frjóum jarðvegi eða fá tilbúinn áburð en plönturnar þrífast ekki vel né lifa lengi án þeirra. Elrið getur tengst bakteríunni strax á kímplöntustigi og er þá talað um að plantan sé smituð með ratarbakteríunni. Bakteríutegundin sem lifir á rótum



Gráelritrén ofan við gróðurhúsin á Hallormsstað. Mynd: ÁP

elrisins kallast á latínu *Frankia alni* en einnig notast sumir fræðimenn við nafnið *Actinomyces alni*. Bakteríurnar taka upp köfnunarefnið úr andrúmsloftinu og gera það aðgengilegt fyrir tréð en í staðinn færir tréð bakteríunum sykrur sem það vinnur með ljóstillífun. Árangurinn af þessu gagnlega sambandi er sá að jarðvegurinn þar sem elrið vex verður frjósamari. Elrið er með öðrum orðum jarðvegsbætandi jurt líkt og lúpínan. Við bestu skilyrði þar sem elrið vex þétt getur framleiðslan á

köfnunarefninu verið um og yfir 300 kíló á hektara en það er mun meira en lúpínan getur framleitt. Þessi mikla áburðarframleiðsla gerir sumum elritegundum kleift að vaxa upp í allt að 30 metra hæð á áratug við bestu skilyrði eða þrjá metra á ári að meðaltali. Þetta sambyli elris og *Frankia* bakteríunnar gerir elrinu jafnframt kleift að lifa í mjög blautum jarðvegi enda er elri oft helst að finna við ár, læki og í mýrum.

Elri er sumargrænt lauftré en þó eru til nokkrar sígrænar tegundir af elri. Laufblöðin eru stakstæð, einföld og sagtennt. Blómin eru litlir einkynja reklar og eru bæði karl- og kvenreklar á sömu plöntunni og berst frjóðið af karlblómunum yfir á kvenblómin með vindi. Karlreklarnir eru ílangir og gulir en kvenreklarnir eru stuttir og grænir en við þroskun verða þeir brúnir og trékenndir eins og áður segir.

Fræ elris og birkis er mjög líkt. Þannig er elrifræ afar létt þannig að það getur borist langan veg frá móðurtrénu en auk þess er það með loftfylltan vef á jöðrunum sem



Rekilvendill í fræreklum gráelris. Mynd: ÁP

gerir því kleift að fljóta í burt frá trénu með ám og lækjum. Þessir eiginleikar fræsins, auk þess sem elrið framleiðir sjálft sinn köfnunarefnisáburð í samstarfi við *Frankia* bakteríuna, gerir elri að algerri frumherja-plöntu sem nemur raskað og oft sérlega ófrjótt land. Þannig breiddust elritegundir mjög hratt í norður eftir að síðustu ísöld lauk og jöklar tóku að hopa. Þessi framvinda er enn í gangi. Elri sáir sér einnig mjög fljótt eftir skógarelda þar sem trén sem fyrir voru hafa brunnið til kaldra kola. Það er sömuleiðis fljótt að þekja aurskriður og land sem er raskað eftir snjóflóð og jakaburð meðfram ám og jökulfljótum. Það er misjafnt eftir tegundum hversu þungt fræið er eða allt frá því að vera 200 fræ í hverju grammi og yfir 3.000 fræ í grammi.

Áður var talið að til væru yfir 35 tegundir af elri en síðustu ár hafa orðið miklar framfarir í erfðatækni og þar með trjáerfðafræði þannig að grasafræðingar hafa gert breytingar á flokkun elriættkvíslarinnar og fækkað tegundum með því

að flokka sumar þeirra sem deilitegundir af öðrum tegundum. Sem dæmi um þetta má nefna að sitkaelri er nú nefnt á latínu *Alnus viridis* ssp. *sinuata* en *Alnus viridis* ssp. *viridis* nefnist kjarrelri á íslensku. Eins og gildir með birkitegundir þá eru flestar elritegundir skammlífar þannig að trén verða oftast ekki nema 40 til 150 ára.

Þessar tegundir eru ýmist runnar eða tré og er útbreiðsla þeirra um norðanvert tempraða beltið sem afmarkast í suðri um 23,5°N og í norðri við heimskaupsbaug um 66,5°N. Nokkrar tegundir finnast í Mið-Ameríku og suður eftir Andesfjöllum í 1.500 til 3.200 metra hæð yfir sjó inn í norðurhluta Argentínu og Síle.

Sá eiginleiki elrisins að geta vaxið hratt og kröftuglega upp á röskuðu og ófrjóu landi gerir það að verkum að ýmsir líta á það sem algert illgresi og jafnvel ágenga jurt. Menn hafa jafnvel gengið svo langt að úða elritré og runna kröftuglega með illgresiseitri. En kostir elrisins eru svo miklir að auðvelt hefur verið að benda á



Gráelri við Konungsjarðgöngin við suðurbakka Hornindalsvatns í Sogn- og Fjarðarfylki. Mynd: ÁP

að þeir eru miklu meiri en ókostirnir því það er svo öflugt við að bæta jarðvegs-skilyrðin. Margar elritegundir gefa af sér úrvals smíðavið, þannig var viður rauðelris (*Alnus glutinosa*) áður fyrr verðmætur í fíðlusmíði, en mest hefur það þó verið notað sem eldiviður. Fyrr á öldum var elri höggvið niður eins og birki og það brennt í kolagröfum til þess að framleiða viðarkol í byssupúður. Elriviður er m.a. notaður í húsgagnasmíði og frá árinu 1950 hefur einn þekktasti rafmagnsgítarframleiðandi heims, Fender, notað elrivið í gítarkassann á fjórum gerðum af rafmagnsgítörum, þar á meðal Fender Stratocaster, en elriviðurinn er sagður gefa af sér þéttan og jafnan tón.

Elri á Íslandi

Óhætt er að segja að elri hafi lítið verið ræktað hér á landi og oft með engum eða litlum árangri. Ástæðan er alls ekki sú að elri þrífist ekki vel hérlendis. Ástæðurnar fyrir litlum árangri af ræktun elris hér á landi eru nokkrar. Í fyrsta lagi hefur elri ekki vaxið hér á landi síðan fyrir síðustu ísöld og hér finnast aðeins örfáar plöntur sem lifa í sambýli með *Frankia* bakteríunni og bakterían finnst aðeins í örlitlu magni í íslenskum jarðvegi. Í öðru lagi hafa ekki verið reynd rétt kvæmi og ekkert unnið í kynbótum á því erfðaeftni sem er að finna hér á landi. Gráelri og rauðelri eru á meðal fyrstu trjátegunda sem reyndar voru hér á landi í lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Oft voru þetta allt of suðlæg kvæmi sem reynd voru þannig að árangurinn var lítill eða enginn. Það var ekki fyrr en um árið 1992 sem farið var í fyrsta sinn að gróðursetja elri í stórum stíl hér á landi. Langmest var gróðursett af sitkaelri en nokkrum árum áður barst hingað til lands töluvert magn af fræi. Á árunum um 1995 var framleiðslan í gróðrarstöðvum yfir 200 þúsund plöntur á ári. Mikil afföll urðu í þessari ræktun, bæði strax í gróðrarstöðvunum þar sem sum árin drápu

flestar plönturnar í uppeldinu og síðan eftir að þær voru gróðursettar. Síðustu ár hefur gróðursetning á elri dregist stórlega saman. Ástæðan fyrir miklum aföllum á sitkaelri í gróðrarstöðvum er fyrst og fremst sú að sitkaelri er mjög viðkvæmt fyrir næturfrostum. Það sem gerist í gróðrarstöðinni er að bakkaplöntur sem sáð var til árið áður eru geymdar yfir vetur í óupphituðum gróðurhúsum eða undir plastdúk. Þegar fer að hlýna á vorin er sitkaelri fljótt að laufgast en eins og svo oft gerist hér á landi verða miklar hitasveiflur á vorin, þannig að það verður mjög hlýtt inni í þessum óupphituðu gróðurhúsum og undir plastdúknunum, en á næturnar getur gert hörkufrost, þannig að það frýs í húsunum eða undir dúknunum, en það þola laufgaðar plönturnar ekki og kala þess vegna og oft til dauða. Annað atriði sem skýrir mikil afföll, bæði í gróðrarstöðvum og á uppgræðslusvæðum þar sem sitkaelri hefur verið gróðursett, er að ekki hefur tekist að smita plönturnar með *Frankia* bakteríunni. Ástæðan fyrir því virðist vera



Rick Durand, þróunarstjóri hjá Bylands gróðrarstöðinni, við Hæruefrið „Prairie Horizon“. Mynd: ÁP



Jökull Gunnarsson með tveggja ára gamlar gráelriplöntur. Hægra megin er kvæmið „Skemma“ og vinstra megin er kvæmið „Hornindalsvatn“. Mynd: ÁP

sú að þessar plöntur hafa verið aldar upp í stórum og mjög tæknivæddum gróðrarstöðvum. Strax í sáningu byrja vandræðin því sáðmoldin sem notuð hefur verið nær eingöngu er svo kölluð barnamosamold (*Sphagnum*) sem er innflutt frá Finnlandi eða Eystrasaltslöndunum. Áður fyrr var þessi mold m.a. notuð í sáraumbúðir vegna þess að í henni er að finna efni sem drepa bakteríur og þar á meðal *Frankia* bakteríuna. Yfirleitt eru þessar plöntur ræktaðar innan um aðrar trjátegundir og allar tegundir fá sömu meðhöndlun. Þannig er údað yfir allar plönturnar með sveppalyfjum til þess að drepa myglusveppi sem drepa smáplönturnar en sveppalyfið drepur *Frankia* bakteríuna. Einnig er vökvað yfir allar plönturnar með áburðarvatni en of mikill áburður getur valdið því að *Frankia* bakterían yfirgefur plöntuna.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur gróðursett töluvert af elri á undanförunum árum. Mest hefur það verið sitkaelri

sem félagið hefur fengið afhent í gegnum Landgræðsluskóga. Þessar plöntur hafa verið nær algerlega lausar við smit og þess vegna nær allar drepist. Reynt hefur verið að smita þær fyrir gróðursetningu og hefur það tekist í sumum tilfellum þannig að eitthvað lifir af þessum gróðursetningum. Skógræktarfélagið rekur Gróðrarstöðina Þöll við Kaldárselsveg. Þar hafa ýmsar elritegundir verið aldar upp með góðum árangri. Það er helst að sitkaelrið hafi kalíð en búast má við næturfrostum í gróðrarstöðinni fram yfir miðjan júnímánuð. Engin vandræði hafa verið með að smita plönturnar en gróðrarstöðin er lítil og mjög frumstæð og má jafnvel segja að tæknilega sé hún á steinaldarstigi. Í grófum dráttum fer ræktunin á elrinu þannig fram að fræinu er sáð í sáðbakka með venjulegri sáðmold sem þá er búið að skola vel í nokkra daga. Þegar fræið hefur náð að spíra og kímplönturnar eru komnar með tvö til þrjú laufblöð eru þær



Karlblóm á ryðelri. Mynd: ÁP

smitaðar. Aðferðin er einfaldlega þannig að grafið er niður á elrirætur og af þeim tekin nokkur rótarnýði ásamt rótarendum og mold. Þessu er hrært saman við vatn í fötu og vökvað yfir sáðbakkana. Þetta er oftast endurtekið einu sinni eða tvisvar. Á nokkrum dögum fer að sjást munur á plöntunum því þær verða allar dökkgrænar á litinn. Einnig er hægt að smita plönturnar með þeim hætti að setja mold undan elritrjáum ásamt rótarnýðum og rótarendum í sáðbakka og setja síðan vel skolaða sáðmold þar yfir og sá elrifræinu í moldina. Þegar fræið spírar þá vaxa ræturnar í gegnum sáðmoldina og komast þá í snertingu við *Frankia* bakteríuna. Nær allt elrifræ sem sáð er í gróðrarstöðinni er safnað hérlandis en á Hallormsstað hefur m.a. verið safnað grælri sem hefur reynst frábærlega vel.

Sitkaelri

Eins og áður sagði þá hafa framfarir í trjáerfðafræði leitt það af sér að margar tegundir elris hafa verið settar sem deilitegundir af einni tegund. Þetta á fyrst og fremst við um runnakenndu elritegundirnar sem hafa útbreiðslu nyrst á norðurhveli jarðar og hæst í fjöllum. Þær tegundir sem reyndar hafa verið hér á landi og þetta á við um eru: grænelri; *Alnus viridis* ssp. *crispa*, hrísaelri; *Alnus viridis* ssp. *fruticosa*, fjallelri; *Alnus viridis* ssp. *maximowiczii*, sitkaelri; *Alnus viridis* ssp. *sinuata* og kjarrelri; *Alnus viridis* ssp. *viridis*. Allar



Sitkaelri með frærekklum. Mynd: ÁP

þessar deilitegundir eru margstofna runnar sem eru allt frá því að vera aðeins um 50 cm á hæð við allra verstu skilyrði og upp í að vera um 12 metra háir runnar. Af þessum deilitegundum er sitkaelrið stórvaxnast og sú eina sem getur verið einstofna smátré en það er þó mjög sjaldgæft. Mælingar sýna að sitkaelri getur framleitt 25 kíló á hektara af hreinu köfnunarefni.

Nýjustu rannsóknir á þessum deilitegundum hafa sýnt að það sem talið var vera grænelri í norðanverðu Alaska er í raun hrísaelri en útbreiðsla þess nær allt frá Arkhangelsk fylki í Rússlandi, yfir alla norðanverða Síberíu og yfir allt norðanvert Alaska og Kanada alveg að Hudsonflóa en þar fyrir austan tekur grænelrið við en það hefur útbreiðslu á Labrador og Nýfundnalandi en auk þess finnst það syðst á Grænlandi. Fjallelrið er að finna í Japan. Sitkaelrið er með mesta útbreiðslu í suðurhluta Alaska, vesturhluta Kanada, í fjöllum í Washingtonríki og Oregonríki og alla leið niður í norðurhluta Kaliforníuríkis. Kjarrelri er útbreitt í fjöllum mið-Evrópu og þá fyrst og fremst í Ölpunum, en finnst einnig í fjöllum á Balkanskaganum, í Karpatafjöllum og Pýreneafjöllum.

Þessar deilitegundir er erfitt að þekkja í sundur en það er helst hægt að sjá mun á laufblöðunum. Af þessum deilitegundum hefur langmest verið gróðursett af sitkaelri hérlandis enda er það stórvaxnast þeirra og hefur reynst best. Kjarrelrið hefur



Gráelri. Mynd: ÁÐ

einnig reynst mjög vel og ekkert síður en sitkaelrið þannig að það er full ástæða til að rækta það eins og sitkaelrið. Allar þessar deilitegundir hafa þroskað spíranlegt fræ hér á landi og oftast í miklu magni og flestar ef ekki allar náð að sá sér sjálfar út í náttúruna. Sitkaelrið hefur skiljanlega verið duglegast við sjálfsáninguna enda langmest gróðursett af því. Sjálfsáning þessara deilitegunda er þó mjög mismikil eftir landshlutum. Mest er um sjálfsáningu á suðausturlandi en mun minni á suðvesturlandi. Allar þessar deilitegundir virðast vera ágætlega aðlagðar að aðstæðum hér á landi en auk þess eru komnar upp svo margar nýjar kynslóðir af þeim á undanförunum árum og áratugum að ólíklegt verður að telja að hægt muni vera að ná eitthvað betri árangri með þær með innfluttum nýjum kvæmum.

Gráelri

Gráelri var ein af fyrstu tegundunum sem gróðursett var hér á landi í upphafi

skógræktar í byrjun síðustu aldar. Eins og á við um runnakenndu elritegundirnar þá hafa nokkrar tegundir verið færðar undir gráelrið sem deilitegundir. Þannig er latneska heitið á gráelri; *Alnus incana* ssp. *incana*, hæruelri er; *Alnus incana* ssp. *hirsuta*, væruelri er; *Alnus incana* ssp. *rugosa* og blæu-er; *Alnus incana* ssp. *tenuifolia*. Gráelrið er útbreitt um norðaustanverða Evrópu og í fjalllendi



Útbreiðsla gráelris.



Hærueftri, yrkið „Prairie Horizon“. Mynd: ÁÐ

í mið-Evrópu eins og sést á útbreiðslukortinu. Í norðvestur Rússlandi og yfir í Síberíu vex deilitegundin *Alnus incana* ssp. *kolaensis*, sem ekki hefur fengið íslenskt heiti en mætti kalla kólaelri, samanber Kólaskagi sem það er kennt við. Í framhaldi af því tekur svo við hærueftri sem nær yfir



Útbreiðsla blæftris.

fjöll í norðaustur- og mið-Asíu. Blæftri tekur við handan Kyrrahafs í norðvestur-Ameríku eins og sést á útbreiðslukortinu. Austan við blæftrið tekur við vætueftri sem hefur útbreiðslu í austur allt til Labrador og Nýfundnaland eins og sést á útbreiðslukortinu. Sunnan við útbreiðslusvæði blæftris er *Alnus incana* ssp. *oblongifolia* sem gæti verið nefnt Arizonaelri á íslensku en það er mjög útbreitt í Arizona ásamt því að vera að finna í suðvesturríkjum Bandaríkjanna og norðvestur-Mexíkó.

Græftrið og deilitegundir þess eru ýmist stórvaxnir og margstofna runnar eða einstofna og beinvaxin tré með breiða krónu. Hæð trjánna getur verið allt frá 5 metrum og upp í 25 metra. Elstu trén geta orðið allt að 50 cm að þvermáli í brjósthæð en yfirleitt eru þau mun grennri. Eins og íslenska birkið þá er græftrið skammlíf tegund sem verður yfirleitt 40 til 100 ára en hámarks aldur er talin vera um 200 ár í Noregi. Græftrið er með gráan og sléttan bök. Laufblöðin eru egglega eða næstum



Útbreiðsla vætuelris.

kringlótt og ydd. Á efra borði eru þau mött og grágræn á lit en á neðra borði eru þau gráleit og lóhærð. Gráelri dregur nafn sitt af þessum gráa lit á neðra borði blaðanna, samanber síðari lið latneska heitisins, en á latínu þýðir *incanus* gráhvítur.

Elstu þekktu gráelritrén hér á landi standa við Gömlu Gróðrarstöðina á Akureyri og við Grund í Eyjafirði en þau voru gróðursett árið 1904 og er talið að þau hafi verið flutt inn frá Danmörku eins og næstum öll önnur tré sem flutt voru inn á fyrstu árum trjáræktar hér á landi. Sárálítið hefur verið gróðursett af gráelri hér á landi fram á síðustu ár. Mest hefur verið gróðursett af kvæmi frá Rogan í Noregi sem er á 67. breiddargráðu. Árið 1972 fékk skógræktin á Hallormsstað fræ frá Kvæfjord í Suður-Troms í Noregi, sem er á 69. breiddargráðu. Þetta kvæmi hefur reynst langheppilegasta kvæmið hér á landi því það er harðgerast og beinvaxnast. Á Hallormsstað stendur röð af þessu kvæmi á milli skemmunnar og gróðurhúsanna. Hæstu trén hafa náð yfir 10 metra hæð. Félagar í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar hafa safnað fræi af þessum trjám síðustu árin sem oft hefur spírað vel og þær plöntur sem komið hafa upp verið seldar í Gróðrarstöðinni Þöll. Þessar plöntur hafa

þrífist sérlega vel og miklu betur en plöntur af innfluttu fræi. Gráelri af þessu kvæmi frá Kvæfjord er þó alls ekki öruggt með að mynda spíranlegt fræ á hverju ári. Vegna þess hve þetta kvæmi er af norðlægum uppruna þá gerist það oft að karlblómin blómstra í hlýindaköflum á miðjum vetri en síðan gerir hörkufrost þannig að frjóíð eyðileggst áður en kvenblómin geta tekið við því. Auk þessara vandræða þá herjar leiðinda sveppasjúkdómur á kvenblómin en þessi sjúkdómur nefnist *Taphrina alni* á latínu en hann hefur ýmist verið nefndur nornavandasveppur eða rekilvendill á íslensku. Þessi sjúkdómur, sem finnst um allt land á gráelritrjám, afmyndar kvenreklana og geldir fræið. Rekilvendill hefur fundist hér á landi á frærekjum sitkaelris og ryðelris en mjög sjaldan og í mjög litlu magni þannig að þessi skaðvaldur er fyrst og fremst vandamál hvað varðar gráelri hér á landi.

Félagar í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar söfnuðu í fyrsta skipti fræi af gráelri á Hallormsstað með Sigvalda Ásgeirssyni, fyrrum framkvæmdastjóra Vesturlands-skóga, í byrjun október 2005. Sigvaldi þekkti vel til á Hallormsstað en við leituðum einnig álits hjá Sigurði Blöndal, fyrrum skógræktarstjóra, sem tók það alveg skýrt fram að við ættum alls ekki að safna gráelrifræi af öðrum trjám en þeim sem vaxin eru upp af fræinu frá Kvæfjord og standa við skemmuna á Hallormsstað. Frá árinu 2005 hafa félagar frá Skógræktarfélaginu farið nær árlega í fræsöfnunarferðir á Hallormsstað og þá lagt mesta áherslu á að safna fræi af þessum gráelritrjám. Þetta fræ hefur fengið kvæmaheitið; „Skemma“. Sum árin hefur þetta fræ spírað ágætlega þannig að gróðrarstöðin hefur getað boðið það til sölu í töluverðu magni. Eftirspurnin eftir því hefur verið mikil enda hefur náðst einstaklega góður árangur með það. Síðast þegar náðist að safna góðu fræi var haustið 2014 en þá var safnað 1,7 kg en í október 2016 var safnað 3,1 kg, sem

er það langmesta sem hefur verið safnað en því miður spíraði það næstum ekki neitt. Þrátt fyrir að það sé ávallt stórkostlegt að koma í Hallormsstaðaskóg og dvelja þar í nokkra daga þá verður að viðurkennast að það er full mikil fyrirhöfn að aka alla þessa leið austur frá Hafnarfirði ef óvissan og óöryggið með árangur er svo mikil.

Það er augljóst að þetta kvæmi frá Kvæfjord er allt of norðlægt fyrir a.m.k. Hafnarfjörð og því þörf á að finna eitthvað suðlægara og hentugra kvæmi til ræktunar í Hafnarfirði og fyrir allt Suður- og Vesturland. Það fyrsta sem þarf að hafa í huga þegar menn leita að erlendu trjáfrækvæmi er á hvaða breiddargráðu á að rækta viðkomandi trjátegund hér á landi en auk þess þarf að leita á svæðum með álíka veðurfar og þá sérstaklega hvað varðar vaxtartímabilið. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er með starfsaðstöðu rétt ofan við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði sem er nærri 64°N og auk þess nærri sjó. Ef rýnt er í kort af vestanverðum Noregi þá sést fljótlega að bærinn Steinkjer er nánast á þessari sömu breiddargráðu en bærinn er í Norður-Þrændalögum, skammt norðaustur af Þrándheimi. Þó svo að á þessu svæði mætti finna hentug kvæmi af gráelri til ræktunar á Íslandi þá er málið ekki svo einfalt vegna þess að á þessum slóðum er enginn að safna fræi af gráelri og erfitt að fá einhvern til þess. Reynslan af trjáfræi frá Noregi bendir til þess að oft sé hagstæðara að fá fræ frá stöðum sem eru á suðlægari breiddargráðu en fyrirhugaður vaxtastaður á Íslandi. Þess vegna ætti að leita á svæði sem gæti spannað allt frá 64°N til 61°N.

Vegna þess að ekkert fræ er til sölu frá þessum breiddargráðum er eina ráðið oft að fara sjálfur til Noregs og safna fræi. Greinarhöfundur hefur farið tvisvar með Skógræktarfélagi Íslands í fræðsluferð til Noregs. Fyrri ferðin, sem var farin í byrjun september 2009, hófst í Bergen og lauk í Ósló. Þrátt fyrir mikla leit var það ekki fyrr



Rauðelri. Mynd: ÁP

en þegar komið var til Hamar í suðaustur Noregi að eitthvað fannst af gráelritrjám með fræi. Í brattri brekku ofan við hótelið, sem gist var á í Hamar, var töluvert belti af gráelri og náðist svolítið af fræi af þessum trjám þrátt fyrir að komið væri myrkur og rigning. Þetta kvæmi virðist ekki vera nógu heppilegt fyrir Ísland enda full suðlægt og of langt frá hafi en Hamar er rétt sunnan við 61°N, mjög austarlega í Noregi. Plönturnar sem komu upp af fræinu sýndu alls ekki eins mikinn þrótt og kvæmið Skemma Hallormsstaður og voru flestar kræklóttar.

Næsta fræðsluferð var farin í lok ágúst 2014 en þá var farið um Sogn- og Fjarðarfyli (Sogn og Fjordane). Ferðin var skipulögð af skógræktarfélagi fylkisins og dagskráin þétt skipulögð þannig að lítill tími gafst til að huga að frætíslu. Það var ekki fyrr en ferðalangarnir komu að Hornindalsvatni, sem er dýpsta stöðuvatn Evrópu, en það er 514 metra djúpt, að gráelritré með frærekjum sáust. Parna var stoppað sunnan við vatnið rétt norðan við Konungsjarðgöngin (*Kongenes tunnelen*) þar sem norsku skógræktarmennirnir ætluðu að sýna íslensku ferðalöngunum skógarhöggsvél og útdráttarvél að verki í snarbrattri hlíð þar sem var þéttur ógrísjáður rauðgreniskógur. Áður en haldið var upp í hlíðina buðu Norðmennirnir upp á bjór og samlokur á bílastæði við jarðgöngin en þar voru nokkur gráelritré með miklu fræi sem greinarhöfundur



Ryðelri. Mynd: ÁP

safnaði. Strax eftir sáningu sýndi þetta kvæmi mikinn þrótt og spírunin var sérlega góð. Fræinu var sáð í aprílbyrjun 2015 og priklað í fjölpottabakka í júní og júlí sama sumar. Bakkarnir voru fluttir úr gróðurhúsinu í byrjun nóvember sama vetur og hafðir úti á malarplani óskýldir yfir veturinn. Vorið eftir voru plönturnar í bökkunum flokkaðar eftir stærð og settar í sölu. Engin afföll urðu á plöntunum þrátt fyrir töluverðan klaka um veturinn. Þetta kvæmi sýndi strax miklu meiri vaxtarhraða en kvæmið frá Hallormsstað þannig að þær bakkaplöntur sem var ekki búið að selja þegar leið á sumarið voru að verða úr sér vaxnar þannig að drifið var í því að potta þær í tveggja lítra potta. Ári síðar höfðu þær náð 130 til 140 cm hæð á meðan kvæmið Skemma Hallormsstaður var aðeins um 90 cm hátt. Það er enn allt of snemmt að segja til um ágæti þessa kvæmis en óhætt er að segja að það lofar góðu.

Deilitegundin hærueiur hefur lítið verið prófuð hér á landi og oftast með slökum árangri. Fræ af hærueiur hefur m.a. borist frá Magadan og Kamsjatka. Þær plöntur sem vaxið hafa upp af því fræi og gróður-settar hafa verið suðvestanlands eru allt stórvaxnir og margstofna runnar, sem virðast ekki hafa neitt fram yfir sitkæli að færa. Þessi kvæmi eru því greinilega ekki heppileg fyrir suðvesturlandið. Í Lystigarðinum á Akureyri stendur mjög fallett tré af hærueiur sem gróðursett var árið 1988 og skógræktarmenn í nágrenni Akureyrar



Ryðelri með frærekum. Mynd: ÁP

hafa sagt frá fleiri fallegum trjám af hærueiur. Í trjásafninu á Tumastöðum í Fljótshlíð eru nokkur hærueiurtré sem eru af fræi frá Sakhalineyju. Starfsmenn Skógræktarinnar á Tumastöðum hafa nokkrum sinnum safnað fræi af þessum trjám, sem m.a. Ræktunarstöð Reykjavíkur hefur sáð og fengið upp ljómandi fallegar plöntur sem virðast allar vera einstofna og beinar. Það bendir því margt til þess að hærueiur sé vanmetin tegund í íslenskri trjá- og skógrækt. Í september 2017 fór Skógræktarfélag Íslands í fræðsluferð til Alberta og Bresku-Kólumbíu í Kanada. Í þeirri ferð gafst fjórum af ferðalöngunum tækifæri á að heimsækja Bylands gróðrarstöðina í borginni Kelowna í Bresku-Kólumbíu en þetta er mjög stór gróðrarstöð sem sérhæfir sig í að framleiða harðgerðar plöntur fyrir erfið skilyrði í Kanada og allt upp til Alaska. Þarna í gróðrarstöðinni var okkur m.a. sýnt yrki af hærueiur sem var búið til sérstaklega til að þola mikla sumarþurrka en víða á sléttum Kanada rignir nánast ekki neitt allt sumarið. Þetta yrki kallast „Prairie Horizon“ eða *Alnus hirsuta* 'Harbin'. Leyfi fékkst til að safna smáræði af fræi af einu trénu, sem verður sáð næsta vor.

Deilitegundin blæliur var fyrst reynd hér á landi á árunum 1980 til 1985 en fræið kom m.a. frá Alaska og Yukon í norðvestur-Kanada. Í Múlakoti í Fljótshlíð standa tvö tré sem hafa náð yfir 15 metra hæð á innan við 30 árum en uppruni



Porkell Porkelsson stendur við ryðelritré sem gróðursett voru árið 2010 og hafa náð yfir 6 metra hæð sjö árum síðar. Mynd: ÁP

Þeirra er við bakka Saskatchewan árinna í Alberta nærri borginni Edmonton eða langt inni í miðju Kanada. Þessi tré hafa borið spíranlegt fræ og upp hafa vaxið nokkrar plöntur sem gróðursettar voru í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn. Nærri þessum blælrítrjám í Múlakoti eru gráelritré þannig að þau tré sem vaxin eru upp af þeim eru hugsanlega blendingar af blælrí og gráelrí. Á þessum blælrítrjám er ekki að finna rekilvendil en hann er á öllum gráelrítrjámum í garðinum. Þess vegna er áhugavert að fara í kynbætur með því að víxla saman álitlegum kvæmum af gráelrí, hæruelrí og blælrí.

Rauðelrí

Rauðelrí (*Alnus glutinosa*) er útbreitt um mest allt meginland Evrópu. Í norðri nær það frá Skotlandi, sunnanverðri Skandinavíu og norðvestur-Rússlandi og þaðan í suður um alla Evrópu allt til norður-Afríku í Alsír, Marokkó og Túnis. Í vestri nær það frá norðvestur-Spáni og Portúgal og í austur til vestur-Asíu í Íran



Útbreiðsla rauðelris.

og Kasakstan. Útbreiðslusvæðið sést nánar á útbreiðslukortinu. Rauðelrí getur orðið all stórvaxið tré við bestu skilyrði eða allt að 30 metra hátt og allt að 75 til 100 cm að þvermáli í brjósthæð en þó verður það yfirleitt mun lægra og grennra. Trén hafa dökkgráan bork og laufblöðin eru breiðeggjala eða kringlótt og snubbótt eða innydd og glansandi dökkgræn. Brum og árssprotar rauðelris eru hárlaus og oft klístrug en ungir sprotar eru þaktir trjákvöðu eða harpeisörðum. Síðari liðurinn í latneska heitinu vísar einmitt í þessi klístruðu brum og ungsprota en latneska orðið *glutinosus* þýðir límugur. Rauðelrí er sárasjaldgæft hér á landi og er helst að finna það í Grasagarðinum í Reykjavík, í Lystigarðinum á Akureyri og fáeinum gömlum gördum í Reykjavík. Rauðelrí telst til hitakærra tegunda eins og askur þar sem talið er að lágmarks sumarihiti þurfi að vera 12,4°C til þess að það nái að þrífast og þroska fræ. Til samanburðar þá telja norskir skógfræðingar að gráelrí þurfi lágmarks sumarihita upp á 7,7°C. Á Mógilsá standa nokkur rauðelrítré, sem flest eru upprunnin frá Noregi en einnig nokkur álitleg tré frá fjalllendi í Skotlandi. Þessi tré hafa borið spíranlegt fræ mörg undanfarin ár. Hugsanlegt er að hægt sé að finna betur aðlöguð kvæmi af rauðelrí í Noregi, Skotlandi og

jafnvel í Ölpunum. Nyrstu vaxtarstaðir rauðelris í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru við 63°N. Í Noregi nær það hæst upp í 325 m.y.s. en í Ölpunum upp í 1.200 m.y.s. Innan þessara marka þyrfti að leita að fræi og prófa hér á landi. Með kynbótum á því erfðafni sem gæfi bestan árangur mætti síðan ná enn betri árangri.

Ryðelri

Ryðelri (*Alnus rubra*) er útbreitt eftir strönd norðvestur-Ameríku allt frá suður Kaliforníu í suðri nærri 34°N og allt upp í suðaustur-Alaska nærri 60°N í Yakutat og við jökulsporð Malaspinajökuls. Það finnst sjaldan lengra frá ströndinni en 200 kílómetra og yfirleitt neðan við 750 metra yfir sjó. Ryðelri er langalgengasta lauftréð á þessu svæði og víða eina lauftréð sem þar er að finna og það er jafnframt langstór-vaxnasta elritegundin. Í Alaska þar sem vaxtarskilyrðin eru hvað verst verður það sjaldan hærra en 5 til 12 metrar og yfirleitt 10 til 40 cm í þvermál. Við bestu skilyrði eins og í Oregon getur ryðelri orðið yfir 30 metra hátt og yfir 80 cm í þvermál. Vaxtarhraði ryðelris getur verið gríðarlegur því við bestu skilyrði getur fræplantan vaxið um einn metra eða meira á fyrsta ári. Tveggja til fimm ára plöntur geta vaxið



Útbreiðsla ryðelris.

um meira en þrjá metra á ári. Það má því segja að ryðelri hafi mikinn ungdómsvöxt. Við góð skilyrði ná trén því að verða 9 metra há á 5 árum, 16 metra við 10 ára aldur og 24 metra við 20 ára aldur frá því að fræið spíraði úti í skóginum. Eitt tré mældist 10 metra hátt og 16,3 cm í þvermál í brjósthæð 5 árum frá því að fræið spíraði. Gerðar hafa verið mælingar á 7 til 12 ára gömlum reitum þar sem mælt viðarmagn á hektara er 15,4 tonn miðað við þurrvigt þ.e. ofnþurrkað. Þegar ungdómsstiginu lýkur hægir verulega á vextinum. Nákvæmar mælingar sem m.a. byggja á áhringjamælingum sýna að 20 ára gömul tré geta verið 10 til 25 metra há við góð skilyrði og 50 ára tré á bilinu 18 til 37 metra há. Eins og á við um allar elritegundir þá verður ryðelrið ekki gamalt og algengt er að trén byrji að drepast við 60 til 70 ára aldur og þau verða sjaldan eldri en 100 ára. Eins og áður segir getur ryðelrið orðið all hávaxið við bestu skilyrði. Þar sem vaxtarskilyrðin eru hvað best hafa mælst tré sem eru 30 til 40 metra há og 55 til 75 cm í þvermál í brjósthæð. Sverasta tré sem mælst hefur var 198 cm í þvermál í brjósthæð en trén verða sjaldan sverari en 90 cm í þvermál.

Ryðelri verður kynþroska mjög ungt þ.e. trén blómstra og byrja að þroska fræ. Þannig þekkist það að tré séu aðeins þriggja til fjögurra ára gömul þegar þau fara að bera fræ og yfirleitt eru öll trén orðin kynþroska 6 til 8 ára gömul. Til samanburðar þá blómstrar rauðelri yfirleitt ekki fyrr en trén eru orðin 15 til 20 ára. Þessi staðreynd og hinn gríðarlega hraði vöxtur þess á unga aldri gerir það að verkum að tegundin tekur yfir röskuð svæði í heimkynnum sínum eins og eftir rjóðurfellingu í skógum og skógarelda. Ryðelri þroskar fræ árlega og oft mikið af því. Á þriggja til fimm ára fresti má reikna með miklu fræfalli.

Ryðelri hefur mjög lítið verið reynt hér á landi og nánast alltaf með litlum eða



Gunnar Þórólfsson við sverasta ryðelritréð á Kirkjubæjarklaustri. Mynd: ÁP

engum árangri. Ástæðan fyrir lélegum árangri er eins og með aðrar elritegundir. Kvæmin sem reynd hafa verið henta ekki íslenskum aðstæðum og ekki hefur tekist að smita plönturnar með *Frankia*-bakteríunni. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar fékk fræ af ryðelri frá Mustila trjásafninu í Elimäki í Finnlandi vorið 2003 en félagið hefur fengið þaðan fræ af mörgum tegundum sem reynst hafa mjög vel. Þessu fræi var sáð í sumarbyrjun og spíraði það sérlega vel. Því var priklað í um 100 fjölpottabakka sama sumar og geymt yfir vetur í úpphituðu gróðurhúsi. Í byrjun maí árið eftir voru bakkarnir fluttir úr gróðurhúsinu og þeim komið fyrir í timburkarmi. Nokkrum dögum síðar gerði mjög hart næturfrost þannig að allar plönturnar nema fimm drápust. Þessar fimm plöntur voru strax pottaðar í tveggja lítra potta og þeim komið fyrir í gróðurhúsi. Síðar voru þær gróðursettar í trjásafn Skógræktarfélagsins í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn þar sem þær hafa verið að týna tölunni

ein af annarri þannig að nú er aðeins ein sem lifir og það með herkjum. Það er því augljóst að þetta kvæmi frá Mustila hentar engan veginn íslenskum aðstæðum.

Í byrjun október árið 2007 voru félagar úr Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar á ferðinni um trjásafnið sem er ofan við Rannsóknarstöð Skógræktarinnar á Mógilsá þegar þeir rákust á nokkur ryðelritré sem voru með frærekla. Mest af fræinu hafði fallið úr reklunum en með mikilli fyrirhöfn tókst að ná nokkrum reklum af trénu sem í var smáræði af fræi. Þessu fræi var síðan sáð vorið 2008 og spíruðu nokkur fræ. Sama sumar voru plönturnar pottaðar í tveggja lítra potta og geymdar yfir vetur í úpphituðu gróðurhúsi. Þær uxu hratt í gróðurhúsinu og hefði verið hægt að gróðursetja þær strax vorið 2009 en vegna þess hve illa gekk með ryðelrið af fræinu frá Mustila var ákveðið að umpotta þær yfir í fimm lítra potta og geyma áfram yfir vetur í gróðurhúsi. Í byrjun ágúst árið 2010 voru þessar plöntur

gróðursettar í stórt beð í Höfðaskógi. Þær hafa heldur betur tekið við sér og vaxið mjög hratt. Haustið 2015, fimm árum frá gróðursetningu og sjö árum frá sáningu, höfðu öll trén náð fjögurra metra hæð frá jörðu og hæsta tréð tæpum fimm metrum. Haustið 2014, fjórum árum frá gróðursetningu, báru þessi tré smáræði af fræi sem spíraði ágætlega. Þessi tré voru aftur með fræ haustið 2015 og 2016 og í vor var mjög mikil blómgun á trjánum þannig að þegar þetta er skrifað haustið 2017 eru trén hlaðin fræreklum og von á miklu fræi. Ryðelritrén á Mógilsá eru vaxin upp af fræi sem safnað var nærri bænum Petersburg á Mitkofeyju í suðaustur-Alaska haustið 1985. Bærinn Petersburg er rétt sunnan við 57°N. Ýmsir gætu haldið að bærinn heiti eftir Sankti Pétursborg í Rússlandi en Alaska tilheyrði Rússlandi til ársins 1867 þegar Bandaríkjastjórn keypti það af Rússum fyrir 7,2 milljónir dollara. Staðreyndin er hins vegar sú að Petersburg heitir eftir Peter Buschmann sem var norskur landnemi sem settist þar að árið 1890 og byggði m.a. sögunarmyllu. Á næstu árum settist þar að fólk frá Norðurlöndunum þannig að bærinn gekk undir nafninu Litli Noregur. Við Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri er skógarreitir þar sem er að finna hæsta tré landsins, sem er sitkagreni sem mældist yfir 27 metra hátt haustið 2016, en í brekkunni rétt fyrir neðan það tré er smá lundur með

nokkrum ryðelritrjám sem gróðursett voru þar sumarið 1991. Þarna er að finna líklega bestu vaxtarskilyrði fyrir ryðelri hér á landi, enda hafa þessi tré vaxið sérlega vel. Þessi tré eru vaxin upp af sama fræinu og trén á Mógilsá þ.e. uppruni þeirra er Petersburg í Alaska.

Við þetta má bæta að Ólafur Sturla Njálsson, kenndur við gróðrarstöð sína Nátthaga í Ölfusi og Pétur N. Ólason, sem jafnan er kallaður Per og kenndur við gróðrarstöðina Mörk við Blesugróf í Fossvogsdal í Reykjavík, sem hann stofnaði árið 1967 og rak til ársins 2000, fóru í fræsöfnunarferð til Alaska haustið 1994 og höfðu með sér m.a. fræ af ryðelri sem þeir söfnuðu í bænum Juneau í suðaustur Alaska. Nokkur ágæt tré komu upp af þessu fræi en Ólafur í Nátthaga fjölgar besta trénu með græðlingaræktun og hefur gefið þessu yrki af ryðelri nafnið Iðja.

Þessi ótrúlegi árangur af því að nota íslenskt fræ af ryðelri gefur sterkar vísbendingar um að þarna sé komin ein af framtíðar trjátegundunum fyrir Ísland. Reyna þyrfti fleiri álitleg kvæmi og síðan velja besta efniviðinn af því sem nú þegar hefur reynst vel og því sem bættist við með nýjum kvæmum og fara í kynbætur á því efni sem þá væri til. Í því kynbótastarfi væri sjálfsagt mál að nota úrvals efni eins og yrkið Iðju frá Ólafi í Nátthaga.

Höfundur: ÁRNI ÞÓRÓLFSSON



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Gamla tréð hefur sett svip á sveitina

Á Litlu-Reykjum í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu, stendur tré upp við gamla íbúðarhúsið. Er það fjölskyldunni mikils virði að hafa tréð og það er hluti af öllu á jörðinni. Þetta er u.þ.b. 90 ára gamalt reynivíðartré sem hefur sett svip sinn á sveitina í áratugi og að sögn bóndans, Valþórs Freys Þráinssonar, stendur ekki til að taka tréð þó það sé farið að láta á sjá. Valþór er búinn að saga töluvert af greinum af því sem voru hættar að laufgast, auk þess sem hann tók þær sem voru farnar að slást í þakið. „Hríslan,“ eins og fjölskyldan hefur alltaf kallað þetta gamla reynivíðartré, er fyrir löngu farin að vaxa utan í húsið, en einhvern tímann þegar þarf að klæða það að utan ætla þau ekkert að hrófla við trénu. Hann og kona hans Signý Valdimarsdóttir eru fjórða kynslóðin sem býr í húsinu og fimmta kynslóðin mun senn vaxa úr grasi.

Hríslan hefur fylgt fjölskyldunni

Langafi og langamma Valþórs, þau Árni Þorsteinsson og Laufey Sigtryggsdóttir, fluttu í Litlu-Reyki árið 1932. Þau komu úr Holtakoti og höfðu þá með sér hrísluna sem þau höfðu líklega eignast nokkrum árum áður. Þau héldu mikið upp á þetta litla tré sem var byrjað að vaxa og dafna við hús þeirra í Holtakoti. Hríslan var gróðursett við íbúðarhúsið á Litlu-Reykjum og hefur verið þar alla tíð síðan. Þetta tré hefur lifað kreppuárin, stríðsárin, hafisárin og mörg önnur ár og alltaf lifað. Árni og Laufey bjuggu í Holtakoti á árunum 1925-1932 og það var á þeim árum sem Reykhverfingar fengu nokkur reynivíðartré til þess að hafa við híbýli sín. Sagan segir að Baldvin Friðlaugsson, framkvæmdastjóri Garðræktarfélags Reykhverfinga, hafi

útvegað nokkur tré innan úr Eyjafirði og telst það ekki ólíklegt, en á þeim tíma voru reynivíðartré gróðursett í mörgum gördum á Akureyri. Lengi stóðu þessi tré við bæi í sveitinni, en nú hafa trén við bæina Skörð og Stóru-Reyki fallið, þar sem húsin, sem þau stóðu við, voru rifin. Hins vegar standa enn tré sem Baldvin Friðlaugsson og hans fjölskylda gróðursettu í landi Garðræktarfélags Reykhverfinga.

Hríslan var afa Valþórs mjög mikilvæg

Íbúðarhúsið á Litlu-Reykjum stendur fast við þjóðveginn og því hefur hríslan alltaf verið mjög áberandi og hluti af bæjarmyndinni. Valþór segir að hún hafi haft mikla þýðingu fyrir afa hans, Sigtrygg Árnason, sem bjó alla sína ævi í húsinu og tengdi hann tréð alltaf við móður sína, Laufeyju Sigtryggsdóttur, sem lést um aldur fram þegar hann var sjö ára. Hann vildi ekki taka greinar af trénu þó svo að þær væru farnar að láta á sjá, en það gerði Valþór seinna eftir að hann hóf búskap í húsinu ásamt sinni fjölskyldu. Valþór heldur í þá stofna sem hann hefur tekið og hefur þurrkað þá og smíðað úr þeim. Hann smíðaði m.a. klukku úr einum bútnum og gaf afa sínum þegar hann var kominn á dvalarheimilið Hvamm á Húsavík. Þetta þótti afa hans mjög vænt um og hefur Valþór auk þessa smíðað nokkra smáhluti aðra úr víðarbútunum. Sigtryggur afi hans lést nýlega og tók Valþór lítinn bút úr hríslunni sem hann hafði haldið til haga og setti í kistuna hjá honum.

Bara bjartsýnn á framtíðina

Vaxandi áhugi hefur verið á skógrækt í Reykjahverfi á síðustu árum og hafa félagar í Skógræktarfélagi Reykhverfinga plantað

*Hið myndarlega reynitré við bæjarhúsið að Litlu-Reykjum.
Mynd: AV*





Valþór Freyr Práinsson með Sigrúnu Stellu dóttur sinni við „hrisluna“. Mynd: AV

mjög miklu af trjám. Valþór og Signý kona hans hafa stækkað garðinn við húsið á Litlu-Reykjum eins og margir aðrir og komið þar upp skjólvegg. Þess má geta að dóttir þeirra, Sigrún Stella Valþórsdóttir, er búin að eignast lítið reyniviðartré sem kennt er við móðurömmu hennar sem nú er látin og virðist það vera að taka við sér. Trjágróður hefur að mörgu leyti þrífist vel í sveitinni á undanförnum árum og hafa lerkitré og aspir vaxið mikið. Hins vegar hafa furur og grenitré brotnað töluvert í krapastórhriðum, enda eru þær stundum óblíðar. Reykjabær standa undir Reykja-fjalli og oft rennir miklum snjó ofan af fjallinu niður í byggðina. Hríslan á Litlu-Reykjum hefur í 90 ár þolað mörg frostin og oft verið klakabrynjuð. Valþór er bjartsýnn á framtíð hennar þrátt fyrir aldurinn og enn um sinn mun hún setja mikinn svip á sveitina.

Mennirnir móta landið, rækta það og græða

Skógræktarfélag var upphaflega stofnað í Reykjahverfi 1943 og starfið nokkuð líflegt fyrstu árin. Seinna lagðist starfsemin niður í nær þrjá áratugi en félagið var endurvakið 1985. Hófst þá nýr kafli í skógræktarsögu Reykjahverfis og tók sig saman nokkur hópur fólks og plantaði m.a. trjám við félagsheimilið Heiðarbæ og við þéttbýlið í Hrístateigi, auk þess að planta við íbúðarhús og í friðaðar heimagirðingar. Fjáröflunarvinna var töluverð hjá Skógræktarfélaginu og voru haldin bingó árlega auk þess sem félagið tók að sér að tína rusl meðfram þjóðveginum og fékk greitt fyrir það. Skrúðgarðasjóður Reykjahrepps kom þarna einnig við sögu þar sem fé úr honum var notað til þess að girða skógarreitinn við félagsheimilið. Hann stofnuðu hjónin á Hveravöllum, þau

Baldvin Friðlaugsson og Sigríður Stefánsdóttir, en verðbólga síðustu áratuga hafði höggvið í hann skörð, þannig að hann var ekki jafn mikill að vöxtum eins og áætlað hafði verið í upphafi, en samt kom hann að góðum notum. Liðin eru meira en hundrað ár síðan Baldvin og Sigríður fluttu í Reykjahverfi, en þau voru brautryðjendur í ræktun og var hann fyrsti framkvæmdastjóri Garðræktarfélags Reykhverfinga á Hveravöllum. Þar er eitt stærsta tómataframleiðslufyrirtæki landsins í dag og á jörðinni er að vaxa upp mikill skógur. Þegar Baldvin og Sigríður voru búin að byggja bú sitt við hverina í Reykjahverfi varð honum þetta að orði:

Nú er hér bólstaður byggður,
þó býlið sé smávaxið enn.
Árin í aldirnar raðast,
í ættirnar konur og menn.

Vellirnir víkka og stækka,
það vorar um gjósandi hver.
Reynirunnar og bjarkir,
raðast í skruðfylking hér.

Við geisla frá allífsins eldi
og undramátt jörðinni frá
er gróðurmagnið svo mikið
sem mannshöndin orkar að sá.

Það hillir í vonanna veldi
af vaxtar og gróðursins þrá,
og lýsir af áhugans eldi
frá afdal að blikandi sjá.

Höfundur: ATLI VIGFÚSSON

Sparaðu og styrktu Skógræktarfélag Íslands í leiðinni!



Sæktu um þinn lykil á www.orkan.is/skograekt

Þú færð:

- 15 kr. afsláttur á afmælisdaginn
- 10 kr. fyrstu fimm skiptin
- 8 kr. á valinni stöð (þín stöð)
- 6 kr. hjá Orkunni og Skeljungu
- 20-40% af kaffi á þjónustustöðvum
- 10-20% af bílatengdum vörum

Skógræktarfélag Íslands fær:

Skeljungur heitir 2.500 kr. á hvern lykil í hóp Skógræktarfélagsins sem nær 250 lítra veltu, að auki rennur 1 kr. af hverjum seldum lítra til félagsins.





Reynibrísla í skriðu undir Svartahnjúki í Grundarbotni. Mynd: GN

Saga Skógræktarfélags Eyrarsveitar

Þann 10. júní árið 1986 kom hópur áhugafólks um skógrækt í Eyrarsveit saman að frumkvæði Halldórs Finnssonar sparisjóðsstjóra. Á fundinn mættu 22, bæði úr sveit og bæ. Í fundarbyrjun rifjaði Halldór Finnsson það upp að þann 20. nóvember árið 1960 hafi Skógræktarfélag Eyrarsveitar verið stofnað af áhugasömu fólki með stuðningi Búnaðarfélags Eyrarsveitar, Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins Gleym mér ei. Fólk var stórhuga og rætt var um að planta í skógarreit í Setbergslandi og helst annan í nágrenni við Grafarnes. Forsvarsmenn þessara félaga tilnefndu þá Þorstein

Ásmundsson á Kverná, Helga Bjarnason á Grund og Bjarna Sigurðsson á Berserkseyri til að finna hentug svæði til skógræktar.

Trjárækt átti að vera tilvalin til að mynda skjól og til að koma upp útivistarskógum. Fólk hér í sveit fór ekki varhluta af nýjum straumum upp úr miðri öldinni þó að heyrst hafi frá málsmetandi mönnum fyrir sunnan að hér á Snæfellsnesi væri ekki hægt að rækta nokkur tré sökum kulda og sjávarseltu. Kvenfélagið Gleym mér ei hafði ræktað kartöflur og rófur til ágóða fyrir félagið og fengið leyfi frá sóknarnefnd árið 1956 til þess að planta trjáplöntum í gamla kirkjugarðinn á Setbergi. Ekki gekk



Plantað í Fellsásnum undir Ytra Hellnafelli sumarið 1989. Mynd: Sunna Njálisdóttir

Það eftir og í fundargerð Kvenfélagsins er sagt frá því að gróðursett hafi verið 100 tré að Kverná til bráðabrigða. Líklegt er að þessi tré hafi verið geymd þar og misfarist næstu ár á eftir. Eftir 1950 reyndu nokkrir garðeigendur hér í sveit að setja niður reyni- eða grenihríslur með misjöfnum árangri, enda var kuldatímabil að ganga í hönd og ísaár framundan. Í þéttbýlinu fóru húseigendur að afmarka og girða lóðir sínar og planta trjáam og runnum til skjóls

og yndis. Nokkur myndarleg tré lifa enn og voru nýrri kynslóð hvatning til að gera nú betur.

Eins og áður sagði var starfsemi Skógræktarfélagsins ekki mikil eftir stofnun þess 1960 og lagðist það af eftir 1964. Til eru bréf sem gengu á milli Bjarna Sigurðssonar á Berserkseyri og Snorra Sigurðssonar frá Skógræktarfélagi Íslands allt til ársins 1964 þar sem Snorri hvatti félagið áfram, bauð til sölu skógarplöntur og spurði um framgang verkefna. Girðingar-efni kom að sunnan ári eftir stofnun félagsins ásamt einu Ársriti Skógræktarfélags Íslands og sparisjóðsbók var stofnuð árið 1960 hjá Sparisjóði Eyrarsveitar.

Á fundinum í júní 1986 var samþykkt að endurvekja ætti hið gamla félag fremur en að stofna nýtt. Á þessum fyrsta fundi árið 1986 gengu 20 manns í félagið og kusu sér stjórn. Formaður var kjörinn Skúli Skúlason, gjaldkeri Vilhjálmur Pétursson, ritari Sunna Njálisdóttir og í varastjórn Guðlaug Guðmundsdóttir, Arnór Páll



Kaffipása við skógræktarstörf í Eiðisskógi sumarið 1990. Frá vinstri er Halldór Finnsson, Pálína Gísladóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Hákon Gunnarson, Jensína Guðmundsdóttir og Jenna Karen Sigurðardóttir. Mynd: Sunna Njálisdóttir



Úr Eiðisskógi 2016. Mynd: Sunna Njálsdóttir

Kristjánsson og Jón Hansson. Endurskoðendur voru kosnir Hreinn Bjarnason og Gunnar Kristjánsson. Gestir voru mættir á fundinn frá Skógræktarfélagi Stykkishólms, Sigurður Ágústsson frá Vík og Elín G. Sigurðardóttir kona hans, ættuð frá Hrísdal í Miklaholtshreppi. Sögðu þau frá félaginu sínu, góðum árangri og mistökum.

Á þessum tíma var ekki vitað um skógarleifar í Eyrarsveit en víða í mýrarjarðvegi má þó sjá mikið af birkilurkum. Í Framsveit er eitt örnefni, Hrísfell, sem segir okkur

að þar hafi verið í það minnsta kjarri eða víði vaxið land. Einikinn er örnefni upp úr Grundarbotni að austanverðu og bendir til að þar hafi vaxið einir og til er örnefni efst í Skálardal þar sem Grjótá fellur sem nefnast Víðilágar, einnig nefnt Dýjadalir. Fyrir nokkrum árum fannst stæðileg reynihrísla undir Svartahnjúk í Grundarbotni og niðri í klettasprungu í Tómgili langt upp úr Lárdal kúrir ein reynihrísla. Nú má víða finna gulvíði og loðvíði í gróskumiklum brekkum og blautum mýrarsvæðum sem eru að vaxa upp úr grassverðinum eftir að beit sauðfjár minnkaði.

En nú var komið árið 1986 og Skógræktarfélagið endurvakið eftir langt hlé og það þjónaði engum tilgangi að vera með félag nema eiga eða hafa afnot af landi til að planta í. Brynjólfur Jónsson, erindreki Skógræktarfélags Íslands, kom sumarið 1986 til að líta á skógræktar- aðstæður í sveitinni og á framhaldsaðalfundi sýndi hann litskyggjur og hélt erindi um möguleika skógræktar á harðbýlum svæðum og trjategundir sem gætu hentað við þau skilyrði. Nokkrir staðir innan



Plantað í Eiðisskógi sumarið 1990 í landgræðsluskógaátakinu. Mynd: Sunna Njálsdóttir



Eiðisskógur haustið 2015. Mynd: GN



Jón Ásgeir Jónsson við Hafnarskógarbirkir í Eiðisskógi 2010. Mynd: Sunna Njálsdóttir

þéttbýlisins og í útjaðri þess þóttu vel fallnir til trjáræktar. Samþykkt var að tala við hreppsnefnd og aðra landeigendur um þessi svæði. Bréf barst frá byggingarnefnd Eyrarsveitar sumarið 1986 um að landræma ofan við byggðina í þorpinu væri Skógræktarfélaginu frjálst til afnota. Var þessari hugmynd vel tekið og samþykkt.

Hreppsgirðingin ofan við þéttbýlið lá frá Grafargili með mýrarsundum að fellsrana norðan við Ytra Hellnafell og þaðan niður að Grundargötu. Þessi fellsrani er nú orðið nefndur Fellsás. Á fundi í Skógræktarfélaginu sumarið 1986 var samþykkt að planta í skjólbelti í mýrina milli Fella innan girðingar og einnig í Fellsásinn.

Sumarið 1987 var viðburðaríkt. Snemma um vorið var unnið við plöntun í skjólbelti í mýrina milli Fella, rist ofan af í rásir, skítur settur í og herfað. Arnór á Eiði sá um það verk. Síðan var gróðursettur alaskavíðir í rásirnar og um sumarið var gróðursett í fyrsta sinn blágreni, sitkagreni og alaskavíði í Fellsásinn. Þó að afnot til skógræktar hafi fengist innan hreppsgirð-



Mynd tekin við reiðveginn í Fellsási. Elsti reiturinn frá 1987. Mynd: GN

ingar var stefnan sú að hafa eitt svæði við þéttbýlið og eitt svæði fjær og var haldið áfram að svipast um eftir því.

Landgræðsluskógaátakið 1990

Á árunum fyrir 1990 voru hugmyndir um að stórefla skógrækt hér á landi með því að efna til mikils landgræðsluskógaátaks á landsvísu. Það átak hófst 1990 og stendur enn. Markmiðið var að gróðursetja árlega allt að eina milljón plantna umfram það sem gróðursett hafði verið ár hvert á landinu.

Landgræðsluskógar skyldu þessir skógar heita og markmiðið að endurheimta íslenska birkiskóginn og gera íslenskt gróðurríki fjölbreyttara og sterkara en það áður var.

Enn voru hugmyndir um að fá afnot af landi undir skógrækt í Eyrarsveit. Komu margir staðir til greina, m.a. land á Bárarhálsi, frá Arnarhóli inn með Steinahlíðinni og svæði ofan við Fögrubrekku, að Kálfadal að austanverðu. Sum þessara

svæða tilheyra ríkisjörðum í Framsveit en leigjendur þeirra voru ekki tilbúnir til að láta land af hendi til Skógræktarfélagsins þó að Landbúnarráðuneytið hefði gefið grænt ljós á það. Í fundargerð aðalfundar vorið 1990 buðu Arnór Páll Kristjánsson og Auður Jónasdóttir á Eiði félaginu land í hlíðinni við Eiðisvatn eftir nánara samkomulagi og samþykktu fundarmenn að þiggja það undir landgræðsluskóg vegna skógræktaráttaks 1990. Nú var brett upp á ermar og hlutirnir gengu hratt. Mánuði seinna var samningur tilbúinn til undirritunar og tekið var til hendinni í byrjun júní við að girða fimm hektara reit. Um 5.000 birkiplöntur og 3.000 stykki af sitkabastarð komu um vorið og næsta sumar var afgangurinn girtur og var svæðið þá orðið 11 hektarar. Leitað var til félagasamtaka hér í sveitinni um að þau tækju þátt í gróðursetningunni og fengju í leiðinni sína eigin reiti innan girðingar til að gróðursetja í og hugsa um næstu ár. Því var vel tekið og það tók um

hálfan mánuð að koma plöntunum niður og þótti með ólíkindum að allt þetta skyldi gerast á svo stuttum tíma. Þá var alvöru skógræktaráhugi í sveitinni. Styrkur kom frá Menningarsjóði Sparisjóðs Eyrarsveitar upp á 200 þúsund kr. og 50 þúsund kr. styrkur kom frá sveitarsjóði.

Skógræktarsvæðið í hlíðinni ofan við Eiðisvatn var gefið nafnið Eiðisskógur en áður var það beitarland kvikfjár frá bænum Eiði. Það er mikið vaxið berjalyngi og fallegir lækir liðast niður hlíðarnar sem allar eru grasgefnar.

Helstu trjátegundirnar í Eiðisskógi eru sitkagreni, hvítsitkagreni (sitkabastarður), birki og stafafura. Sett var niður sífjalerki fljótlega eftir 1990 og hefur það sem lifði af fyrstu árin vaxið vel. Aðrar tegundir eru blágreni, lerki, kjarrelri, sitkaelri og ýmsir asparklónar. Almennu hefur vöxtur á trjám verið góður þó að hlíðin virki kaldari heldur en svæðið í Brekkuskógi en á báðum þessum stöðum lemur sunnanáttin trén óþyrmilega og veldur oft útlitsskaða

og framar í sveitinni er oft viðvarandi norðaustan þurranæðingur og skafrenningur á vetrum. Þannig skemmdir má sjá í heimaskógræktinni á Spjör og í Suður-Bár. En í góðum sumrum má sjá góðan toppvöxt trjáa í öllum reitum, sérstaklega grenitrjáa og 30 til 40 sm vöxtur er algengur. Sitkalúsin er viðvarandi og veldur stundum skaða en trén jafna sig fljótlega.

Gunnar Njálsson, sem var orðinn formaður félagsins um þetta leyti, kynnti hugmyndir sínar um að gera Framsveitina fjárlausu í úthaga og hvetja eigendur og ábúendur jarða til að fara í skógrækt og landgræðslu en víða er gróðurþekjan þar grunn og viðkvæm. Árið 2007 var síðan Landgræðslufélag Eyrarsveitar stofnað og birkifræjum og smávegis af birki og íslenskum víði hefur verið plantað á Bárarhálsi. Sauðfé hefur fækkað verulega í Framsveit og gróður aukist og svörður þyknað. Trjárækt á rýru eignarlandi hefur tekist vel og gefur fyrirheit um vel lukkaða ræktun í framtíðinni.



Í Brekkuskógi þar sem Yrkjuplöntum hefur verið plantað af skólabörnum. Mynd: GN



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn haustið 2011. Samkoma og veitingar í Fellsási. Mynd: GN

Enn stækkar skógurinn - Brekkuskógur

Árið 1997 var komið svo að svæðið innan hreppsgirðingar var að verða fullplantað og byrjað var að leita eftir öðru svæði eða í það minnsta stækkun til vesturs. Það þótti álitlegt að planta í Fellabrekkurnar allt frá Grafargili og vestur að hesthúsagirðingunni, sem var á vegum Hesteigendafélags Grundarfjarðar.



Gunnar Njálsson heldur ræðu er fjórir félagar voru heiðraðir á aðalfundinum 2011. Mynd: GN

Gert var samkomulag milli bæjarfélagsins, hesteigendafélagsins og Skógræktarfélagsins um að færa bæjargirðinguna og þar með hestagirðinguna upp fyrir Hellnafellin og stækkaði skógræktarsvæðið um 13 hektara. Samningur um hið nýja Landgræðsluskógasvæði milli bæjarfélagsins og Skógræktarfélagsins var gerður árið 2002 og þinglýstur. Hinu nýja og stækkaða svæði var síðan gefið nafnið Brekkuskógur. Reiðvegur, sem einnig nýttist sem göngustígur, var lagður frá hesthúshverfi gegnum skógarreitina neðan undir Fellunum austur í Grafargil og áfram ofan við Gröf að iðnaðarhverfinu við Kverná. Einnig var leitað til bæjarstjórnar árið 2002 um möguleika á að taka Grafarbrekkurnar í fóstur með trjárækt.

Gerðar voru skipulagstillögur um trjárækt og íbúabyggð á þessu svæði. Grænn trefill er hugtak sem hefur verið í umræðunni við skógræktaráform hér á landi. Í fundargerð bæjarstjórnar, fundi nr. 48 – dags. 9. september 2004 stendur eftirfarandi:



Gunnar Njálsson tekur til hendinni ásamt sjálfboda-
liðum. Mynd: GN

Grundarfjarðarbær hefur samþykkt að stefna að trjárækt ofan við þéttbýlið. Þannig verði byggðinni í Grundarfirði skýlt með „fjölbreyttum, sjálfbærum skógi sem skapi aðlaðandi vettvang til útivistar og heilsubótar fyrir íbúa og gesti“ eins og segir í kynningu Jóns Geirs Péturssonar sem hann vann fyrir Grundarfjarðarbæ 2006. Skógræktarfélag Eyrarsveitar hefur fylgst með þessum áformum sem falla mjög vel að stefnu og tilgangi þess.

Árið 2017 er kominn hugur í fólk að endurvekja þessi áform.

Helstu tegundir í Brekkuskógi eru sitkagreni og birki. Elstu reitirnir eru í Fellsási og lítill sitkabastarðsreitur ofan við ölkeldu. Í Fellsás má sjá vöxtulegt blágreni, sitkagreni og sitkabastarð frá fyrstu árum gróðursetningar. Ilmreynir, alaskaaspir og bergfurur eru víða ásamt trjásafni vestan Fellsáss. Síðustu ár hefur birki verið gróðursett uppi á Fellunum.

Deilan um íbúabyggð

Í ársbyrjun 2007 átti Gunnar Njálsson formaður fund með bæjarstjóra um hugmyndir bæjaryfirvalda um byggð ofan við ölkeldu alveg upp að reiðvegi og vegalagningu sem greinilegt var að færi yfir hið nýja aðkomusvæði skógræktarinnar austan við Hjaltalínsholt. Það sem eftir lifði árs einkenndist sambúðin af áhyggjum og deilum milli skógræktarinnar og skipulagsyfirvalda sem endaði með því að framkvæmdastjóri og formaður Skógræktarfélags Íslands komu til að



Gunnar Njálsson formaður vinnur við göngustígagerð gegnum blágrenilundinn í Fellsásnum vorið 2004. Karen Líf dóttir hans hjálpar til. Mynd: Kjartan Nóason



Fyrsta torgtréð 2012. Mynd: Sunna Njálsdóttir

líta á aðstæður og héldu þeir fund með skógræktarfólki og bæjaryfirvöldum. Þeim leist illa á að setja þarna íbúabyggð, vernda ætti landslagsheildina og trjágróður sem þegar væri fyrir. Þann 7. nóvember var haldinn fundur í Skógræktarfélaginu þar sem samin var ályktun til bæjarstjórnar



Grunnskólabörn planta Yrkjuplöntum við Grafargil. Mynd: GN

þar sem þessum hugmyndum var mótmælt. Bent var á að fólk innan Skógræktarfélagsins og annað áhugafólk um skógrækt í byggðarlaginu legði fram vinnu við gróðursetningu trjáplantna og gæti illa sætt sig við íbúabyggð á þessu svæði. Þar hefði verið gróðursett af hugsjón og má nefna Yrkjuplöntur á vegum grunnskólans austarlega á svæðinu og meðfram Grafargili. Það þokaðist illa að sannfæra bæjaryfirvöld um að hætta við þessar framkvæmdir en þó var dregið úr umfangi byggingalóða á svæðinu. Ári seinna þvarr áhugi bæjaryfirvalda á að byggja ofan ölkeldu og hugmyndir um grænan trefil í Grafarbrekkum fóru í salt.

Skógræktarstarfið

Brynjólfur Jónsson, Jón Geir Pétursson og Jón Ásgeir Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands hafa verið duglegir að líta eftir okkur í Skógræktarfélaginu og gefa



Sumarið 2015 voru 35 ár liðin frá kosningu Vigdísar Finnbogadóttur til forseta Íslands. Í tilefni af því var þremur birkitrjám plantað undir Innra Fellinu í blíðskaparveðri í góðum félagsskap barna og fullorðinna. Mynd: GN

góð ráð og verður það seint fullpakkað. Sumarvöxtur á trjám hefur verið ótrúlega góður að okkar mati enda hefur veðurfar farið hlýnandi á Íslandi eftir kuldatímabil árána eftir 1960.

Stjórnarfolk Skógræktarfélags Eyrarsveitar er duglegt að mæta á fulltrúafundi skógræktarfélaganna á Vesturlandi og aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Þrátt fyrir smæð og lágan aldur bauðst félagið til

að halda aðalfund Skógræktarfélags Íslands 2011 og lögðum við til fundarstaðinn sem var Fjölbautaskóli Snæfellinga, glæsileg salarkynni og góð aðstaða til að halda stóran fund. Undirbúningur fór í fullan gang og var aðalfundurinn haldinn dagana 2. – 4. september og sóttu hann hátt á annað hundrað fulltrúar og þótti takast vel. Haldin voru erindi og málefni skógræktar á Íslandi rædd. Arnór Páll Kristjánsson fjallaði m.a. um sögu skógræktar og mannlífs í Eyrarsveit fyrr og nú.

Farið var í skoðunarferð um nágrennið, hið nýja aðkomusvæði í Brekkuskógi var vígt og keyrt inn í Eiðisskóg til að líta á landgræðsluskóginn. Eftir berjatinu og rölt inn í skógræktina var rennt út í Ólafsvík og Skógræktarfélagið þar heimsótt í skógarlundi við rafstöðina við Rjúkanda. Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli bauð upp á miðdegishressingu í Tröð við Hellissand en þar hefur verið Opinn skógur síðan 2006. Um kvöldið var haldinn



Stjórnarfundur á Eiði árið 2009. Frá vinstri Sunna Njálsdóttir, Arnór Páll Kristjánsson, Auður Jónasdóttir, Guðmundur Pálsson og Þórunn Kristinsdóttir. Mynd: GN



Arnór Páll Kristjánsson fyrrverandi formaður. Mynd tekin um 1995. Mynd: Brynjólfur Jónsson

hátiðdarkvöldverður í Fjölbrautaskólanum. Voru fjórir félagar í Skógræktarfélagi Eyrarsveitar heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins og skógræktar og voru það Pálína Gísladóttir frá Spjör, Vigdís Gunnarsdóttir frá Skallabúðum og hjónin Arnór Páll Kristjánsson og Auður Jónasdóttir frá Eiði.

Gegnum árin hefur verið sótt í styrktar-sjóði til að fjármagna hin ýmsu verkefni félagsins ofan byggðar í Brekkuskógi og í Eiðisskógi. Það er metnaður félagsins að hafa gott aðgengi að skógræktar-svæðunum, útbúa göngustíga, merkingar og upplýsingar um svæðin og trjategundir. Styrkir hafa fengist frá Landgræðslu-sjóði, Pokasjóði og Skeljungi vegna ýmissa verkefna. Möl og annað efni er sótt til stígagerðar og unglingar úr bæjarvinnunni hafa safnað greinum og fleiru eftir grisjun og snyrtingu á trjám sem Gunnar Njálsson

hefur stjórnað og unnið að mestu og eru stígarnir í Fellsásnum hans verk ásamt Kjartani Nóasyni, sem lagði einnig hönd á reku. Eitt sumarið komu ungmenni úr alþjóðlegum sjálfbodaðilíðasamtökum og unnu að stígagerð víða í sveitarfélaginu. Unnið var að gerð aðkomusvæðis í Brekkuskógi með fallegum plöntum, kolagrilli og setbekkjum. Í Eiðisskógi og Brekkuskógi eru komin upp aðkomuskilti sem bjóða fólki velkomið í skógana.

Björgunarsveitin Klakkur gaf að eigin frumkvæði eftir jólatrésöluna til Skógræktarfélagsins sem sá um hana fram yfir aldamótin. Þegar hægt var að bjóða upp á jólatré úr reitum félagsins tók Lionsklúbburinn við sölu á erlendum trjám. Jólatré úr Brekkuskógi hafa prýtt bæjartorgið á jolum og einnig Grundarfjarðarkirkju í nokkur ár.

Unglingar úr vinnuskólanum hafa plantað í Brekkuskógi nokkur sumur ásamt flokksstjórum og félögum Skógræktarfélagsins. Þórunn Kristinsdóttir, sem er



Gunnar Njálsson formaður við sömu trén árið 2006. Mynd: Jón Geir Pétursson

ritari í stjórn félagsins, og Guðmundur Pálsson hennar maður hafa unnið við gróðursetningu trjáplantna í nokkur ár. Guðrún Lilja Arnórsdóttir og fjölskylda á Eiði hafa unnið við gróðursetningar í Eiðisskógi og séð um viðhald á girðingunni ásamt Arnóri föður sínum. Gunnar Njálsson formaður félagsins síðustu ár og fjölskylda hans hafa lagt til aðstöðu á lóð sinni og vinnu við plöntun og umhirðu. Fólk úr stjórninni og aðrir áhugasamir hafa lagt lið við útplöntun trjáa í báðum skógarreitum og er framlag þeirra seint fullþakkað. Kraftar fólks á vegum átaks Vinnumálastofnunar gegn atvinnuleysi nýttust vel og skólabörn rækta Yrkjulundinn sinn.

Yrkja úthlutar grunnskólabörnum trjáplöntum til gróðursetningar. Yrkjuplöntum hefur verið plantað í Eiðisskógi í sérstakan grunnskólareit og í Brekkuskógi í holtin ofan við Ölkeldu, undir Innra Hellnafelli og meðfram Grafargili upp undir vatnstank. Sumarið 2015 voru 35 ár liðin frá kosningu Vigdísar til forseta Íslands. Í tilefni af því var þremur birkitrjám plantað undir Innra Fellinu í blíðskaparveðri í góðum félagsskap barna og fullorðinna.

Skógræktarstarf stendur og fellur með nokkrum hugsjónamönnum sem leggja á sig mikla vinnu fyrir félagið sitt og samfélagið. Stuðningur hvers sveitarfélags við starf og vöxt skógræktarfélags byggðarinnar skiptir miklu máli og styður þessa sönnu hugsjón, að græða lítt gróið land og blásna mela og skila landinu til síns upprunalega horfs eins og það var við landnám. Stjórn félagsins er þakklát öllum þeim sem hafa og vilja leggja lið og síðustu ár er nýtt og yngra fólk að koma inn í stjórn félagsins með tengingu við nýja samskiptamiðla.

Formenn félagsins

Þau sem hafa verið formenn skógræktarfélags Eyrarsveitar eru: Skúli Skúlason frá



Vorið 2015 voru hjónin Arnór og Auður heiðruð fyrir áratuga störf fyrir Skógræktarfélag Eyrarsveitar. Þeim voru færðir tveir kertastjakar sem eru unnir úr efnivið úr skóginum af Ernu Njálsdóttur. Mynd: GN

1986 til 1989, Guðlaug Guðmundsdóttir frá 1989 til 1990, Arnór Páll Kristjánsson frá 1990 til 2001 og Gunnar Njálsson frá 2001. Núverandi stjórn skipa: Gunnar Njálsson formaður, Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir gjaldkeri og Þórunn Kristinsdóttir ritari. Í varastjórn eru: Jón Pétur Pétursson, Sunna Njálsdóttir og Hjálmar Gunnarsson. Arnór á Eiði hefur verið í stjórn félagsins frá endurstofnun þess árið 1986, formaður frá 1990 til 2001 og gjaldkeri til ársins 2015, er hann lét af stjórnarstörfum eftir farsæl ár og er það víst að hann lítur þakklátum augum yfir afrakstur liðinna ára í störfum sínum með Skógræktarfélaginu og að sjá gróskumikla skóga vaxa upp hér í sveit.

Höfundur: GUNNAR NJÁLSSON



Fjallasalir, strönd og haf:

Fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Alberta og Bresku-Kólumbíu

Inngangur

Skógræktarfélag Íslands hefur nú í þrjá áratugi staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grundu og var ferð ársins 2017 farin til Bresku-Kólumbíu og Alberta í Kanada. Héldu rúmlega 50 manns vestur á bóginn dagana 9. – 20. september og komust færri að en vildu. Fararstjórar voru þau Jónas Þór frá Bændaferðum og greinarhöfundur, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands. Í greininni verður byrjað á því að segja stuttlega frá Bresku-Kólumbíu og þá sérstaklega skógum fylkisins og svo farið yfir það helsta sem gert var í ferðinni.

Breska-Kólumbía

Breska-Kólumbía er vestasta fylki Kanada, við Kyrrahafsströnd landsins. Talið er að

forfeður frumbyggja svæðisins hafi sest þar að fyrir a.m.k. tíu þúsund árum. Frá því fólki urðu til yfir 200 ættbálkar indíána, eða „fyrstu þjóðar“ (*First Nations*) eins og þeir eru kallaðir í Kanada. Upprunalega voru þetta allt safnarar og veiðimenn, en með tímanum þróaðist föst byggð í hluta fylkisins við ströndina, grundvölluð á nægu fæðuframboði úr gjöfulem laxveiðiám svæðisins og sjávarfangi. Í þorpum indíánanna þróaðist mikið handverk og eru útskornar og málaðar tótem-súlur einna þekktasta afurðin þar. Evrópubúar fóru að koma til svæðisins um miðja 18. öld í könnunarleiðangra og báru með sér sjúkdóma sem frumbyggjarnir höfðu enga móttöðu gegn. Strax á 8. áratug 18. aldar er talið að bólusótt hafi drepð um þriðjung



Ein tákmynd Bresku-Kólumbíu nú er hin sérstaka útskurðarhefð frumbyggja svæðisins, sérstaklega Haida-indíánanna, þar sem tótem-súlur þeirra eru einna þekktastar. Þessi súla, kölluð „Hrafnasúla“, stendur í miðbæ Jasper. Mynd: RF

frumbyggja svæðisins og síðari faraldrar leiddu til hruns í fólksfjölda, jafnvel svo að evrópskir landkönnuðir komu að heilu þorpunum í eyði, þar sem sóttin hafði borist á undan þeim. Þeim frumbyggjum sem lifðu af var með tíð og tíma komið fyrir á verndarsvæðum, en um 1.700 slík er nú að finna í fylkinu.

Fyrsta byggð Breta var stofnsett árið 1843, í Victoria á Vancouver-eyju og er það nú höfuðborg fylkisins. Mynduðust fleiri þorp og bæir í kjölfarið, bæði á eyjunni og meginlandinu. Árið 1866 varð sameinuð Breska-Kólumbía til og fimm árum síðar, árið 1871, varð Breska-Kólumbía sjötta fylki Kanada, en landið Kanada hafði verið formlega stofnað með lögum árið 1867 og fagnar því 150 ára afmæli í ár.

Efnahagur Bresku-Kólumbíu hefur löngum byggst á ríkum náttúruauðlindum og hafa skógarhögg, námuvinnsla, landbúnaður og fiskveiðar skipað þar stóran sess, sem og verslun og þjónusta, enda fylkið flutningamiðstöð - með stórar

Kyrrahafshafnir og endastöð lestar sem liggur þvert yfir Kanada. Ferðaþjónusta skipar líka stóran sess.

Íbúar Bresku-Kólumbíu eru nú tæpar 4,8 milljónir og búa flestir syðst í fylkinu, í Vancouver-borg, höfuðborginni Victoria og nálægum svæðum. Vegna þess hve seint fylkið byggðist upp (fyrir utan frumbyggjana) eru innflytjendur hátt hlutfall íbúa og kemur stór hluti þeirra frá SA-Asíu – Kína, Indlandi, Kóreu, Japan og Filippseyjum. Hlutfall Kínverja er sérstaklega hátt, miðað við aðra hluta Kanada, og er í Vancouver meðal annars stærsta Kínahverfi Kanada.

Breska-Kólumbía er stór að flatarmáli, rúmlega 940.000 km² eða rúmlega níu sinnum Ísland. Um 94% lands í Bresku-Kólumbíu er svokallað „krúnuland“ (*Crown land*) í eigu fylkisins og stór hluti þess (um 2/3) er skógi klætt. Afgangurinn skiptist í lönd í einkaeigu og landsvæði sem falla undir alríkisstjórnina – þjóðgarða, verndarsvæði indíána og lönd kringum herstöðvar. Því má segja að nær allt land í fylkinu sé í ríkiseign.

Skógar Bresku-Kólumbíu

Landslag í Bresku-Kólumbíu er mjög fjölbreytt. Vestast er Kyrrahafsströndin – mjög vogskorin með fjalllendum eyjum úti fyrir, þeirra stærst er Vancouver-eyja. Þegar haldið er austur á bóginn ganga þrír stórir fjallgarðar upp eftir fylkinu – Strandfjöllin (*Coast Mountains*), sem renna syðst saman við Fossafjöllin (*Cascade Range*), sem liggja áfram suður eftir Bandaríkjunum, Innrifjöllin (*Interior Mountains*), sem ganga norður frá Innri hásléttunni (*Interior Plateau*) og svo Klettafjöllin austast. Austan við Klettafjöllin taka svo við sléttur, sem liggja um stóran hluta Kanada og Bandaríkjanna. Þetta fjölbreytta landslag þýðir að loftslag og veðurfar er mjög fjölbreytt. Út við ströndina gætur hafrænna áhrifa með mikilli úrkomu en inn á milli fjallgarðanna eru þurrkasvæði



Skógar setja mikinn svip á landslag í Bresku-Kólumbíu, enda þekja þeir um 2/3 hluta fylkisins. Þótt skógar í mismunandi hlutum fylkisins geti virst svipaðir að sjá úr fjarlægð, þar sem landslag er svipað, eins og í Strandfjöllunum (t.v.) og Klettafjöllunum (t.h.), er samsetning þeirra ólík, með marþöll ríkjandi í strandskógunum og blágreini og fjallaþöll í Klettafjöllunum. Myndir: RF

í regnskugga fjallanna. Innan Bresku-Kólumbíu er því bæði eina tempraða eyðimörk landsins og ein votlendasta veðurstöð N-Ameríku. Það þýðir svo aftur að skógar fylkisins eru mjög fjölbreyttir. Gróflega er fylkinu skipt í 14 vistsvæði (*biogeoclimatic zone*), sem flest draga nafn sitt af þeirri trjátegund sem einkennandi er fyrir viðkomandi svæði. Hverju svæði er svo skipt frekar upp í undirsvæði eftir loftslagi.

Skógarhögg á stórum skala hófst í lok 19. aldar og var verið að höggva náttúrulega skóga langt fram eftir 20. öldinni. Það er fyrst nú sem farið er að höggva skóg sem vaxið hefur upp eftir skógarhögg. Skógarhöggið hefur auðvitað haft nokkur áhrif á aldurssamsetningu skóganna, þar sem víða eru nú að vaxa upp mun yngri skógar en fyrir voru, en um fjórðungur skóga fylkisins er undir 80 ára að aldri. Á móti kemur að eldvarnir í skógum hafa lengt líftíma sumra skóga, en tæp 40% skóga fylkisins eru yfir 150 ára gamlir. Það er því stór hluti skóga fylkisins sem falla undir skilgreiningu á að vera „gamalskógur“ (*old-growth*), sem samkvæmt skilgreiningu er skógur yfir 250 ára við ströndina, en inn til landsins yfir 120 ára, fyrir stafafuru- og lauftrjáaskóga, og yfir 140 ára fyrir greni-

og degliskóga. Slíkir gamalskógar eru vistfræðilega mikilvægir, bæði fyrir dýralíf og plöntur skógarins, en auk þess hafa þeir trúarlegt og menningarlegt gildi fyrir frumbyggja fylkisins.

Þrátt fyrir stórfellt skógarhögg hefur þekja skóga í Bresku-Kólumbíu lítið dregist saman frá því Evrópubúar settust þar að, þar sem skógur er iðulega látinn vaxa upp aftur á höggnum svæðum. Aðeins um 2% lands í fylkinu hefur verið tekið undir landbúnað, þéttbýli, uppistöðulón, námur og aðra slíka mannvist.

Tegundir

Hinir fjölbreyttu skógar Bresku-Kólumbíu innihalda yfir fjörutíu mismunandi innlendar tegundir. Þar af eru ýmis barrtré, svo sem fura, greni, þinur, þöll og risalífviður algengust, en þau eru ríkjandi í næstum 90% skóga fylkisins. Einnig má finna lerkí, ývið og eini. Algengasta barrtréð er stafafura (*Pinus contorta*) og greni, en stafafuran vex við fjölbreyttari aðstæður en nokkur önnur tegund í fylkinu. Meðal annarra furutegunda í skógum fylkisins er gulfura (*Pinus ponderosa*), sem vex sunnarlega á þurrum svæðum inn á milli fjallgarðanna, hvítfura (*P. monticola*) og klettafura (*P. albicaulis*).



Svartgreni er algeng trjategund í skógum Bresku-Kólumbíu, sérstaklega norðar og hærra til fjalla. Það er mjög grannvaxið og þolir því snjóa nokkuð vel. Svartgreni er nytjategund og þykir til dæmis góð til pappírsframleiðslu. Mynd: RF

Grenitegundir eru meðal annars hvítgreni (*Picea glauca*) inn til landsins, blágreni (*P. engelmannii*) hátt uppi í fjöllum, sitkagreni (*P. sitchensis*) við ströndina og svartgreni (*P. mariana*) í barrskógum norðarlega og hátt til fjalla. Algengasti þinurinn er fjallaþinur (*Abies lasiocarpa*) sem vex, eins og nafnið gefur til kynna, hátt til fjalla. Silfurþinur (*A. amabilis*) vex út við ströndina og stórþinur (*A. grandis*) í suðurhluta fylkisins. Degli (*Pseudotsuga menziesii*) vex bæði í gróskumiklum strandskógum og þurrari skógum inn til landsins. Risalífviður (*Thuja plicata*) er opinbert tré Bresku-Kólumbíu og skipar stóran sess í siðum og venjum frumbyggja. Marþöll (*Tsuga heterophylla*) vex út við ströndina og upp í miðjar fjallshlíðar og fjallaþöll (*T. mertensiana*) upp til fjalla.

Laufré eru ekki algeng í skógum Bresku-Kólumbíu en þar má þó finna áhugaverðar tegundir, meðal annars stórblaða-

hlyn (*Acer macrophyllum*) og geireik (*Quercus garryana*), sem eingöngu finnast á Kyrrahafsströnd N-Ameríku. Algengustu lauftrjáategundirnar eru hins vegar nóturösp (*Populus tremuloides*), ýmsar elritegundir, alaskaösp (*P. balsamifera*, ssp. *trichocarpa*), balsamösp (*P. balsamifera*), víðitegundir, birki og hyrnir.

Í Bresku-Kólumbíu finnast einhver elstu tré Kanada, en þar má finna risalífviði, alaskasýpris (*Cupressus nootkatensis*) og fjallaþallir sem eru yfir 1.500 ára gamlar.

Skaðvaldar í skógum

Helstu skaðar á skógum í Bresku-Kólumbíu verða vegna skógarelda, skordýra og sjúkdóma. Skordýr eru þar einna stórtækust, en skaðar af þeirra völdum sveiflast mikið milli ára. Þar eru barkarbjöllur aðal sökudólgar, en margar slíkar tegundir má finna í Bresku-Kólumbíu og eru það fjórar þeirra sem eru til vandræða.



Það eru ýmsar plágur sem herja á skógana í Bresku-Kólumbíu. Hér er það lirfa mölfluggu (*Phyllocnistis populiella*) sem leggst á asparlauf og borar sig svona snyrtilega um laufið. Mynd: RF

Rétt fyrir síðustu aldamót komu nokkrir tiltölulega hlýir vetur og blússuðu upp bjöllumfaraldrar eftir það, sem hafa ítrekað komið upp aftur síðan. Ýmis önnur kvikindi eru þó til vandræða einnig og má í ágætri handbók sem ráðuneyti skógarmála gaf út (*Field guide to Forest Damage in British Columbia*)¹ finna umfjöllun um einar 60 tegundir skordýra sem valdið geta skaða á trjám.

Tíðni skógarelda sveiflast einnig töluvert milli ára. Skógareldar eru náttúrulegur hluti af vistkerfi flestra skóga í Bresku-Kólumbíu – stafafura þarf eld eða hita til að opna könglana og losa fræ og tegundir eins og degli, gulfura og risalerki eru með þykkan bork sem gerir þeim kleift að þola elda sem hreinsa út samkeppnistegundir. Hefur verið áætlað að áður en eldvarnir í skógum voru teknar upp í upphafi 20. aldar hafi að meðaltali brunnið um hálf milljón hektara af skógi á ári. Undanfarinn áratug hefur það sveiflast frá rúmlega

tíu þúsund hekturum yfir í vel á fjórða hundrað þúsund hektara.

Skógar Bresku-Kólumbíu þurfa einnig að glíma við ýmsa sjúkdóma sem leggjast á trén. Í fyrrnefndri handbók eru taldir til hátt í 60 sjúkdómar, sérstaklega í barrtrjám. Er þar meðal annars um að ræða rot, ryð og átur. Aðrir þættir sem valdið geta skaða eru veðurfar (stormar, frost, þurrkur) og svo blessuð dýrin sem búa í skóginum, en þar geta meðal annars elgir, hirtir, íkornar, hérar og kanínur, stúfmýs og trjáíglar verið sökudólgar.

Umsýsla skógarmála

Með umsýslu krúnulands í eigu fylkisins fer Ráðuneyti skóga, lands og náttúruauðlinda (*Ministry of Forests, Lands and Natural Resource Operations*). Skógar í þjóðgörðum, verndarsvæðum indíána og innan herstöðva falla svo undir alríkisstjórnina. Það er því hið opinbera sem stýrir að mestu hvar, hvenær og hvernig skógarauðlindin er nýtt í fylkinu.

Samkvæmt lögum er fastsett það magn sem fella má í skógum í opinberri eigu á hverju ári og er úthlutað leyfum til þess til fyrirtækja, frumbyggja, sveitarfélaga og einstaklinga. Greiða þarf gjald fyrir það sem hoggið er og fylgja lögum og reglum um m.a. verkskipulag, vegagerð og endurheimt skóga að fellingu lokinni. Er þessum reglum ætlað að vernda önnur not og gildi skógarins – vatnsvernd, lífbreytileika, búsvæði dýra og fleira. Svipað gildir um aðra landnýtingu – fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um leyfi fyrir tiltekinni landnýtingu fyrir afmarkað svæði og það fer svo eftir eðli og umfangi landnýtingar hvernig leyfi er veitt, þ.e. til hversu langs tíma og með hvaða skilyrðum. Sér lög eru svo í gildi um skóga á einkalandi.

Skógariðnaður

Efnahagur Bresku-Kólumbíu hefur sögulega séð byggst mikið á náttúruauðlindum fylkisins og þar hefur skógar-

iðnaður vegið hvað þýngst, sérstaklega í dreifðari byggðum. Fyrirtæki í geiranum eru rúmlega 7.000 talsins, flest innan frumvinnslu (skógarhöggs og gróðursetningar). Alls vinna um 60.000 manns við skógariðnaðinn, þar af rúmlega helmingur við framleiðslu ýmissa viðarafurða.

Frá skógariðnaðinum kemur rúmlega 1/3 hluti útflutningstekna og þar eru Bandaríkin og Kína stærstu viðskiptavinirnir, með um ¾ útflutningsins. Aðrir mikilvægir markaðir eru Japan, S-Kórea, Indónesía og Bretland. Mest er flutt út af borðviði, en einnig töluvert af bolum, pappír, viðarkvoðu og viðarköggjum.

Skógarhögg er nokkuð jafnt milli ára, en árlega eru felldir um 200.000 ha af skógi, sem samsvarar um 0,3% skóga fylkisins. Gefur það af sér um 60-70 milljónir rúmmetra af timbri og eru tæp 98% þess barrviður, enda yfirgnæfandi meirihluta skógarins barrtré. Út við ströndina er mest fellt af þöll, þin, risalífvið og degli,



Iðnaður tengdur nýtingu skóga skipar stóran sess í efnahag Bresku-Kólumbíu, sérstaklega í dreifðari byggðum, og mátti víða sjá þess merki – flutningabíla og lestir að flytja skógarafurðir, sögunarmyllur og aðrar viðarvinnslur og boli fleytt á ám. Þessi myndarlegu og flokkuðu stæður af bolum gat að líta í Merritt. Mynd: RF



Ferðalangar fengu bæði fræðslu og hinn finasta hádegismat í Fensala Hall í Íslendinganýlendunni í Markerville. Mynd: RF

en inn til landsins stafafura, greni og þínir. Endurgróðursett er í um 80% þess lands sem felld er á og stuðst við sjálfsáningu á því sem eftir er. Árlega eru gróðursettir að jafnaði um 220 milljónir trjáplantna. Sérstakt átak – Skógar morgundagsins (*Forests for Tomorrow*) hefur verið í gangi síðan 2005 um gróðursetningar á svæðum sem hafa farið illa út úr barkarbjöllu-faröldrum.

Ferðasaga

Ferðalagið hófst á flugi til höfuðborgar Alberta fylkis, Edmonton, síðdegis laugardaginn 9. september. Ekki var gert meira þann dag en að koma ferðalöngum á hótél í Leduc, einni útborg Edmonton, en þar var gist fyrstu tvær næturnar.

Sunnudagur 10. september

Fyrsti heili dagurinn í Vesturheimi var tileinkaður Vestur-Íslendingum og þá sérstaklega Stefáni G. Guðmundssyni, eða Stephan G. Stephansson, eins og hann er

þekktur þar ytra. Farið var í dagsferð til heimabæjar hans í Alberta, Markerville, sem er um 170 km fyrir sunnan Edmonton. Þar var byrjað á að fara í hádegismat í samkomuhúsi bæjarins, Fensala Hall, sem kvenfélagið í bænum sá um. Að mat loknum var ferðalöngunum skipt í tvo hópa og haldið í gönguferð um bæinn undir leiðsögn heimakvenna. Markerville er ekki stór bær í dag, en þar búa nú um 50 manns, en í upphafi 20. aldar var þar blómleg byggð um 400 Vestur-Íslendinga.



Hús Stephan G. Stephansson í Markerville, sem nú er safn. Mynd: RF



Vísundahjörð á Alberta Bison Ranch. Bóndinn, Neil Hochstein, ræktar þar sléttuvísunda og leggur áherslu á að þeir fái að vaxa úr grasi eins náttúrulega og hægt er. Vísundarnir ganga eins frjalsir um og hægt er og hvorki eru notaðir hormónar né sýklalyf við ræktunina. Mynd: RF

Má víða sjá hús og skilti er marka fyrri starfsemi í bænum – mjólkurbú (sem nú er safn), kirkju, smiðju, verslun, skólahús og fleira. Í mjólkurbúinu er nú safn um bæinn og Stephan G. sérstaklega.

Úr miðbæ Markerville var svo haldið að húsi Stephan G. Stephansson, en þar er búið að setja upp myndarleg upplýsingaskilti um hann, enda húsið á skrá yfir sögustaði fyrir Alberta (*Alberta Historic Site*). Í húsinu tóku tvær stúlkur, í fatnaði eins og konur klæddust um 1920, á móti hópnum með nýbakaðar smákökur, bakaðar í ofninum í húsinu og gátu ferðalangarnir gætt sér á þeim á meðan húsið var skoðað. Að heimsókninni lokinni var svo haldið aftur á hótél í Leduc.

Mánudagur 11. september

Þennan dag var nágreanni Edmonton kvatt og stefnan tekin til Klettafjallanna. Á leiðinni þangað var litið í heimsókn til bónda, Neil Hochstein, sem ræktar vísunda. Voru ferðalangar settir upp á vagn, með sæti úr heyböggum og svo ekið í rólegheitum út í haga að vísundahjörð, þar sem Neil sagði nánar frá dýrunum og

starfsemi búgarðs síns. Var virkilega gaman að sjá vísundana í návígi, enda stór og tilkomumikil dýr á ferðinni, auk þess sem þau eru auðvitað ein af táknum villta vestursins. Þegar allir ferðalangarnir voru búnir að fá ökutúr um hagann var haldið heim að býli Neil, þar sem boðið var upp á ýmsan varning úr búrekstrinum, meðal annars þurrkað vísundakjöt, auk þess sem sagt var nánar frá búrekstrinum. Mátti sjá ýmis önnur dýr við býlið – gæsir, geit, hesta, kýr og múlasna.

Því næst var haldið til Rochfort Bridge Trading Post í hádegismat, þar sem boðið var upp á vísundaborgara. Að hádegismat loknum var haldið áfram vestur á bóginn til náttstaðar í Hinton, litlum bæ um 30 km frá Jasper þjóðgarðinum, en í Hinton var gíst næstu tvær nætur.

Þriðjudagur 12. september

Þessi dagur var helgaður Jasper þjóðgarðinum, en hann er stærsti þjóðgarður Klettafjalla, tæplega 11 þúsund ferkílómetrar að stærð og þekktur fyrir mikla náttúrufergurð – fjöll og tinda, jökla, fossa, hverir og stöðuvötn. Haldið var beint til bæjarins



Útsýni yfir Jasper frá Whistlers Mountain. Endastöð kláfsins sem liggur upp á fjallið er í um 2.300 m hæð og komið að mestu upp fyrir skógamörk. Jafnvel þótt nokkuð væri skýjað var útsýnið stórkostlegt og forvitnilegt að hugsa til þess hvernig það væri þegar er alveg heiðskírt! Mynd: RF

Jasper, sem er miðstöðin fyrir þjóðgarðinn og er svokallað „sérstakt sveitarfélag“ (*specialized municipality*), en stjórnsýsla þar skiptist milli sveitarfélagsins og Parks Canada, þjóðgarðastofnunar Kanada. Þar var fyrst á dagskrá að fara með kláfi, Jasper Skytram, upp á Whistlers Mountain fjallið til að njóta útsýnis yfir bæinn og nágrenni. Nokkur óvissa var á leiðinni að Jasper með þessa ferð, þar sem heldur var þungbúið og lágskýjað á leiðinni, en þegar komið var til bæjarins mátti sjá efri stöð kláfsins og því ákveðið að halda upp. Þegar upp var komið var þokuslæða að læðast yfir og læðast aftur frá, sem setti ákveðinn dulúðugan blæ á landslagið á fjallinu. Þess á milli mátti njóta útsýnisins, enda víðsýnt af fjallinu.

Frá kláfnum var svo haldið niður í miðbæ Jasper, en þar var gefinn frjáls tími í bænum. Nýttu ferðalangar sér það eftir áhugamálum – kíktu í búðir, komu við á veitingahúsi, eða héldu út í skóg við bæinn

til að skoða tré og annan gróður. Þótt Jasper sé ekki stór – íbúafjöldi er aðeins um 4.600 – er mikið við að vera þökk sé ferðapjónustunni, enda heimsækja um tvær milljónir manna Jasper þjóðgarðinn árlega og stór hluti þeirra kemur við í bænum. Dagurinn endaði svo með akstri til baka til Hinton.



Skógarnir í kringum Jasper voru margir ansi rauðleitir að sjá og stafar það af skemmdum af völdum barkarbjöllu, en skæðir faraldrar hennar hafa gengið yfir á síðustu árum. Mynd: RF



Athabasca Falls fossinn er vinsæll meðal ferðamanna, enda um kröftugan foss að ræða. Ef vel er rýnt í myndina má sjá ferðalanga á göngustíg ofan við fossinn, sem gefur vísbendingu um stærð hans. Mynd: RF

Miðvikudagur 13. september

Nú var stefnan tekin til Banff. Dagurinn byrjaði ekki nógu vel, en úrhellisrigning var í Hinton þegar haldið var af stað og hélst rigning langleiðina til Jasper. Þá kom sér vel að hafa ekið þá leið daginn áður í góðu skyggni. Þegar komið var að Jasper var að mestu stytt upp og því hægt að njóta útsýnis úr bílnum þegar ekið var áfram. Fyrsti viðkomustaður dagsins var við Athabasca Falls fossinn. Fossinn er um 23 m hár og fellur af krafti niður í djúpt gljúfur. Búið er að byggja góða útsýnis-palla og stíga við fossinn, þar sem hægt er að skoða hann frá ýmsum sjónarhornum og úr mismunandi hæð. Höfðu nokkrir ferðalanganna á orði að ekki veitti af álíka mannvirki við suma fossa á Íslandi, til að stýra umferð ferðamanna við þá.

Eftir skoðun á fossinum var haldið áfram eftir þjóðvegi 93, sem kallast á þessari leið Icefields Parkway („Jöklavegurinn“) en það er vegakaflinn frá Jasper til Lake

Louise í Banff þjóðgarðinum. Þykir hann með fallettri vegum að aka eftir, þar sem hann liðast í gegnum fjallalandslag með háum fjallatindum og djúpum dölum, ám og lækjum, vötnum og jöklum. Þegar hér var komið sögu voru skýin aftur farin að vera heldur nærri jörðinni á köflum, þannig að útsýnið var nokkuð mismikið á leiðinni en fjöllin voru eftir sem áður tilkomumikil, þótt þakin væru skýjum að hluta og alls staðar sást til skóga! Næst var áð við Columbia Icefield jökulinn, en þar er stór þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn. Takmarkað sást í jökulinn sökum súldar, en stoppið var nýtt til hádegisverðar. Áfram var haldið eftir Jöklaveginum og gerð stutt stopp við hentuga útsýnisstaði þegar þannig viðraði. Gert var aðeins lengra stopp við aðra ferðamannamiðstöð, Saskatchewan Crossing, til að ferðalangar gætu aðeins teygt úr sér og fengið sér hressingu.



Peyto Lake er mjög vinsælt meðal ljósmyndara, enda umhverfi þess fallett og blágrænn liturinn á vatninu mjög sérstakur.

Næst á dagskránni var Bow Summit, en þar er hæsti punktur Jöklavegarins, í tæplega 2.100 m hæð. Á leiðinni þangað kom örlítill snjókoma, þannig að þegar þangað var komið var farið að grána verulega í fjallatoppa og komin hvít slika á trén við áningarstaðinn. Frá Bow Summit er fallett útsýni yfir Peyto Lake, stórt stöðuvatn sem liggur um 200 m

neðar og hefur óvenjulegan og fallegan grænbláan lit, tilkominn vegna framburðar jökulleirs. Frá Bow Summit var haldið til síðasta viðkomustaðar dagsins, Lake Louise stöðuvatnsins, sem er með þekktari ferðamannastöðum í Klettafjöllunum. Vatnið situr í dalverpi, umlukið skógi klæddum fjöllum og er fódrað af jökli við fjarenda þess, en jökulleirinn þaðan gefur vatninu sérstæðan grænan lit. Eru góðar gönguleiðir við og út frá vatninu, þar sem njóta má útsýnis yfir vatnið og inn í skóginn í kring. Frá Lake Louise var svo haldið til náttstaðar í bænum Banff, sem er miðstöð Banff þjóðgarðsins.

Fimmtudagur 14. september

Samkvæmt dagskrá stóð til að fara í siglingu á stöðuvatni í nágrenni Banff, Lake Minnewanka, en þar sem heldur svalt var í veðri og þunghúið og því fyrirsjáanlegt að útsýni væri heldur takmarkað við vatnið, var ákveðið að sleppa siglingunni



Lake Louise stöðuvatnið, sem stendur við samnefndan bæ, er meðal þekktari áningarstaða í Klettafjöllunum, enda umhverfið fallett – sérstæður grænn litur á vatni sem umleikið er bröttum og skógi klæddum hlíðum. Mynd: RF



Ferðalangar úr íslenska hópnum á ferðinni í Cascade Gardens í miðbæ Banff. Myndarlega búsið efst til hægri eru höfuðstöðvar Parks Canada – þjóðgarðastofnunar Kanada – fyrir Banff þjóðgarðinn. Mynd: RF

og gefa ferðalöngunum frekar heilan dag á eigin vegum í Banff. Nýtti sér hver það eftir sínu áhugamáli. Banff er ekki stór bær, með tæplega 7.900 íbúa, en líkt og Jasper mjög vinsæll meðal ferðamanna, en í Banff þjóðgarðinn koma milli þrjár og fjórar milljónir ferðamanna árlega. Það er því ýmislegt hægt að sýsla í bænum – margir veitingastaðir, verslanir og söfn, en þeirra þekktast er líklega safn um indíána – Buffalo Nations Luxton Museum – og við miðstöð þjóðgarðsins í miðbænum er mjög skemmtilegur garður – Cascade Gardens. Auk þess er bærinn sjálfur nokkuð snotur að sjá og gaman að ganga um hann. Einnig eru margar gönguleiðir um skógana sem umlykja bæinn.

Föstudagur 15. september

Föstudagurinn 15. september var „ökudagur“, en fyrir lá að aka frá Banff yfir í Bresku-Kólumbíu, til bæjarins

Kelowna, en alls eru það hátt í 500 km. Banff kvaddi ferðalanganna með rigningu, en fljótlega stytta upp og var hið ágætasta veður það sem eftir lifði dags. Fyrsti áningarstaður var í smábænum Golden,



Sprengjuvarpa fyrir utan Rogers Pass upplýsingamiðstöðina. Á veturna eru slík tæki notuð, af kanadíska stórskotaliðinu (Royal Canadian Artillery) til að skjóta niður snjóhengjur (þ.e. koma af stað „stýrðum“ snjóflóðum) til að draga úr hættu á óvæntum snjóflóðum. Mynd: RF



Ward Strong og Barry Jaquish segja frá Kalamalka rammsóknastöðinni (Kalamalka Forestry Centre) en rammsóknir í henni lúta að því að bæta vöxt og þol fyrir plágum hjá nokkrum helstu skógartegundum Bresku-Kólumbíu, svo sem degli, stafafuru, hvítgreni, risalerki og hvítfuru. Mynd: RF

þar sem ferðalangar gátu teygt úr sér og fengið sér hressingu. Áfram var svo haldið í vesturátt og kom að því að sjá mátti reykt frá skógareldum stíga upp, en Breska-Kólumbía var búin að kljást við mikinn fjölda skógarelda yfir sumarið og sá ekki fyrir endann á þeim. Var því töluvert mistur á köflum á leiðinni af völdum reyks og fannst brunalyktin inn á milli inn í rútuna.

Næst var stoppað í Rogers Pass skarðinu, þar sem er lítil upplýsingamiðstöð, en skarðið er innan Glacier þjóðgarðsins. Er skarðið nefnt eftir A. B. Rogers majór, en honum var árið 1881 falið að finna skarð í gegnum fjöllin fyrir járnbrautarlestina, gegn 5.000 dollara greiðslu og því að skarðið yrði nefnt eftir honum. Tókst honum það ári síðar og ber skarðið því nafn hans. Það er annars þekkt fyrir mikil snjóalög og tilheyrandi snjóflóð og er reglulega gripið til þess að framkalla stýrð snjóflóð yfir veturinn, svo hægt sé að halda bæði vegi opnum og járnbrautarlest-

inni gangandi. Eru notaðar sprengjuvörpur til þess og mátti sjá sýnishorn af þeim fyrir utan upplýsingamiðstöðina. Akstur frá Rogers Pass gekk nokkuð hægt fyrst um sinn, vegna vegaframkvæmda sem í gangi voru, en ferðalangar náðu þó vel tímanlega til bæjarins Revelstoke, enda græddur



Sýnireitur af bæði greni og furu, þar sem bera mátti saman vöxt trjánna eftir uppruna fræs. Bæði var um að ræða ræktuð kvæmi og fræ af trjám teknum á mismunandi stöðum úti í náttúrunni. Eins og sjá má var töluverður munur á þrifum eftir uppruna. Mynd: RF



Tia Wagner, hjá Vernon Seed Orchard Company, við greni af annarri kynslóð (2nd generation). Trén í frægarðinum eru skilmerkilega merkt, svo auðvelt er að skrásetja uppruna fræsins sem af þeim kemur.



Pokar með könglum í þurrkun liggja í rekkum sem loftar um. Könglarnir eru svo sendir til annarrar stöðvar þar sem fræin eru tekin úr þeim. Mynd: RF

klukkutími þennan dag, þar sem farið var í nýtt tímabelti. Í Revelstoke var farið í hádegisverð og svo haldið áfram, með einu hressingarstoppi í smábænum Enderby, til Kelowna, en gist var þar næstu tvær nætur.

Laugardagur 16. september

Þessi dagur var helgaður frægörðum. Haldið var til bæjarins Vernon, þar sem byrjað var á að heimsækja rannsóknarstöðina Kalamalka Forestry Centre, þar

sem þeir Ward Strong, Barry Jaquish og Greg O'Neill tóku á móti hópnum. Ward er sérfræðingur í heilbrigði skóga og þoli gagnvart plágum, Barry er erfðafræðingur, með áherslu á ræktun lerkis, deglis og grenis og Greg er einnig erfðafræðingur, með séráherslu á aðlögun að loftslagsbreytingum.

Sögðu þeir frá tilurð rannsóknarstöðvarinnar, en hún var stofnsett 1976 og spannar alls um 40 ha svæði. Byrjuðu



Pegar haldið var frá Kelowna til strandarinnar fengu ferðalangarnir áminningu um þá miklu skógarelda sem geisað höfðu í fylkinu, en á nokkrum stöðum mátti sjá reyk stíga upp úr skóginum þar sem kveiktir höfðu verið stýrðir eldar, auk þess sem reykjarmóða lá yfir hluta leidarinnar. Mynd: RF



Í Capilano Suspension Bridge Park fengu ferðalangarnir að upplifa regnskóg, sem stóð alveg undir nafni þar sem rigningardembu gerði á meðan dvalið var þar. En ferðalangarnir létu það ekki á sig fá, enda ekki á hverjum degi sem hægt er að komast upp í svona stór tré! Mynd: RF

þeir á að sýna hópnum sýnireit upp við stöðvarhúsið, þar sem bera mátti saman ræktuð kvæmi og „villt tré“ (tré vaxin upp af fræjum söfnuðum í náttúrunni) og var auðsjáanlegt að betri vöxtur var í ræktuðu trjánum. Frá sýnireitnum leiddu þeir svo hópinn um stöðina, um hina ýmsu tilraunareiti. Meðal annars var skoðaður reitur með degli og greni, en ýmsar plágur herja á deglið og því reynt að finna kvæmi sem hafa betri mótstöðu fyrir þeim. Einnig var litið á safn hvítfuru, þar sem verið er að varðveita mismunandi klóna og grenireit, sem var hluti stærri tilraunar til að meta aðlögun að loftslagsbreytingum, en samsvarandi reitir voru settir út frá Yukon í norðri til suðurhluta Vancouver-eyju, til að meta þol mismunandi kvæma grenis fyrir mismunandi aðstæðum. Spilar þar inn í að til stendur að breyta því kerfi sem notað er til að velja tré til gróðursetningar. Nú er fylkinu skipt í mismunandi svæði og ber að nota kvæmi til endurgróðursetningar sem eru upprunninn innan ákveðinnar fjarlægðar og hæðarbils við trén sem felld voru, en



Í „sokkna garðinum“ í Butchart Gardens. Þar er búið að rækta upp yndisreit í gamalli námu. Mynd: RF



Butchart Gardens er þekktur fyrir mikið blómskrúð og var sérlega gaman að sjá bæði hversu margar blómtegundir má finna í garðinum og hversu skemmtilega þeim er raðað saman. Mynd: RF

samkvæmt nýju kerfi sem til stendur að koma á verða kvæmi valin út frá loftslagi. Einnig var kíkt á ræktunarbakka með klettafuru, sem er lítið notuð í skógrækt til timburnytja, en er í ræktun þar sem hún er vistfræðilega mikilvæg (fræ eru fæða fyrir dýr) en í hættu vegna ýmissa plága. Heimsókninni til Kalamalka lauk svo með því að þeim félögum Ward, Barry og Greg voru færðar gjafir og voru þeir svo kvaddir með söng.

Frá Kalamalka var haldið til Vernon Seed Orchard Company, sem er einkarekinn frægarður. Þar tóku þær stöllur Tia og Angie á móti hópnum og buðu meðal annars upp á heimabakaðar múffur, frá börnum Tia. Sögðu þær frá fyrirtækinu og starfsemi þess, en fyrirtækið sérhæfir sig í fræframleiðslu á þremur tegundum – hvítgreni, stafafuru og degli, bæði í stöðinni í Vernon og í frægarði í Quesnel, sem er rúmlega 500 km frá Vernon. Var stöðinni komið á fót 1989 og fyrstu trén sett niður ári síðar í Vernon, en í frægarðinum þar eru alls tæplega 24.000 tré. Fastir starfsmenn eru fjórir, en ráðnir eru 35-50 manns á haustin til að tína köngla af

trjánnum og eru það iðulega stúdentar að ná sér í auka pening.

Eftir fyrirlestur inni fór Tia með ferðalangana út. Sýndi hún hópnum skemmu þar sem verið var að þurrka könglana fyrir frekari verkun, en frá Vernon eru þeir sendir til stöðvar í Surrey (um 400 km frá) þar sem fræin eru tekin úr könglunum og geymd. Ýmislegt er líka gert til að hámarka fræframleiðsluna. Notast er við ágræðslu og ýmsum aðferðum beitt til að ýta undir könglaframleiðslu, meðal annars þurrkálagi, hormónum og barkarsæringu. Einnig er frjódufti safnað og það geymt, til að nota í árum þegar frjóframleiðsla er minni. Skoðaður var reitur með stafafuru og greni og mátti þar á stöku stað sjá ummerki eftir þær plágur sem herjað geta á frægarðinn. Markvisst er unnið með eftirlit með því og gripið til aðgerða ef þarf. Í lok heimsóknar var þeim Tia og Angie svo færðar gjafir og þakkað fyrir móttöku með söng. Að því loknu var haldið aftur til Kelowna, þar sem ferðalangarnir fengu frjálsan tíma það sem eftir lifði dags og nýttu ýmsir það til að kíkja í bæinn.



Útisvæðið við BC Forest Discovery Centre í Duncan. Á svæðinu mátti bæði sjá dæmi um gamlan húsakost og þau ýmsu tæki sem notuð voru við hinar ýmsu bliðar skógræktarinnar. Mynd: RF

Sunnudagur 17. september

Aftur var komið að „ökudegi“, en nú frá Kelowna út að Kyrrahafsströndinni, vel á fimmta hundrað kílómetra leið. Ekið var í ágætis veðri til smábæjarins Merritt, en þegar þangað var komið var komið nokkuð mistur af völdum reykjarmóðu. Í Merritt var tekið hressingarstopp, auk þess sem kíkjá mátti yfir götuna á viðarvinnslu og voru miklar timburstæður þar á hlaðinu. Aftur var tekið stutt hressingarstopp í bænum Hope, áður en haldið var til Chilliwack, þar sem snæddur var síðbúinn hádegismatur. Þaðan var svo haldið til Vancouver, fjölmennustu borgar Bresku-Kólumbíu. Þegar nær ströndinni dró fór að rigna, sem er alls ekki óalgengt á þeim slóðum. Á dagskránni hafði verið að fara með kláf upp á Grouse Mountain norður af Vancouver, en þaðan er mjög gott útsýni yfir borgina og ströndina. Þar sem rigndi töluvert var hins vegar ákveðið að sleppa því, enda fyrirsjáanlega ekkert útsýni af toppnum. Hins vegar var ákveðið að halda hinum dagskrárliðnum sem settur hafði verið í Vancouver - heimsókn í Capilano Suspension Bridge Park. Í garðinum er fræg hengibrú, tæpir 140 m á lengd, sem

spannar 70 m djúpt gljúfur og er hún vinsæl meðal ferðamanna, en hún fær um 800.000 gesti á ári. Í nágrenni brúarinnar er svo búið að byggja upp ýmsa aðra aðstöðu, svo sem fræðslustíga, þar á meðal gönguleið milli trjáa eftir hengibrúm og fer hún upp í 30 m hæð. Þegar hér var komið sögu var heldur búið að herða á rigningunni, þannig að stefnan var tekin til náttstaðar í Tsawwassen.

Mánudagur 18. september

Þennan dag var haldið til Vancouver-eyju. Farið var í ferju í Tsawwassen og siglt til Swartz Bay á eyjunni. Frá ferjustæðinu var stefnan tekin beint að einum frægasta viðkomustað ferðarinnar, Butchart Gardens garðinum, sem þekktur er fyrir mikið og fallegt blómskrúð. Garðurinn á sér nokkuð sérstæða sögu. Maður að nafni Robert Butchart hóf námuvinnslu á svæðinu um aldamótin 1900 og var vinnslu hætt 1909. Við blöstu mikil náttúruspjöll og þá tók eiginkonan til sinna ráða og hóf ræktun. Robert hreifst af framtaki frúarinnar og smitaðist af áhuga hennar. Saman unnu þau að sköpun þess listaverks sem garðurinn er í dag. Árið 1939 gáfu þau barnabarni

sínu garðinn, en nú er það barnabarna-barn sem á og rekur garðinn. Garðurinn er mjög vinsæll meðal ferðamanna, en um milljón manns leggja þangað leið sína árlega og er hann útnefndur sem „þjóðarlega mikilvægur kanadískur sögustaður“ (*National Historic Site of Canada*). Fengu ferðalangarnir frjálsan tíma til að skoða sig um í garðinum, en þar er margt að sjá – trjágróður, blómahaf af ýmsum toga, margvíslega gosbrunna og fleira. Einnig er þar stór verslun, þar sem kaupa má fræ, sérstaklega blómfræ, og nýttu ýmsir ferðalanga sér það.

Frá garðinum var svo haldið til Victoria, höfuðborgar Bresku-Kólumbíu, þar sem gist var næstu tvær nætur og var ekki gert meira þann dag. Þótt Victoria sé höfuðborg Bresku-Kólumbíu er hún langt í frá fjölmennasta borgin (nær aðeins um tíunda sæti), en íbúar þar eru um 86.000 og rúmlega 380 þúsund á stórhöfuðborgarsvæðinu. Hún hefur lengið verið fjölmenningarleg og er til dæmis næst elsta Kínahverfi (*Chinatown*) Ameríku að finna í henni (San Fransisco á það elsta). Borgin er vinsæl til búsetu meðal ellilífeyrisþega, þar sem í henni er milt loftslag og afslappað andrúmsloft.

Þriðjudagur 19. september

Dagurinn hófst með ferð til bæjarins Duncan, sem liggur um 60 km fyrir norðan Victoria. Þar var á dagskránni að heimsækja safn um skógarvinnslu í Bresku-Kólumbíu – BC Forest Discovery Centre. Þegar þangað var komið kom í ljós að búið var að breyta opnunartíma yfir í „hausttíma“ og safnið því lokað þennan dag. Þar sem stór hluti þess er utandyra og það svæði opið var farið að skoða þar. Síðan var bankað upp á hjá skrifstofu safnsins, þar sem sást til fólks þar í vinnu og féllust þau góðfúslega á að opna meginbyggingu safnsins og annað hús fyrir ferðalangana og gat hópurinn því skoðað þær upplýsingar sem þar var að finna um skógarhögg og vinnslu, en eins og áður hefur komið fram er það ein undirstöðuatvinnugrein fylkisins. Mátti á útisvæðinu sjá ýmsan vélakost sem notaður er í geiranum, lestir sem notaðar voru til flutninga og margt fleira. Auk þess hurfu nokkrir ferðafélaganna út í skóg við safnið að skoða trjágróðurinn, en þar mátti meðal annars sjá geireik, sem áður var nefnd og finnst eingöngu á Kyrrahafsströnd Ameríku.



Upplýsingaskilti í BC Forest Discovery Centre sem sýnir hin ýmsu tæki sem nota má til að flytja stóra boli, enda trjágróður í Bresku-Kólumbíu margur stór í sniðinu. Mynd: RF



Siglingaleiðin frá meginlandinu yfir til Vancouver-eyju liggur um falleg sund með ýmsum smærri eyjum og skerjum og var gaman að fylgjast bæði með landslaginu og annarri umferð um sundin. Mynd: RF

Að heimsókn lokinni var svo haldið til baka til Victoria, þar sem gefinn var frjáls tími. Nýttu margir sér það til að skoða sig um í miðbæ Victoria, en þar er margt að sjá– „Þjóðminjasafn“ Bresku-Kólumbíu (Royal BC Museum), þinghúsið, garð með tótem-súlum frumbyggja (Thunderbird Park) og fleiri áhugaverða garða, enda hefur Victoria viðurnefnið „Garðaborgin“ (*City of Gardens*). Einnig er mikið af veitingastöðum og búðum, sem hægt var að kíkja á.

Um kvöldið var svo blásið til hátíðar-kvöldverðar á hótelinu, þar sem þetta var síðasta kvöld ferðarinnar og framundan heimferð næsta dag.

Miðvikudagur 20. september

Dagurinn var tekinn snemma, enda vissara að vera mættur tímanlega til að ná örugglega ferju til meginlandsins. Sigld var sama leið og áður en í hina áttina, frá Swartz Bay til Tsawwassen. Þaðan var svo ekið beint upp á flugvöll í Vancouver, en flgið var þaðan heim.

Lokaorð

Það hefur lengi staðið til hjá Skógræktarfélagi Íslands að skipuleggja fræðsluferð til Bresku-Kólumbíu. Þegar fréttist að nú væri komið að því voru margir sem höfðu áhuga

á ferðinni og komust færri að en vildu, en vinsældir þjóðgarðanna eru slíkar, sérstaklega nú á 150 ára afmæli Kanada þegar frítt er í þá, að ekki reyndist möguleiki að fá gistingu fyrir stærri hóp. Þessar vinsældir koma held ég engum á óvart sem farið hefur um þetta svæði, sérstaklega Klettafjöllin. Bæði landslags- og skógafegurð er slík að unun er að. Á námsárum mínum í Bresku-Kólumbíu ferðaðist ég um stóran hluta þess svæðis sem nú var farið um.

Þrátt fyrir að hafa séð megnið af þessu áður var ég alveg tilbúin að fara í annað sinn og væri reyndar alveg tilbúin að fara aftur! Landslagið og skógarnir breyta svo um svip eftir árstíma, veðri og öðrum aðstæðum, að maður er sjaldnast búinn að upplifa staði fullkomlega þótt búið sé að fara einu sinni um. Það er því vel tilefni til annarrar ferðar til Bresku-Kólumbíu síðar.

Þakkir

Ferðalöngunum er þakkað fyrir ánægjulega samfylgd. Í ferð eins og þessari eru ýmis mál (svo sem matur, gisting og salerni) töluvert flóknari í framkvæmd heldur en þegar maður er einn á ferð, enda ekki allir staðir sem geta tekið á móti rúmlega 50 manna hópi. Það reynir því nokkuð á samvinnu þátttakenda og þolinmæði og reyndist þessi hópur almennt samstilltur

hvað það varðar. Jónasi eru færðar þakki fyrir fararstjórn og Judith bílstjóra fyrir akstur, en hún gerði sitt besta til að vera liðleg, bundin reglum um aksturstíma og vegalengd sem gilda í Kanada, en aksturs-tímareglur eru töluvert strangari þar en hérlandis.

Heimildir

BC Council of Forest Industries. á.á. Forest Facts. Af vefsíðu:

14.07.2017: www.cofi.org/forest-facts/.

Burleigh, J., T. Ebata, K.J. White, D. Rusch & H. Kope. (Eds.).

2014. Field Guide to Forest Damage in British Columbia. Crown Publications, Queen's Printer, Victoria. ISSN 0843-4719, no. 17.

Af vefsíðu 13.07.2017: www2.gov.bc.ca/assets/gov/environment/air-land-water/land/forest-health-docs/field_guide_to_forest_damage_in_bc_web.pdf.

Destination BC Corp. 2017. Super, Natural British Columbia – Canada. Af vefsíðu: 14.07.2017: www.hellobc.co.uk/.

Forestry Innovation Investment. 2017. B.C. FOREST SECTOR OVERVIEW. Af vefsíðu 13.07.2017: www.bcfii.ca/bc-forests-and-markets/bc-forest-sector-overview.

Ministry of Forests & Ministry of Sustainable Resource Management. 2003. British Columbia's Forests. A GEOGRAPHICAL

SNAPSHOT. Victoria, BC. ISBN 0-7726-5018-7. Af vefsíðu 13.07.2017: www.for.gov.bc.ca/hfd/pubs/docs/mr/mr112/BC_Forests_Geographical_Snapshot.pdf.

Ministry of Forests, Lands and Natural Resource Operations. á.á.

Heimasíða. Af vefsíðu 13.07.2017: www2.gov.bc.ca/gov/content/governments/organizational-structure/ministries-organizations/ministries/forest-and-natural-resource-operations.

Ministry of Forests, Lands and Natural Resource Operations. á.á. Biogeoclimatic zones of British Columbia. Af vefsíðu 19.07.2017: www.for.gov.bc.ca/hfd/library/documents/treebook/biogeoclimatic/biogeoclimatic.htm.

Strong, Ward B., Jaquish, Barry & O'Neill, Greg. Munnleg heimild. 16. september 2017.

The Butchart Gardens. 2017. The Butchart Gardens. Af vefsíðu 27.09.2017: www.butchartgardens.com/.

The Stephan G. Stephansson Icelandic Society. 1995. From Fire & Ice. A Markerville History. The Stephan G. Stephansson Icelandic Society.

Wagner, Tia. Munnleg heimild. 16. september 2017.

Wikipedia. 2017. British Columbia og tengdar síður. Af vefsíðu 13.07.2017: www.en.wikipedia.org/wiki/British_Columbia

Destination BC Corp. 2017. Super, Natural British Columbia – Canada. Af vefsíðu: 14.07.2017: www.hellobc.co.uk/.

1 www2.gov.bc.ca/assets/gov/environment/air-land-water/land/forest-health-docs/field_guide_to_forest_damage_in_bc_web.pdf

SKÓGFRÆÐI & LANDGRÆÐSLA

LBHLIS

NÁM TIL BS OG MS GRÁÐU. BODIÐ ER UPP Á TVÆR NÁMSLÍNUR:

SKÓGFRÆÐI

Í skógfræði er áhersla á skógin, bæði sem endurnýjanlega hráefnisauðlind á Íslandi og sem vistkerfi. Skipulag og nýsköpun, umhirða og ræktunartækni skógræktar.

LANDGRÆÐSLA

Í Landgræðslufræðum er áhersla á fræðilegan grunn og hagnýta þekkingu á sviði vistheimtar og sjálfbærrar landnýtingar, sem miðar að verndun og endurheimt gróðurs- og jarðvegsauðlinda.

BÚVÍSINDI

HESTAFRÆÐI


SKÓGFRÆÐI & LANDGRÆÐSLA

NÁTTÚRU- & UMhverfissfræði

UMhverfisskipulag

FRAMHALDSNÁM

STARFS- & ENDURMENNTUN



Vistsvæði (biogeoclimate zones)

Há fjalla túndra (alpine tundra)

Eitt stærsta vistsvæðið. Liggur í 1.000-2.000 m hæð. Landslag mótað af jöklum – jökulásar neðar og brattar hlíðar efst í fjöllum. Kalt loftslag og frost yfir sjö mánuði á ári, vindasamt og snjóþungt og gróður því takmarkaður. Trjátegundir eru lágvaxnar og oft kræklóttar – blágreni, fjallapöll, klettafura, alaskasýpris, stafafura, hvítgreni og fjallalerki.

Greni – víðir – birki (Spruce – willow – birch)

Fjallshlíðar nyrst (neðan við túndru). Kaldir, snjóþungir vetur, stutt og svöl sumur. Meðalvetrarhiti undir frostmarki, fer upp í 10°C yfir sumarmánuðina. Helstu trjátegundir eru fjallaþinur, víðir, runnakennt birki, hvítgreni, ösp, balsamösp og stafafura.

Norðlægt svart-og hvítgreni (Boreal black and white spruce)

Hluti stóra barrskógabeltis N-Kanada. Vetur langir og mjög kaldir, sumur stutt en heit. Lítil úrkoma. Tvö vistkerfi – skógar í hæðum og mýrar og fen (*muskeg*) í lægðum. Ofar í landi eru blandskógar nöturaspa og hvítgrenis og svo stafafuru og svartgrenis. Votlendari svæði hafa svartgreni og mýralerki.

Fura-greni (Sub boreal pine-spruce)

Einkennist af þurrum stafafuruskógum og miklu votlendi. Fæstar trjátegundir vistsvæða. Í regnskugga Strandfjalla – vetur og sumur þurr, kaldir vetur og svöl sumur. Gróðurvöxtur takmarkaður af þurrki. Stafafura einkennandi, hvítgreni í votlendari svæðum, en trjálaust í votlendum. Barkarbjalla skæð eftir hlýrri vetur.

Greni (Sub-boreal spruce)

Kaldir vetur og hlý sumur, mikill snjór og dýralíf, stöðuvötn og ár. Stutt, heit og rök sumur (upp í 30°C) og kaldir vetur. Mikið skóglendi með hvítgreni, fjallapín, svartgreni, stafafuru og degli á stöku stað. Mikill undirgróður, með mörgum aldinberandi tegundum.

Fjallapöll (Mountain hemlock)

Stutt svöl sumur, langir, svalir og blautir vetur – eitt úrkomumesta svæði Kanada. Fjallapöll, silfurþinur og alaskasýprus eru neðar í fjöllum, einnig marþöll og risalífviður. Sunnar eru einnig degli og hvítfura, norðar sitkagreni.

Blágreni – fjallapöll (Engelmann spruce – subalpine fir)

Hrjúft landslag, kaldir, langir og snjóþungir vetur, stutt og svöl sumur. Einkennistré eru blágreni og fjallapöll, klettafura, fjallalerki og sveigfura eru algeng í þurrari hlutum, en einnig má finna, við sérstakar aðstæður, fjalldrapa, fjallapöll, silfurþin, hvítfuru, degli, marþöll og risalífvið.

Fjallagreni (Montane spruce)

Svalt og þurrt loftslag, fjölbreytt fána og flóra. Kaldir vetur, stutt þurr sumur, sem ýta undir hættu á skógareldum. Helstu trjátegundir eru stafafura, fjallapínur og degli. Margar tegundir þróað eldþolinn börk vegna tíðra skógarelda, stafafura einkennandi í kjölfar skógarelda. Barkarbjalla skæð – skilur eftir mikið af dauðum trjám sem ýta undir hættu á skógareldum.

Graslendi (bunchgrass)

Heitt og þurrt loftslag, vetur nokkuð kaldir, mörg svæði snjólaus að vetri. Úrkoma mest snemma vetrar og í júní – vaxtartími því stuttur. Gulfura og degli vaxa þar sem raki er hvað mestur

Gulfura (Ponderosa pine)

Þurrasta skógarvistsvæðið og eitt það heitasta, vetur svalir, með þunnu snjólagi. Langt vaxtartímabil, 125-175 frostlausir dagar. Gott landbúnaðarland, með áveitum. Gulfura einkennandi, degli í rakari jarðvegi.

Innlands degli (Interior Douglas-fir)

Stutt, hlý og þurr sumur, skortur á raka um vaxtartíma. Mildir vetur sem laða dýr að. Degli ríkjandi tegund, með gulfuru á þurrari og heitari svæðum og greni á svalari og rakari svæðum.

Strand degli (Coastal Douglas-fir)

Í þéttbýlasta hluta fylkis og því skroppið mikið saman að stærð. Milt loftslag – langir og mildir vetur, með mikilli rigningu og sólríkt, frekar þurrt sumar. Stór hluti deglis tiltölulega ungur (*second-growth*). Aðrar tegundir sem finnast aðeins inn á milli eru geireik, stafafura, risapínur, risalífviður og stórblaðahlynur.

Innlands lífviður – marþöll (Interior cedar – hemlock)


Löng, hlý sumur og svalir, blautir vetur. Góðar ræktunaraðstæður fyrir skóg - afkastamikill skógariðnaður. Fjölbreyttari trjátegundir en í öðrum vistsvæðum. Í barrskógum eru marþöll og risalífviður ríkjandi, í bland við gulfuru, degli, risalerki, stafafuru og hvítfuru.

Strand marþöll (Coastal western hemlock)

Langir, mildir og blautir vetur, sólrík og þurr sumur. Vöxtur mestur á veturna. Marþöll ríkjandi tegund – getur orðið 70 m há. Neðar í landi við ströndina blandaður skógur með greni, ofar í fjöllum með degli.

Höfundur:

RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR



Uppdráttur Jóns H. Björnssonar af Austurvelli. Mynd: Héraðsskjalasafnið Ísafirði

Austurvöllur á Ísafirði

Ísafjarðarkaupstaður byggdist upp á malareyri sem er einfaldlega kölluð Eyrin. Danskir kaupmenn hófu verslun neðst á Eyrinni og kölluðu staðinn Neðstakaupstað og standa nokkur hús þeirra þar enn. Eftir að einokun var aflétt árið 1787 hófu fleiri verslunarmenn viðskipti á Ísafirði. Björgvinjarmenn fóru t.d. í samkeppni við dönsku kaupmennina og reistu sér hús á hinum enda Eyrarinnar og kölluðu hann Hæstakaupstað. Milli kaupstaðanna tveggja varð svo til vegur sem í dag nefnist Aðalstræti. Fiskur var saltaður og þurrkaður á melunum í Hæstakaupstað fram yfir 1920.¹⁶ Tuttugu og fimm árum síðar var þar byggður upp almenningsgarður sem fékk nafnið Austurvöllur.

Fyrsta skipulag fyrir Ísafjörð var staðfest þann 16. mars 1927. Það var jafnframt fyrsti skipulagsuppdráttur sem með formlegum hætti var samþykktur á Íslandi. Uppdrátturinn var frumraun skipulagsnefndar ríkisins sem var stofnuð í kjölfar setningu skipulagslaganna árið 1921. Í nefndinni sátu Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, Guðmundur

Hannesson læknir og Geir G. Zoëga vegamálastjóri.²⁰

Á þessum skipulagsuppdrætti var staðsetning almenningsgarðs¹ ákveðin og í greinargerðinni stóð að gera ætti:

bæjarvöll upp af hafnarbryggju og skipa helztu opinberum byggingum umhverfis hann [pósthúsi, síma, banka, ráðhúsi, barnaskóla, samkomuhúsi] og nokkrum húsum einstakra manna til uppfyllingar. Verður þá aðalverzlunarsvæðið í Hafnarstræti beggja megin hafnarbryggju og í götuhlutanum upp af henni sem liggur inn á bæjarvöllinn.¹¹

Árin liðu og lítið var gert á svæðinu fyrr en sumarið 1945 þegar bæjarstjórn ákvað að gera grasflöt á „Hæstakaupstaðartúni norðan Austurvegar.“ Það sumar var skrifað í blaðið *Skutul* að af:

þessum grasfleti í miðjum bænum gæti vel orðið mikil þrýði í framtíðinni, ef menning bæjarbúa stendur á það háu stigi, að allir verði samtaka um að friða hann og vernda. Um völlinn hefir verið sett trégirðing til bráðabirgða, en í framtíðinni verða byggðar stein- eða járngríðingar bæði um hann og skólavellina hinum megin Austurvegar.¹¹¹



Vígsla gosbrunnins árið 1968. Mynd: Myndasafn Messíönu Marselíusardóttur og Ásgeirs S. Sigurðssonar

Greinarhöfundur taldi ágætt að kalla svæðið Austurvöll og upp frá því hefur svæðið sennilega haft það nafn. Nafngiftin er rökrétt, enda er Austurvöllur við Austurveg og austan megin í bænum.

Nokkrum árum síðar, í september árið 1952, fjallaði greinarhöfundur í blaðinu Ísfróðingur um Austurvöll og taldi að hann gætið orðið bæjarprýði ef „um hann væri hirt á venjulegan hátt.“ Hann hélt svo áfram og skrifaði:

Fyrir um það bil fjórum árum, þegar gengið var frá þessum reit var það gert af smekkvísi á allan hátt. ... Plöntur og blóm, sem komið var fyrir meðfram girðingunni við Austurveg hurfu fljótt í arfann, sem fékk að blómgast í friði. ... Og ekki leið á löngu að allur skrautgróðurinn hafði dáðið drottni sínum og arfinn, sem virðist eiga miklum vinsældum að fagna sem skrautjurt í þessum gróðurreit bæjarins, náði algjörum yfirtökum. Það er leiðinlegt að þessi völlur sem átti að verða sómi þessa bæjar skuli hafa hnappst í þær viðjar óhírðu og trassaskapar, er raun ber vitni.^{IV}

Ekki er vitað með vissu hverjir stóðu að gróðursetningu þeirra plantna og blóma

sem greinarhöfundur sagði að hefðu horfið í arfann upp við girðinguna, eða hvaða plöntur þetta voru, en ljóst er að þær fengu ekki mikla umhirðu. Að lokum skrifaði hann svo:

Æskilegt væri að þessi völlur væri skipulagður þannig, að lagðar væru gangstéttir um hann með bletti í miðju, sem ganga mætti á og þar væri jafnvel komið fyrir bekkjum umhverfis, sem fólk gæti setið á þegar gott væri veður. Þetta þyrfti ekki að vera neitt risamannvirki. - Væri ekki hugsanlegt að fá menn til að vinna verkið í sjálfbodaðavinnu, ef bærinn legði til mann sem gæti skipulagt verkið og stjórnað því.^V

Það voru fleiri bæjarbúar sem voru ósáttir við sinnuleysi bæjaryfirvalda á Austurvelli, því ári síðar hóf Kvenfélagið Ósk að þrýsta á bæjaryfirvöld um gerð skrudgarðs á Austurvelli. Stjórn Kvenfélagsins sendi erindi til bæjarráðs í apríl árið 1953 þar sem félagið bauð fram krafta sína til fegrunar á Austurvelli með sjálfbodaðavinnu og fjárframlagi. Vildi Kvenfélagið með þessu flýta fyrir því að völlurinn yrði



Gosbrunnar hafa mikið aðdráttarafl á unga sem aldna. Mynd: Myndasafn Messíönu Marselíusardóttur og Ásgeirs S. Sigurðssonar

opnaður fyrir almenning. Bæjarráð þakkaði félaginu boðið og fól Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra að láta gera tillöguuppdrátt að skipulagi Austurvallar.²⁴

Jón Guðjónsson bæjarstjóri hefur eflaust sett sig í samband við Jón Jónsson (1890-1979) klæðskera, sem var góður garðyrkjumaður, og hafði í tuttugu ár þar á undan staðið fyrir ræktun á Blómagarðinum við Hlíðarveg, sem nú nefnist Jónsgarður í höfuðið á honum.^{VI} Sonur hans, Sigurður Albert garðyrkjufræðingur og síðar forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur, hafði þá nýlega hafið störf hjá Jóni H. Björnssyni landslagsarkitekt (1922-2009) í nýstofnaðri gróðrarstöð hans Alaska í Reykjavík. Jón H. Björnsson var nýkominn heim úr námi í Bandaríkjunum og var fyrsti íslenski landslagsarkitektinn. Jón klæðskeri ræddi um þetta við Sigurð Albert son sinn, sem kom því til leiðar að Jón H. Björnsson var fenginn til þess að teikna og skipuleggja Austurvöll á Ísafirði, enda var Jón H. Björnsson ekki mjög þekktur á þessum árum sem landslagsarkitekt, nema innan þeirrar fámennu garðyrkjustéttar sem þá var.²³

Tveimur mánuðum síðar, þann 1. júní árið 1953 var lagt fram „riss af fyrirkomulagi á Austurvelli“^{VII} fyrir bæjarráð, en ekki er tekið fram hver teiknaði þetta riss. Ráðið lagði til að sett yrðu hlið á miðja suðurhlið vallarins og að götur yrðu lagðar samkvæmt rissinu.²⁴ Ekkert varð

af framkvæmdum um sinn, en í nóvember kom Martinus Simson ljósmyndari með tillögu til bæjarráðs um að bærinn réði mann til þess að annast skógrækt og myndi sá auk þess annast umhirðu Austurvallar og Blómagarðsins (nú Jónsgarðs). Bæjarráð samþykkti tillöguna og þrátt fyrir að það sé hvergi skrifað í fundargerðunum þá virðist starfið hafa verið hugsað handa Jóni Jónssyni klæðskera. Þarna var því í fyrsta sinn á Ísafirði ráðinn nokkurskonar garðyrkjuráðunautur fyrir bæinn.²⁴

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðar 17. maí 1954 var lagt fram bréf frá Kvenfélaginu Ósk. Í því bréfi var þeim tilmælum beint til bæjarstjórnar að „Austurvelli verði sómi sýndur með meiri ræktun og umhirðu, svo hann geti orðið bænum til prýðis og bæjarbúum til ánægju.“ Einnig var tekið fram að félagið hafði áður heitið því að leggja hönd á plóginn til verksins þegar af framkvæmdum yrði. Á fundinum skoðaði bæjarráð „nýjan tillöguuppdrátt“^{VIII} að Austurvelli eftir Jón [H.] Björnsson.^{IX} Svo virðist því sem Kvenfélagið^X hafi því verið mikilvægur þrýstihópur sem stuðlaði að uppbyggingu Austurvallar, en kvenfélagskonurnar virðast þó ekki hafa skipt sér meira af Austurvelli eftir þetta, þó þær hafi væntanlega staðið við loford um að leggja



Á hverju sumri er plantað í sumarblómabeð garðsins. Mynd: BB



Þetta er aðalinnngangur garðsins og við enda göngustígsins átti lengi vel að rísa ráðhús bæjarins. Mynd: BB

hönd á plóginn við uppbyggingu hans og ræktun.²⁴

Á fundi bæjarstjórnar tveimur dögum síðar var tillaga Kvenfélagsins rædd, en ekki var komist að niðurstöðu um gerð Austurvallar. Að loknum umræðum á fundinum var samþykkt tillaga Matthíasar Bjarnasonar um að bæjarráði yrði falið að taka endanlega ákvörðun um skipulagningu Austurvallar.²⁴ Sennilega hefur sú ráðstöfun hjálpað til við að uppbygging Austurvallar komst á skrið og varð að veruleika. Því að á þann hátt var ákvörðun um uppbyggingu garðsins eingöngu á hendi bæjarráðsmanna, en ekki til umræðu á milli minni- og meirihluta í bæjarstjórn, þar sem hún hefði getað dagað uppi.

Bæjarráð boðaði á sinn fund þann 24. maí 1954 þá Jón Jónsson klæðskera og Anton Ólafsson, sem þá var nýorðinn formaður Blóma- og trjáæktarfélags Ísafjarðar, en því starfi hafði Jón Jónsson áður gegnt í yfir tuttugu ár. Bæjarráð vildi ræða við þá um skipulag Austur-

vallar, vinnutilhögun og ræktunaráform. Samþykkt var að hefja vinnu við völinn samkvæmt uppdrætti Jóns H. Björnssonar og var bæjarstjóra falið að óska eftir verklýsingu frá honum. Stuttu síðar sendi hann vinnuuppdrátt og lista yfir þær plöntur sem hann lagði til að yrðu gróðursettir á Austurvelli.²⁴

Í lok júní þetta sumar, árið 1954, kom svo Jón H. Björnsson á fund bæjarráðs og ræddi um hvernig best væri að haga framkvæmdum við uppbyggingu garðsins. Hann ráðlagði að hafist yrði handa við að leggja gangstíga og þekja grasfleti. Einnig lagði hann til að grafnar yrðu holur fyrir trjágróður, þær fylltar með mold og húsdýraáburði og gróðursett í þær vorið eftir. Bæjarráðsmenn gengu svo með Jóni út á Austurvöll og skoðuðu aðstæður.²⁴

Sennilega hefur Jón klæðskeri einnig setið á þessum fundi bæjarráðs og verið með þeim þegar aðstæður á Austurvelli voru skoðaðar með Jóni H. Björnssyni. Sigurður Albert sonur hans sagði í viðtali

árið 2012 að „þegar pabbi sá teikninguna, var hann ánægður með hana, en sagði að sér þætti hún óþarflega lík teikningu Jóns af Hallargarðinum í Reykjavík,“^{xi} sem Jón H. Björnsson skipulagði líka og hefur oft verið nefndur systurgarður Austurvallar.

Samson B. Harðarson, landslagsarkitekt og garðplöntufræðingur, skrifaði grein um Austurvöll í Garðyrkjuritíð árið 2014. Þar segir hann að Jón H. Björnsson hafi verið undir áhrifum amerískra móðernista í landslagsarkitektúr, þegar hann hannaði Austurvöll og Hallargarðinn. Til að sjá garðinn með augum landslagsarkitekts er ágætt að lesa eftirfarandi lýsingu Samsonar á Austurvelli:^{xii}

Jón leitast við að ná fram þessum áhrifum móðernismans í garðinum á Austurvelli, og þrátt fyrir smæð garðsins nær hann að láta bogadregna stíga og opnar grasflatir flæða eðlilega í gegnum hann og afmarka á einfaldan hátt gróðurbeð. Garðurinn nær að laða til sín vegfarendur með því að halda opinni sjónlínu inn um norðvesturenda^{xiii} garðsins og við innganginn frá Austurvegi tekur stórt blómabeð á móti gestum sem nýtur skjóls af klipptu limgerði.^{xiv}

Jón Jónsson klæðskeri^{xv} sá um Austurvöll frá upphafi til ársins 1977 og Karlinna kona hans vann með honum á sumrin á meðan heilsa hennar leyfði.^{13,23} Í þeirra umsjá breyttist Austurvöllur í fallegan almenningsgarð bæjarbúum til yndisauka. Á þessum árum þótti eðlilegt í íslenskum bæjum að hafa almenningsgarðana lokaða og læsta, enda gekk sauðfé frjálst í bæjunum og margir bæjarbúar, ungir sem aldnir, gengu oft illa um slík svæði.¹⁵ Það þurfti því umsjónarmann í görðunum til þess að passa upp á þá og „ef Jón var að vinna í görðunum [í Blómagarðinum og á Austurvelli] þá þorðu börnin í bænum ekki að stelast inn í hann. Hann verndaði garðana mikið og eiginlega voru þeir bara til áhorfs,“ sagði Ásthildur C. Þórðardóttir, fyrrverandi garðyrkjustjóri Ísafjarðar, í viðtali árið 2011.¹³ „Á meðan Jón sá um að hirða Austurvöll var garðurinn alltaf

lokaður og læstur. Fólk þurfti að fá sérstakt leyfi til þess að koma inn í hann. En það var löngu hætt árið 1978, þegar ég kom,“ sagði Ásthildur og bætti við: „mér finnst að garðarnir eigi að vera fyrir fólkið. En á móti kemur að þá eru stundum unnin í þeim skemmdarverk.“¹³

Um sumarið 1955 var skrifað í blaðinu *Vesturland* að Austurvöllur væri að verða að myndarlegum skrudgarði og að þar hefðu verið gróðursettar margar tegundir trjáplantna og fjöldi litskrúðugra sumarblóma.⁸ Einnig kom fram mánuði síðar að Austurvöllur hafi:

verið mikið fegraður, gróðursett hafa verið tré og litskrúðug sumarblóm prýða beð garðsins. Girðingin hefur verið endurbætt og offjár verið kostað til þessa verks. Til þess að þessi vísir að skrudgarði geti orðið til fegurðarauka í bænum, þurfa allir bæjarbúar að virða friðhelgi þessa garðs og sameinast um að þar verði engu spillt.^{xvi}

Sumarið 1956 hefur Austurvöllur sennilega verið opnaður formlega fyrir almenning, því þá er skrifað í blaðið *Skutul*:

Útibekkir hafa verið settir í skemmtigarð bæjarins við Austurveg, og verður garðurinn opnaður almenningi næstu daga. Í vor hefir verið unnið að plöntun margvíslegra blóma í garðinum og að hirðingu hans og er þess vænt, að fólk gangi vel um garðinn, svo hann geti orðið sú bæjarprýði, sem til er ætlað.^{xvii}

Á árunum 1953-1957 var kostnaður við skipulagningu, ræktun, blóm og rekstur Austurvallar samtals um 135 þúsund krónur.¹⁰ Allt virðist hafa gengið vel næstu árin ef marka má grein í blaðinu *Vesturland* árið 1959, þar sem var skrifað:

Austurvöllur er orðinn fagurgrænn og ef sama gróðrartíð helzt verður þessi litli skrudgarður okkar blómum skráddur um miðjan júní. Garðinum er vel haldið við og það er gaman hjá fólki að koma í garðinn og sitja þar á bekkjum og njóta sólar og gróðurilms.

Síðan voru foreldrar hvattir til þess að brýna fyrir börnum sínum að ganga vel og snyrtilega um garðinn. „Góð umgengni er

öllum til sóma og hún ber bæjarfélaginu fagurt vitni. “^{XVIII}

Á fundi bæjarráðs sumarið 1963 var tekist á um ákvörðun bæjarstjórnar að falla frá þeirri hugmynd að reisa ráðhús á svæðinu milli Austurvallar og Fjarðarstrætis og úthluta þess í stað lóðum fyrir íbúðarhús á svæðinu. Bent var á að skipulagsuppdrátturinn frá árinu 1927 væri í fullu gildi, en þrátt fyrir það reis íbúðarhúsið að Austurvegi 7.²⁴

Í byrjun ársins 1956 gaf Páll Guðmundsson, ritari bæjarstjórnar, 2.500 krónur til þess að koma upp gosbrunni á Austurvelli.²⁴ Ekkert varð þó af framkvæmdum við gosbrunn þar fyrr en tíu árum síðar og því er óljóst hvað varð um féð.

Í tilefni 100 ára afmælis Ísafjarðarkaupstaðar árið 1966 tilkynnti Lionsklúbbur Ísafjarðar að klúbburinn hygðist gefa bænum gosbrunn en ekki hafði verið ákveðið hvar hann ætti að standa.^{XIX} Þann 17. júní tveimur árum síðar afhentu Lionsmenn formlega gosbrunninn sem

komið hafði verið fyrir á suðvestan-verðum Austurvelli. Sigurður Jóhannsson bankagjaldkeri afhenti gosbrunninn fyrir hönd Lionsmanna og Jóhann Einvarðsson bæjarstjóri veitti honum viðtöku fyrir hönd bæjarbúa og þakkaði fyrir. Gosbrunnurinn gaus upp úr hringlaga blámálaðri skál og hann þótti mikið augnayndi. Kostnaðurinn við uppsetningu hans var tæplega 200 þúsund krónur.²⁷ Gosbrunnurinn setti mikinn svip á Austurvöll og gat vatnssúlan náð 10 metrum í loft upp. Það var einnig gaman að sjá hann á kvöldin því þá lýsti ljóskastari vatnssúluna upp í öllum regnbogans litum.¹⁷

Umgengni fólks við brunninn varð strax nokkuð mikil og voru íbúar bæjarins hvattir til að ganga betur um og eftirfarandi var m.a. skrifað í blaðið *Skutul*:

Brunninum er komið fyrir á Austurvelli og er vonandi að hann fái að vera í friði, en nokkuð bar á því í upphafi að börn og unglingar gerðust nokkuð nærgöngul. Höfðu einhverjir fundið upp á því að kasta peningum í brunninn og var ekki laust við að hin nýja 10 kr. mynt freistaði



Enginn trjágróður var ráðgerður á þessu horni samkvæmt uppdrætti Jóns H. Björnssonar, sennilega til að halda opinni sjónlínu niður að aðalbryggju bæjarins. Mynd: BB



Grunnskólinn er við hlið Austurvallar og því er garðurinn fjölsóttur af börnum. Mynd: BB

sumra, þar sem hún glampaði í sólskininu undir vatnsborðinu. Hleðslan umhverfis sjálfan brunninn bar menjar átroðnings strax fyrsta daginn. Vonandi er þetta úr sögunni og að brunnurinn eigi eftir að vera bæjarbúum og gestkomandi til yndisauka.^{xx}

Ágúst Óskar Sigurðsson, barnabarn Jóns og Karlinnu, dvaldist hjá þeim sumrin 1969 og 1970. Þá hjálpaði hann m.a. ömmu sinni við að þrifa gosbrunninn og búnaðinn í honum. „Ég man því vel eftir bláa gosbrunninum og þessum búnaði með lituðu ljósunum fjórum sem blikkuðu á víxl,“ sagði Ágúst Óskar. Um þrifin á brunninum sagði hann: „tæmdum við fyrst vatnið úr brunninum með „hievert“ aðferð. Karlinna amma á þannig heiðurinn af því að kenna mér þá góðu aðferð að koma vökva á milli íláta. Þar næst var allt þrifið með skrubbi, skúringarklút og sápuvatni.“¹¹

Því miður hrakaði gosbrunninum næstu árin og „eftir 5 ár var þetta orðið að moldarhrúgu“, eins og lesandi *Bæjarins Besta* komst að orði árið 1989.^{xxi} Þegar Ásthildur C. Þórðardóttir tók við stöðu

garðyrkjustjóra Ísafjarðar árið 1978 var það eitt af hennar fyrstu verkum að koma gosbrunninum aftur í gagnið. Í viðtali árið 2011 sagði hún m.a.:

Hann lifði í einn sólarhring og þá var búið að eyðileggja hann. Þá ákvað ég að þetta þýddi ekki neitt og setti bara í hann mold og blóm. En hann er þarna undir, dælan var sett í viðgerð í Straum og hefur örugglega dagað þar uppi. Hann var flottur og skipti litum. Sennilega í dag hefði ég látið hann halda sér. Það er alveg hægt að gera það, það er allt þarna enn.¹³

Sumarið 2013 var gerð ný tjörn með gosbrunni sem var staðsett í samræmi við uppdrátt Jóns H. Björnssonar. Tjörnin var hönnuð í formi öðuskeljar rétt eins og á uppdrættinum og svipuð þeirri sem var í Hallargarðinum í Reykjavík. Gosbrunnisdælan frá 1968 fannst haustið 2013 og var sett í brunninn, auk þess sem ljósabúnaði var komið fyrir í honum.²¹ Gosbrunnar hafa mikið aðdráttarafl, sérstaklega fyrir börn, og því þarf að vanda efnisval umhverfis þá. Við gosbrunnsskálina var

fyrst gert lítið sumarblómabeð sem fljótlega lét á sjá. Ári síðar var þar hellulagt og settur upp drykkjarfontur úr steini „sem kom úr gömlu vörninni í Arnardal“, sem var samstarfsverkefni Lionsklúbbsins á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar.^{xxii}

Á kaupstaðarafmæli Ísafjarðar árið 1966 gaf Reykjavíkurborg afsteypu úr eir af höggmynd Ásmundar Sveinssonar *Fýkur yfir hæðir*. Styttan kom til Ísafjarðar árið 1967²⁵ og var sett upp í norðaustur horni garðsins við Sundhöll Ísafjarðar, í samræmi við uppdrátt Jóns H. Björnssonar. Árið 1989 var styttan færð úr horninu því það þótti ekki nógu áberandi staður og talið var að fáir bæjarbúar vissu af tilvist hennar.¹⁸ Ásthildur C. Þórðardóttir, þáverandi garðyrkjustjóri, færði styttuna og kom henni fyrir í gömlu hringlaga gosbrunnsskálinni. Þar fannst Ásthildi hún njóta sín miklu betur¹³ og þar var hún þar til hún var færð á sinn upphaflega stað sumarið 2013.²¹

Það sumar átti sér stað nokkur endurnýjun í garðinum, ekki aðeins með gerð nýrrar tjarnar og færslu styttunnar,

líkt og komið hefur fram, heldur voru göngustígarnir endurgerðir og malarbornir, en áður höfðu þeir verið malbikaðir. Þá var gróðursett svokallað friðartré í garðinum 5. júlí, í tengslum við friðarhlaup um landið sem nefndist *Leggjum rækt við frið*. Tímabært þótti orðið að sinna garðinum betur og endurnýja hann fyrir sextíu ára afmæli hans árið 2014.²¹

Í kringum Austurvöll var girðing, sem eitt sinn var máluð græn en var sennilega rauð þegar Ásthildur lét rífa hana á áttunda áratugnum vegna þess að hún var orðin ónýt. Í staðinn fyrir girðinguna gróðursetti Ásthildur limgerði í kringum völinn. „Sex árum síðar ákvað ég að girða aftur, en þá var reynt að koma í veg fyrir það. Börn hlupu alltaf í gegnum beðin og fólk sem var vant að ganga yfir hekkid á ákveðnum stað við Sundhöllina, sparkaði bara niður girðingunni þar.“¹³ Í dag er ómáluð timburgirðing umhverfis Austurvöll og teygja greinar limgerðisins sig út yfir göngustíginn á milli timburborðanna.

Gróðrinum í garðinum lýsti Samson B. Harðarson, landslagsarkitekt og



Nýi gosbrunnurinn. Mynd: Ágúst Atlason



Íbúðarhúsið Austurvegur 7 stendur við hlið Austurvallar. Mynd: BB

garðplöntufræðingur, í grein sinni í Garðyrkjuritinu 2014 m.a. á eftirfarandi hátt:

Takmarkað úrval garðplantna og erfið skilyrði til ræktunar settu skorður við gerð og ræktun skrúðgarðsins á Austurvelli. Tré eru fá og ber mest á þremur^{xxiii} sitkagrenitrjám á grasflöt við sundlaugina. Ýmsir runnar eins og bergtoppur mynda fallega umgjörð um bekki við göngustíg og gróskumiklir laxaberjarunnar ramma inn grasflatir.^{xxiv}

Úrval garðplantna hefur alltaf verið takmörkunum háð á öllu landinu, m.a. vegna veðurfars. Það hefur þó ekki haldið aftur af garðyrkjumönnum í gegnum tíðina, eins og t.d. Georg Schierbeck landlækni í Reykjavík og Sigtryggi Guðlaugssyni í Skrúði á Núpi í Dýrafirði.^{xxv} Ræktunarskilyrði á Austurvelli eru erfið, því eins og komið hefur fram voru fiskþurrkunarreitir á sjávarmelnum frá fornu fari þar sem Austurvöllur er nú. Slíkur jarðvegur er ekki heppilegur til ræktunar á skrúðgarði. Því

þurfti, þegar hafist var handa við að gera garðinn, að ryðja burtu miklu af grjóti og koma með gróðurmold. Jarðvegurinn í garðinum er þannig mjög grunnur og „ekki þarf að grafa mikið niður þegar maður er kominn ofan í mölina. Þess vegna þarf að vökva mikið þarna svo plönturnar dafni,“ sagði Ásthildur, fyrrverandi garðyrkjustjóri, í viðtali árið 2011.¹³

Sonur Jóns klæðskera, Sigurður Albert, vann lengi í Grasagarði Reykjavíkur og varð síðar forstöðumaður hans. Hann útvegaði föður sínum m.a. bergtoppinn sem dafnar vel í garðinum.²³ Jón gróðursetti einnig birkitrén sem eru í garðinum en Ásthildur gróðursetti m.a. reynitré upp við sundlaugina. Einnig er að finna lerkitré í norðaustur horni garðsins og ýmsan annan trjágróður sem hefur verið gróðursettur í gegnum tíðina, þó að margt hafi einnig verið grisjað eða drepist. Allur þessi trjágróður dafnaði vel á meðan Ásthildur sá um garðinn „enda var ég alltaf með



Upphaflegt form göngustíganna í garðinum hefur haldið sér. Mynd: BB



Tvö gömul grenitré standa í garðinum og Sundhöllin stendur vörð um garðinn. Mynd: BB

vatnið á þessu og það skiptir máli á þessum stað,“ sagði hún.¹³ Ýmislegt hefur verið reynt í ræktun garðsins á sextíu ára sögu hans, eins og kemur í ljós þegar rýnt er í gamlar ljósmyndir. Á loftmynd af garðinum sem var tekin árið 1966 sést t.d. að gerð var tilraun til þess að gróðursetja tré meðfram aðalstíg garðsins, í samræmi við uppdrátt Jóns H. Björnssonar, en þau tré hafa svo ekki náð að dafna.

Árið 1956 gaf Hróarskelda í Danmörku Ísafjarðarbæ í fyrsta skipti jólatré að vinagjöf²⁴ og hefur sá siður haldist síðan. Í áratugi var jólatrénu komið fyrir á Austurvelli þar sem ljósin voru tendruð á því við hátíðlega athöfn.^{xxvi} Eftir að Silfurtorgið fyrir framan Stjórnsýsluhúsið var fullgert hefur jólatréð frá Hróarskeldu verið sett upp þar, enda er það mun meira miðsvæðis í bænum heldur en Austurvöllur.¹³

Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um Austurvöll án þess að segja frá hugmyndum um að breyta honum í skólalóð fyrir Grunnskóla Ísafjarðar, sem er sunnan megin við Austurveg, gegnt Sundhöllinni og Austurvelli. Vegna smæðar grunnskólalóðarinnar komu upp hugmyndir fyrir nokkrum árum um að breyta Austurvelli í leikvöll fyrir grunnskólabörn. Hugmyndin kom frá fræðslunefnd bæjarins og skömmu síðar hafði yfirmaður tæknideildarinnar, Jóhann B. Helgason, samband við Ásthildi garðyrkjustjóra og spurði hana hvaða tré og runna ætti að

fjarlægja áður en Austurvelli yrði breytt í skólalóð.^{xxvii} Ásthildur tjáði honum að hún væri alfarið á móti slíkri breytingu og myndi standa gegn henni sem hún og gerði.¹³

Áslaug Jensdóttir, íbúi hússins við Austurveg 7, sem stendur við Austurvöll, var einnig mótfallin því að Austurvelli yrði breytt í skólalóð, enda var svæðið skilgreint sem skrudgarður í þágildandi aðalskipulagi Ísafjarðar. Áslaug og Ásthildur tóku höndum saman og börðust gegn þessum áformum bæjaryfirvalda og hótuðu þeim á endanum stjórnsýslukæru, enda var m.a. skipulagslögum ekki fylgt við ákvörðunina. Margir bæjarbúar mótmæltu einnig og ekki var einhugur um málið í bæjarstjórn. Þá komu fram fjölmargir utanaðkomandi aðilar sem bentu á hve merkilegt það væri fyrir Ísafjarðarbæ að hafa innan sinna vébanda fjóra almenningsgarða og að Austurvöllur væri ekki sístur þeirra, þrátt fyrir að vera yngstur.^{12,13} Áslaug og Ásthildur eiga þakkir skildar fyrir að hafa staðið vörð um það menningarverðmæti sem Austurvöllur er og bjargað honum frá glötun.

Í núgildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008–2020 segir m.a. um almenningsgarðanna fjóra. „Garðarnir Austurvöllur, Jónsgarður, Simsongarður og Skrudur mynda sérstæða heild sem er merkileg í garðlistasögu þjóðarinnar. Saga garðlistar er stutt og geta fáir aðrir



Í norðaustur horni garðsins er skjólsælt og gott að tylla sér á bekki. Mynd: BB

landshlutar státað sig af svo merkum gördum.“ Samkvæmt skipulaginu eru allir garðarnir hverfisverndaðir og talið mikilvægt að þeim verði haldið við í samræmi við upphafleg markmið þeirra. Því er óheimilt að skerða þá og allar endurbætur við þá skulu vera í samræmi við upphaflega gerð þeirra.^{xxviii}

Með þessu ákvæði aðalskipulagsins þótti öruggt að framtíð Austurvallar væri tryggð. En þrátt fyrir það samþykkti bæjarstjórn vorið 2013 tillögu Örnú Láru Jónsdóttur bæjarfulltrúa um að heimila nýtingu Austurvallar sem hluta af skólalóð grunnskólans og taldi að með því væri ekki verið að ganga gegn ákvæðum aðalskipulagsins um hverfisvernd garðsins.^{xxix} Í 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hverfisvernd skilgreind sem: *ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja*. Með hliðsjón af

þessu verður að teljast nokkuð undarlegt að bæjarstjórn Ísafjarðar skuli hafa talið að hún væri ekki að brjóta gegn ákvæðum gildandi aðalskipulags með ákvörðun sinni. Að breyta í skólalóð vernduðum menningarminjum, sem eru verndaðar í aðalskipulagi samþykktu af Skipulagsstofnun og staðfest af umhverfisráðherra, getur tæplega talist gott fyrir menningarminjarnar né í samræmi við skipulagslög. Reyndar virðist enginn lögfræðingur vera starfandi hjá sveitarfélaginu og því óvíst hvort bæjarstjórn hafi leitað eftir áliti lögfræðings áður en ákvörðunin var tekin.

En burt séð frá þessu þá er það nokkuð ljóst að Austurvöllur verður ekki færður frá grunnskólanum, enda ekki ástæða til þess, því börnin í skólanum munu leika sér jafn mikið í garðinum hvernig sem hann er skilgreindur í skipulagi. Það skiptir hinsvegar máli að framtíð Austurvallar sem almenningargarðs og menningarverð-



Styttan Fýkur yfir hæðir eftir Ásmund Sveinsson var sett upp í gömlu gosbrunnsskálinni. Mynd: BB

mætis sé tryggð og að verndunarákvæðum aðalskipulagsins sé fylgt eftir.

Miðað við þá góðu umhirðu sem Ralf Trylla, umhverfisstjóri Ísafjarðar, hefur viðhaft á Austurvelli síðustu ár og þann velvilja sem m.a. meðlimir Lionsklúbbs Ísafjarðar hafa sýnt garðinum, þá ættu framtíðarhorfur Austurvallar að vera góðar. Þó virðast orð greinarhöfundar í blaðinu *Skutull* frá árinu 1954 eiga við í dag^{xxx} og verða því lokaorð þessarar greinar:

Það fer ekki fremur venju mikið fyrir heilindum sjálfstæðismanna í afstöðu þeirra til Austurvallar. Fyrst greiða þeir atkvæði í bæjarstjórn með því að skipuleggja völinn samkvæmt teikningu Jóns Björnssonar, skruðgarðaarkitekts, en síðan hrópa þeir upp í blaði sínu um þann kostnað, sem þessi samþykkt hefur í för með sér og óhjákvæmilega hlýtur að verða talsverður. En það eru fleiri aðilar en bæjarstjórn, sem hug hafa á þessu máli, og ber þar fyrst að nefna kvenfélögin í bænum, sem boðið hafa fram aðstoð sína við fegrun vallarins. Þessi samtök munu ekki láta nein íhaldsóp aftra sér frá því að fylgja málinu eftir, og koma vellinum í rækt eins og ákveðið hefir verið, þannig að bæjarbúar eignist þarna fagran reit, er verði bænum til sóma og þrýði.^{xxxii}

Heimildir

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. 2010. Ísafjarðarbær og Teiknistofan Eik ehf.
2. Austurvöllur er orðinn fagurgrænn. 1959. Vesturland, 22.05.1959. Bls. 2.
3. Austurvöllur fegraður. 1955. Vesturland, 14.07.1955. Bls. 1.
4. Austurvöllur. 1945. Skutull, 27.07.1945. Bls. 137.
5. Austurvöllur. 1952. Ísfríðingur, 23.09.1952. Bls. 2.
6. Austurvöllur. 1954a. Ísfríðingur, 02.06.1954. Bls. 1.
7. Austurvöllur. 1954b. Skutull, 13.11.1954. Bls. 4.
8. Austurvöllur. 1955. Vesturland, 14.06.1955. Bls. 4.
9. Austurvöllur. 1956. Skutull, 08.06.1956. Bls. 6.
10. Austurvöllur. 1958. Skutull, 22.01.1958. Bls. 1.
11. Ágúst Óskar Sigurðsson. Munnleg heimild. 14. júní 2012.
12. Áslaug Jensdóttir. Munnleg heimild. 28. júní 2011.
13. Ásthildur C. Þórðardóttir. Munnleg heimild. 28. júní 2011.
14. bb.is. 2014. Drykkjarfonturinn á Austurvelli vígður. 15.08.2014. Af vefsíðu 10.09.2014: <http://bb.is/Pages/26?NewsID=189705>
15. Bragi Bergsson. 2014. Almenningsgarðar í Reykjavík. Skýrsla nr. 165. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík. 315 bls.
16. Byggðasafn Vestfjarða. 2005. Safnvísir. Upplýsingarit Byggðasafns Vestfjarða. Byggðasafn Vestfjarða.
17. Bæjarins besta. 19.06.1989. Bls. 3.
18. Bæjarins besta. 5. júlí 1989. Bls. 3.
19. Gjóf Lionsklúbbsins. 1968. Skutull. 28.06.1968. Bls. 2.
20. Páll Línal. 1982. Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Sögufélagið, Reykjavík.
21. Ralf Trylla. Munnleg heimild. 6.-7. febrúar 2014.
22. Samson B. Harðarson. 2014. Austurvöllur á Ísafirði 60 ára. Garðyrkjuritið 2014: 95-97.
23. Sigurður Albert Jónsson. Munnleg heimild. 25. febrúar 2012, 7. júní 2012 og 4. júlí 2014.
24. Skjalasafn Ísafjarðar. Fundargerðir bæjarráðs Ísafjarðar. 1953-2013. Stjórnsýsluhús – skjalastjóri.
25. Skjalasafn Reykjavíkur. 1967. Ársskýrsla Gatnamálastjóra Reykjavíkur. Tilvísunarnúmer 1808-1.
26. Vegleg hátíðahöld á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar. 1966. Vesturland, 02.02.1966. Bls. 1-3.
27. Þjóðhátíðin 17. júní á Ísafirði fór vel fram í fögru veðri. 1968. Vesturland, 22.06.1968. Bls. 8.

Tilvísanir

- I Áður fyrr voru almenningsgarðar ýmist nefndir bæjarvællir, skemmtigarðar, lystigarðar eða skruðgarðar.
- II Páll Línal, 1982, bls. 238.
- III Austurvöllur, 1945, bls. 137.
- IV Austurvöllur, 1952, bls. 2.
- V Austurvöllur, 1952, bls. 2.
- VI Um Jón og Jónsgarð hefur m.a. verið fjallað í grein höfundar í Árbók Sögufélags Ísfríðinga 2013.
- VII Sennilega er hér átt við riss eftir Jón H. Björnsson. Ef svo er þá má leiða líkum að því að Austurvöllur á Ísafirði hafi verið teiknaður og skipulagður á undan systurgarði sínum í Reykjavík, Hallargarðinum. Ekki er þó hægt að fullyrða um það þar sem skriflegar heimildir taka ekki af allan vafa. Hallargarðurinn var teiknaður upp og skipulagður veturinn 1953-1954 og ef umrætt riss sem var lagt fram á fundi bæjarstjórnar 1. júní 1953 var eftir Jón H. Björnsson, þá er Austurvöllur á Ísafirði fyrsti íslenski almenningsgarðurinn sem hann skipuleggur á Íslandi.
- VIII Hér er ekki tekið fram með skýrum hætti hvort Jón H. Björnsson hafi sent þeim nýjan uppdrátt, eða hvort að þetta væri í fyrsta skipti sem hann sendi þeim uppdrátt og að gamli uppdrátturinn í þessu tilviki hafi verið gerður af öðrum.

IX Skjalas. Ísafj., 17. maí 1954 og Austurvöllur. 1954a, bls. 1.

X Nauðsynlegt er að rannsaka betur þátt Kvenfélagsins í þessu máli og öðrum framfararmálum bæjarins, t.d. með því að lesa fundargerðir félagsins og önnur gögn, ef þau hafa verið varðveitt einhversstaðar.

XI Sigurður Albert Jónsson, 2012.

XII Þekking Samsonar á garðplöntum og persónuleg sýn hans sem landslagsarkitekts á skipulag Austurvallar eru notaðar sem heimild í þessari grein.

XIII Hér hlýtur Samson að eiga við suðvesturenda garðsins en ekki norðvestur eins og hann skrifar. Á uppdrættinum gerði Jón H. Björnsson ekki ráð fyrir trjám þar, væntanlega til þess að halda sjónlínunni opinni, en síðar voru þar gróðursett tré sem eru þar enn. Uppruna þessarar sjónlínu má rekja til skipulagsuppdráttarins frá 1927. Þá lá sjónlínan frá helstu bryggju bæjarins (nokkurskonar hliði inn í bæinn), eftir Austurvegi í gegnum helsta verslunarsvæðið, yfir Hafnarstræti og að iðagrænum Austurvelli. Í dag er bryggjan löngu farin og tilgangur sjónlínunnar að mestu gleymd.

XIV Samson B. Harðarson, 2014, bls. 95-96.

XV Í grein sinni um Austurvöll í fasteignablaði Morgunblaðsins þann 4. júlí árið 2005 bls. 52 rangnefnir Samson B. Harðarson Jón Jónsson klæðskera og segir hann vera Jón Bjarnason. Sama á við áður nefnda grein hans um garðinn í Garðyrkjuritinu 2014 á bls. 96.

XVI Austurvöllur fegraður, 1955, bls. 1.

XVII Austurvöllur, 1956, bls. 6.

XVIII Austurvöllur er orðinn fagurgrænn, 1959, bls. 2.

XIX Vegleg hátíðahöld á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar, 1966, bls. 3.

XX Gjöf Lionsklúbbsins, 1968, bls. 2.

XXI Bæjarins besta. 19. júní 1989, bls. 3. Þrátt fyrir að lesandi Bæjarins besta komist svo að orði árið 1989, er ekki þar með sagt að það sé rétt. Ólíklegt er að gosbrunnurinn hafi aðeins verið notaður í 5 ár, frá 1968-1972, þar sem Jón og Karlinna sinntu garðinum vel þar til þau fluttu úr bænum árið 1977. Garðinum og gosbrunninum hefur eflaust hrakað eftir það, þar til Ásthildur tók við starfi garðyrkjustjóra 1978 og reyndi að koma brunninum aftur í gagn, en gafst upp vegna skemmdarverka og breytti honum í blómabeð árið 1978.

XXII bb.is, 2014.

XXIII Grenitrén eru tvö en ekki þrjú. Samkvæmt uppdrættinum eiga að vera þar þrjú tré og með því að rýna í gamlar ljósmyndir sést að þar voru gróðursett þrjú tré í fyrstu. Nokkuð er síðan eitt þeirra var fjarlægt og ekki er ljóst hversvegna - þó sennilega hafi það verið gert til að gefa hinum tveimur sem eftir stóðu meira og betra vaxtarrými.

XXIV Samson B. Harðarson, 2014, bls. 97.

XXV Sjá t.d. Bragi Bergsson, 2014, m.a. á bls. 37 og 93 og grein höfundar um Skrúð í Árbók Sögufélags Ísfrðinga 2013.

XXVI Sjá t.d. Ísfrðingur. 9. jan. 1957, bls. 8, Skutull. 24. des. 1958, bls. 13 og Ísfrðingur. 8. jan. 1966, bls. 8.

XXVII Upphaf þessa máls má rekja til fundar fræðslunefndar Ísafjarðar 22. september 1998, þar sem hugmyndin virðist koma fyrst fram með formlegum hætti.

XXVIII Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, 2010, bls. 157.

XXIX Skjalas. Ísafj. Fundargerðir bæjarstjórnar Ísafjarðar. 6. júní 2013. Í upphafi þessa sama fundar bæjarstjórnar var Ísafjarðarbæ formlega afhent viðurkenning sem annar almenningsgarður bæjarins, Skrúður á Núpi í Dýrafirði, hafði nýlega fengið og nefnist: Carlo Scarpa Prize for Gardens 2013. Við þetta tækifæri greindi Daníel Jakobsson bæjarstjóri einnig frá ferð sinni til Ítalíu í tilefni þessarar viðurkenningar. Það skýtur því nokkuð skökku við að síðar á fundinum hafi verið stuðlað að niðurbroti annars merkilegs almenningsgarðs í bænum, með því að breyta honum í skólalóð.

XXX Þó að í dag eigi þau ekkert sérstaklega við um sjálfstæðismenn fremur en aðra bæjarfulltrúa.

XXXI Austurvöllur, 1954b, bls. 4.

Höfundur: BRAGI BERGSSON

KROSSNEFUR
Loxia curvirostra



GLÓKOLLUR
Regulus regulus



BRANDUGLA
Asio flammeus

AUDNUTITTLINGUR
Carduelis flammea



EYRUGLA
Asio otus



HROSSAGAUKUR
Gallinago gallinago

Fuglar í íslenskum skógum



SKÓGARPRÖSTUR
Turdus iliacus



SVARTPRÖSTUR
Turdus merula



MARÍUERLA
Motacilla alba



skógræktin



BARRFINKA
Carduelis spinus



RJÚPA
Lagopus mutus



MÚSARRINDILL
Troglodytes troglodytes



ÞÚFUTITTLINGUR
Anthus pratensis



SKÓGARSNÍPA
Scolopax rusticola



Fundargestir í Skríðgarðinum á Húsavík. Mynd: RF

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2017

Skógræktarfélag Íslands hélt aðalfund sinn í Stórutjarnaskóla dagana 24. – 26. ágúst og var það 82. aðalfundur félagsins. Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga var gestgjafi fundarins þetta árið og var vel mætt á fundinn, en um 160 manns sátu hann. Fundarstjórar voru Jens B. Baldursson, Skógræktarfélagi Akraness og Sigurður Einarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, en fundarritarar voru Birna Davíðsdóttir, fyrir hönd Skógræktarfélags S-Þingeyinga og Jóhannes Benediktsson, Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Föstudagur 25. ágúst

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Rifjaði hann upp heimsókn í einn skóga Skógræktarfélags S-Þingeyinga fyrir nokkrum árum og minntist heimsóknina í fleiri slíka skógarlundi í gegnum tíðina. Minntist Magnús

á þá erfiðleika sem skógrækt hefði fengist við frá efnahagshruni, en taldi framtíð skógræktar þó bjarta og margt sem hægt væri að gleðjast yfir. Fór Magnús einnig stuttlega yfir helstu verkefni Skógræktarfélags Íslands frá síðasta aðalfundi. Þakkaði hann stuðningsaðilum félagsins fyrir þeirra framlag og sagði að lokum fundinn settan.

Næst á mælendaskrá var Agnes Þórunn Guðbergisdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Þingeyinga. Byrjaði hún á að bjóða fundargesti velkomna og sagði svo stuttlega frá sögu og helstu störfum Skógræktarfélags S-Þingeyinga og aðildarfélaga þess, en félagið er eitt af tveimur skógræktarfélögum sem er deildaskipt.

Næstur upp í pontu var Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri. Rifjaði hann upp heimsókn til Skotlands, en Skotar voru í svipuðum sporum hvað skógleysi varðar og Íslendingar fyrir um einni öld, en hafa náð að byggja upp nýtanlega skógar-



Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga, ávarpar fundargesti við upphaf aðalfundar á föstudegi. Mynd: RF

auðlind. Einnig fór hann yfir helstu óskir skógræktenda – að rækta meiri og betri skóga – og þær leiðir sem væru til þess. Sagði hann skógræktendur hér á landi rétt vera að byrja og horfði jákvæðum augum til framtíðar.

Síðust á mælendaskrá var Dagbjörg Jónsdóttir, sveitarstjóri Pingeyjarsveitar. Bauð hún fundargesti velkomna til Pingeyjarsveitar og rifjaði upp gróðursetningu sem barn með foreldrum og afa og ömmu, en þar hefði hún lært að þekkja trjátegundir. Óskaði hún svo fundargestum góðs fundar.

Að ávörpum loknum fór Magnús Gunnarsson sérstaklega yfir málefni Úlfjótswatns og sagði frá því helsta sem þar hefur verið gert og fyrirhugað er. Einnig minntist hann stuttlega á helstu verkefni Skógræktarfélags Íslands, en vísaði annars til starfsskýrslu félagsins, sem lá frammi á fundinum. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, fór stuttlega yfir reikninga félagsins, sem fylgdu starfsskýrslunni.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs, fór svo yfir skýrslu sjóðsins og svaraði fyrirspurnum um hana.

Að því loknu voru tillögur að ályktunum kynntar og þeim raðað á nefndir. Var Þröstur Ólafsson, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, skipaður formaður allsherjarnefndar, en Jónatan Garðarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, formaður skógræktarnefndar. Í kjörbréfanefnd voru skipaðar þær Kristín Davíðsdóttir og Elísabet Kristjánsdóttir, báðar frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar.

Því næst hélt Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri stutta kynningu á Pingeyjarsveit, þar sem farið var yfir helstu mál og tölur um sveitarfélagið – íbúafjölda, helstu stofnanir og atvinnumál. Agnes Þórunn kynnti svo skoðunarferð sem fyrirhuguð var síðdegis og var fundi svo frestað fram yfir hádegisverð.

Á dagskrá eftir hádegisverð var skoðunarferð. Byrjað var á að aka upp Reykjadal, þar sem finna má gróskulega skógarreiti, en þaðan var svo haldið til Húsavíkur,



Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings, segir frá Skrúðgarðinum í Húsavík og ræktun í kringum Húsavík. Mynd: RF

þar sem heimsóttur var Skrúðgarðurinn á Húsavík. Þar sögðu Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings og Jan Klitgaard, fyrrverandi garðyrkjustjóri Norðurþings, frá garðinum og ræktun í kringum bæinn. Sveitarfélagið Norðurþing bauð fundargestum upp á hressingu og leiddi Jan svo stutta göngu um skrúðgarðinn, þar sem sjá mátti margvíslegan fallegan gróður og vakti myndarleg snælenja sérstaka athygli margra fundar- gestanna. Frá Húsavík var svo haldið í

Fosselsskóg, skógarreit Skógræktarfélags S-Pingeyinga. Þar lentu fundargestir í smá ævintýri, þegar ein rútan sem ók lenti út af vegarkantinum og sat föst og hallandi og þurfti að kalla til gröfu til að koma henni aftur upp á veg. Fundargestir létu það ekki slá sig út af laginu, heldur gengu flestir þann spotta sem eftir var inn í skóginn, enda var sérlega fallett veður og bara hressandi að fá auka göngutúr. Í skóginum var byrjað á að stoppa við Geirasel, þar sem boðið var upp á smakk af grasöli, en þaðan var svo haldið í Kvennabrekku þar sem beið ilmandi súpa, meðlæti og tónlist og nutu fundargestir þess að dvelja í skóginum í kvöldblíðunni.



Í Skrúðgarðinum á Húsavík biðu fundargesta uppþúin borð með ýmsu heimabökuðu góðgæti og mæltist það vel fyrir! Mynd: RF

Laugardagur 26. ágúst

Dagskrá laugardagsins hófst á nefnda- störfum, en að þeim loknum tóku við fræðsluerindi. Hófust þau á erindum um uppgræðslu Hólasands; Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri sagði frá sögu uppgræðslunnar og Daði Lange Friðriksson, Landgræðslu ríkisins, sagði



Fundargestir njóta blíðviðrisins í Kvennabrekku í Fossselsskógi, en þar bauð Skógræktarfélag S-Þingeyinga upp á hressingu og tónlist. Mynd: RF

frá helstu framkvæmdum. Gunnhildur Ingólfssdóttir sagði frá gróðursetningu með sérstakri gróðursetningavél og sýndi myndskleið af henni í notkun. Því næst sagði Valgerður Jónsdóttir, Skógræktinni, frá frærækt á Vöglum og að lokum fjallaði Arnór Snorrason, Skógræktinni, um ýmsar niðurstöður úr úttektum íslenskrar skógar-



Á göngu í Fossselsskógi, en hann er einn skógarreiða Skógræktarfélags S-Þingeyinga. Mynd: RF

úttektar á Mógilsá á útbreiðslu og vexti náttúrulegra birkiskóga.

Að loknum hádegisverði var svo haldið í skoðunarferð og var farið í Vaglaskóg, þar sem Rúnar Ísleifsson skógarvörður og Valgerður Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölgunarefnis hjá Skógræktinni, tóku á móti fundargestum. Var byrjað á að skoða fræhöllina, þar sem lerkiblendingurinn Hrymur er framleiddur (auk ýmiss annars smálegs), en þaðan var haldið út í skóg. Byrjað var á að koma við hjá hæsta þekkta villta birkitré á landinu, sem er á fimmtánda metra á hæð, en þaðan haldið í trjásafnið og það skoðað. Að endingu buðu Skógræktin og Skógræktarfélag S-Þingeyinga upp á hressingu – ketilkaffi, eld-bakaðar lummur og fleira góðgæti.

Um kvöldið var svo komið að hátíðar-kvöldverði og hófst hann með fordrykk í boði Skógræktarfélags Íslands. Sáú gestgjafar fundarins svo um kvöldvöku, undir stjórn Arnórs Benónýssonar. Fimm félagar í Skógræktarfélagi S-Þingeyinga voru heiðraðir fyrir störf í þágu



Rúnar Ísleifsson skógarvörður ávarpar fundargesti við komu í Vaglaskóg. Mynd: RF

skógræktar, þau Atli Vigfússon, Álfhildur Jónsdóttir, Dagur Jóhannesson, Indriði Ketilsson og Ólafur Eggertsson.


Sunnudagur 27. ágúst

Á sunnudeginum tóku við hefðbundin aðalfundarstörf með afgreiðslu reikninga. Sjö tillögur að ályktunum voru bornar upp á fundinum, eftir umræður og meðferð í nefndum og ein tillaga að lagabreytingu, auk þess sem borin var upp breyting á

skipulagsskrá Landgræðslusjóðs. Þrjár breytingar voru gerðar á 7. grein laga Skógræktarfélags Íslands. Orðalagi var breytt á þann hátt að í stað „starfsmenn“ kom „starfsfólk“ og í stað „Skógræktar ríkisins“ kom „Skógræktarinnar“, þar sem Skógrækt ríkisins er nú orðin hluti Skógræktarinnar. Einnig var landgræðslustjóra bætt við sem aðila sem sæti ætti á aðalfundi. Tillögur að breytingu á skipulagsskrá Landgræðslusjóðs voru allar samþykktar, af 56 fulltrúum af 58. Engin mótakvæði voru. Sex tillögur að ályktunum voru samþykktar, en einni var vísað til stjórnar Skógræktarfélags Íslands til frekari vinnslu. Ályktanir samþykktar á fundinum voru:

Ályktun 1: Framlag til aðalfundar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, samþykkir að aukið sé framlag til þess félags sem heldur aðalfund Skógræktarfélags Íslands hverju sinni.



Eins og sjá má á „matseðlinum“ kom mikið af því góðgæti sem boðið var upp á í Kvennabrekku úr héraðinu. Mynd: RF



Þótt í Fræðhöllinni á Vöglum sé fyrst og fremst verið að framleiða lerkikynblendinginn Hrym má þar einnig finna smá magn af öðrum tegundum sem verið er að rannsaka, eins og þessa fjallaþini sem eru hér í forgrunni. Mynd: RF

Ályktun 2: Upplýsingamiðlun til formanna skógræktarfélaga

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, beinir því til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að bæta upplýsingagjöf til formanna aðildarfélaganna.

Ályktun 3: Landgræðsluskógar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að gera 10 ára samning um framhald Landgræðsluskógarverkefnisins á haustdögum en samningurinn rennur út á næsta ári.

Ályktun 4: Efling bændaskógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, leggur til að bændaskógrækt verði eflað og aukin til muna. Mikill áhugi er meðal bænda á að stunda skógrækt

á jörðum sínum og samfélagslegur ávinningur af skógræktarstarfi þeirra er margþættur. Skógrækt getur stutt við og að einhverju leyti komið í stað búgreina sem eiga undir högg að sækja. Skógar bæta búsetuskilyrði til muna, auka verðmæti jarða og munu þegar fram í sækir verða mikilvæg náttúruauðlind.

Ályktun 5: Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld nýti skógrækt markvisst sem aðgerð í loftslagsmálum. Felur fundurinn stjórn félagsins að senda upplýsingar þessa efnis á vefinn CO2.is þar sem stjórnvöld safna tillögum frá almenningi um vænlegar aðgerðir í loftslagsmálum.



Við hátíðarkvöldverð á laugardegi voru fimm félagar í Skógræktarfélagi S-Pingeyinga heiðraðir fyrir störf í þágu skógræktar og tóku þau við skjali því til staðfestingar frá Magnúsi Gunnarssyni, formanni Skógræktarfélags Íslands. Fr. Ólafur Eggertsson, Indriði Ketilsson, Dagur Jóhannesson, Álfhildur Jónsdóttir, Atli Vigfússon og Magnús Gunnarsson. Mynd: Hrefna Einarsdóttir

Ályktun 6: Átak í fræsöfnun af birki haustið 2017

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur skógræktarfélög um land allt til að halda fræsöfnunardag í birkiskógum á degi íslenskrar náttúru þann 16. september. Mikið fræ er á birki víða um land og tækifæri til að safna miklu magni eftir þetta hlýja sumar. Fræinu mætti

dreifa á skógræktarsvæði eða senda til Hekluskögaverkefnisins eða sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum sem gætu séð um að dreifa fræinu á hentug lönd.

Kosningar

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir áttu að ganga úr stjórn. Sigrún gaf kost á sér áfram, en Sigríður Júlía ekki. Færði Magnús Gunnarsson Sigríði Júlíu blómvönd með þökkum fyrir störf hennar í stjórn. Stungið var upp á Laufeyju B. Hannesdóttur í stjórn félagsins í stað Sigríðar Júlíu og voru þær Sigrún og Laufey kosnar með lófataki. Því næst var gengið til kosninga um varastjórn og voru Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Jens B. Baldursson kosin sem varamenn. Þá var komið að kosningu til formanns, en Magnús Gunnarsson hafði tilkynnt að hann óskaði eftir því að ganga úr stjórn og hætta sem formaður Skógræktarfélags Íslands. Óskað var eftir framboðum til formanns og var stungið upp á Jónatan Garðarssyni, frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Engar



Tveir aðilar hættu í aðalstjórn Skógræktarfélags Íslands á fundinum, þau Magnús Gunnarsson formaður og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir stjórnarmaður. Voru þau bæði kvædd með blómvendi. Mynd: RF



Nýkjörin aðal- og varastjórn hélt sinn fyrsta fund strax að aðalfundi loknum. F.v. Jens B. Baldursson, Páll Inghórf Kristinsson, Puriður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Valgerður Auðunsdóttir, Jónatan Garðarsson, Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Á myndina vantar Sigrímu Stefánsdóttur, Laufeyju B. Hannesdóttur og Kristín H. Þorsteinsson. Mynd: RF

aðrar tillögur komu og var Jónatan því kosinn einróma. Félagslegir skoðunarmenn voru endurkjörnir einróma þeir Halldór Halldórsson og Árni Þórólfsson og Kjartan Ólafsson og Sigríður Elefsen til vara.

Þar sem aðalfundurinn hafði samþykkt breytingu á skipulagsskrá Landgræðslusjóðs þess efnis að einn fulltrúi Skógræktarfélags Íslands í stjórn sjóðsins væri kosinn beinni kosningu á aðalfundi var kallað eftir tilnefningum til stjórnar sjóðsins. Var stungið upp á Lýdú Rafnsdóttur og Gísla Eiríkssyni til vara. Engar aðrar tillögur komu og voru þau því kosin með lófataki.

Lok fundar

Jón Ragnar Örlygsson, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, steig upp í pontu og bauð til næsta aðalfundar á Hellu, dagana 31. ágúst til 2. september 2018.

Jónatan Garðarsson þakkaði fundargestum fyrir kosningu sem formaður Skógræktarfélags Íslands og lofaði því að gera sitt besta til að sinna því starfi vel.

Síðastur tók til máls Magnús Gunnarsson. Þakkaði hann gestgjöfunum í Skógræktarfélagi S-Pingeyinga fyrir fundinn. Einnig þakkaði hann starfsmönnum fundarins fyrir störf sín og færði þeim konfekt sem þakklætisvott. Að lokum sleit hann fundi.

Höfundur: RAGNHILDUR
FREYSTEINSDÓTTIR



Vigdís Finnbogadóttir og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga við Vigdísar-rjóður í Fossselsskógi. Þar voru settar niður birkiplöntur árið 2015, í tilefni þess að þá voru 35 ár liðin frá því Vigdís var kosin forseti Íslands, fyrst kvenna í heiminum til að gegna embætti þjóðkjörins forseta. Mynd: RF

Skógræktarárið 2016

Skógræktarfélag Íslands hefur um langt skeið tekið saman helstu magntölur um skógræktarstarfið á ári hverju og er hér gerð grein fyrir þeim í máli og tölum. Þessar tölur byggja á svörum við spurningalista sem sendur er út til þeirra sem koma að einhverjum hætti að skógrækt í landinu. Ekki hafa borist svör frá öllum sem fengu sendan spurningalistann og vel má vera að einhverjir í skógrækt séu ekki með í könnuninni. Því eru þær upplýsingar sem hér eru birtar ekki tæmandi þó að vel megi halda því fram að lítið vanti upp á að svo sé.

Talsverðar breytingar urðu á skipan ríkisstofnana í skógrækt á árinu. Skógræktin varð til þegar landshlutaverkefni fimm í skógrækt, Vesturlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Norðurlandsskógar, Suðurlandsskógar og Héraðs- og Austurlandsskógar, sameinuðust Skógrækt ríkisins.

Forsöguna þekkja margir en í nokkur ár hafði verið rætt um breytingar í stjórnsýslu skógræktarmála. Á vordögum 2015 setti þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra saman starfshóp sem fékk það verkefni að skoða fýsileika þess að hefja vinnu við sameiningu og skilaði starfshópurinn af sér skýrslu um haustið. Í kjölfarið var farið að undirbúa og innleiða sameiningu. Sú vinna hófst með stofnun stýrihóps í janúar 2016 sem vann undir verkstjórn sérfræðings frá Capacent. Í þessari vinnu, við innra skipulag stofnunarinnar, var starfsfólkið virkjað og þess gætt að fá fram ólík sjónarmið. Um vorið lá fyrir stefna og stjórnskipulag Skógræktarinnar og í júní voru samþykkt lög um sameininguna, sem tók gildi 1. júlí 2016.

Allt sem snýr að framkvæmdum hjá Skógræktinni, þ.e. verkefni gömlu landshlutaverkefnanna og þjóðskógar-

deilda, heyra nú undir skógarauðlindasvið Skógræktarinnar. Skógarauðlindasviði er skipt upp í þrjár deildir; skógarþjónustu, þjóðskóga og fræmál (sem snýr að öflun erfðaefnis).

Í ljósi þess að með þessu er stór hluti gagnaöflunar á hendi Skógræktarinnar er eðlilegt að sá starfsmaður sem hefur umsjón með gagnaöflun og samantekt sé meðhöfundur að samantekt þessari. Þá var ákveðið að leita til Rakelar J. Jónsdóttur, sérfræðings hjá Skógræktinni, um samantekt á upplýsingum um plöntuframleiðslu.

Þar sem áðurnefndar breytingar áttu sér stað á miðju ári 2016 koma þær þó ekki að fullu fram í framsetningu á tölulegum upplýsingum fyrir en á árinu 2017.

Áburðargjöf

Um nokkurra ára skeið hafa verið birtar upplýsingar um áburðargjöf í skógrækt. Uppgefnar tölur eru umreiknaðar yfir í hreint köfnunarefni. Hvatinn að því er að gera þarf grein fyrir áburðargjöf í loftslagsbókhalda til stjórnvalda. Einnig geta þessar upplýsingar vakið til umhugsunar og verið hvetjandi en eins og rannsóknir hafa sýnt þá flýtir markviss áburðargjöf í upphafi fyrir að sýnilegur árangur náist í skógræktinni. Allar tölur byggja á skráðum áburðar- notkunartölum vegna innkaupa á áburði, nema tölur frá Vesturlandsskógum, en þar sjá bændur sjálfir um innkaup áburðar og er því áburðargjöf reiknuð út frá innsendum skýrslum frá skógarbændum.

Ársverk

Sem fyrr er spurt um ársverk launaðra starfa og gengur betur en áður að samhæfa þá framsetningu hvað landshlutaverkefni varðar. Þá bárust upplýsingar frá tíu skógræktarfélögum og þar með vel flestum



Lerki unnið hjá Skógarvinnslunni ehf á Viðivöllum í Fljótsdal var notað til klæðningar á Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Mynd: Bjarki M. Jónsson

sem hafa launaða starfsmenn. Loks bárust upplýsingar frá tveim einkareknum afurðastöðvum. Fjöldi ársverka er eilítið hærri en árið á undan og skýrist það trúlega með bættri skráningu. Þó ber að geta þess að listinn er ekki tæmandi. Öll vinna sem gefin er upp frá Skógræktinni er launuð vinna, upplýsingar fengnar úr launabókhaldi stofnunarinnar. Rétt er að það komi einnig fram að verktakavinna, t.d. vegna skógarhöggs hjá Skógræktinni, er ekki inni í tölunum.

Þegar ársverk eru reiknuð út hjá landshlutaverkefnum er bæði um að ræða fjölda starfsmanna og einnig eru fundin út ársverk miðað við gróðursettar plöntur. Þær forsendur sem liggja þar að baki eru að eitt ársverk svari til u.þ.b. 2.000 klst. vinnu. Fyrir gróðursetningu er miðað við að gróðursettar séu 800 plöntur á dag. Það þýðir að fyrir hverja eina milljón skógarplantna sem eru gróðursettar liggja fimm ársverk í gróðursetningu.

Ýmsir aðilar koma að verkefnum á vegum skógræktarfélaganna, m.a. sjálfboðaliðar og ungmenni í sumarvinnu, sveitarfélög, Landsvirkjun, Landsnet og fleiri. Það vinnuframlag er að mestu utan við þessar tölur, þótt verulega muni um framlög þeirra til skógræktar.

Fræ

Árið 2016 var fremur slakt fræár en gert var átak í að safna stafafurufraei af Skagway uppruna. Mestu var safnað í Daniélsundi en þar var verið að grisja stafafuruteig sem var gróðursettur um 1970. Flokkur skógræktarfélks gekk um grisjunarsvæðið og tindi köngla. Hafði hópurinn nokkur hundruð kíló upp úr krafsinu sem ættu að geta gefið fræ í tugþúsundir trjáplantna til frekari afreka í skógrækt. Í Daniélsundi var ein stærsta samfellda stafafurugróðursetning á sinni tíð. Árið 1964 voru gróðursettar á þessum stað 8.500 stafafuruplöntur frá Skagway í Alaska, 15.000 árið eftir og áfram var haldið næstu árin. Þá var þetta opið svæði, berskjaldað fyrir öllum vindáttum, og er sagt að ræktunin hafi gengið heldur brösuglega fyrstu áratugin. Særokið af Faxaflóa lék skóginn grátt í vetrarveðrum, furutrén urðu rauðleit og sýndust dauð, en alltaf náðu þau sér þó aftur á strik á endanum og urðu að myndarlegum trjám. Grisjun furuskógar er upplagt tækifæri til fræsöfnunar því eftir grisjunina liggja greinar trjánna eftir í skóginum og auðvelt að tína af þeim könglana.

Sem fyrr er Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hvað duglegast við fræsöfnun og safnar nær árlega fræi af fjölmörgum tegundum og er það dýrmætt starf sem Hafnirðingar vinna á ári hverju.

Gróðursetning helstu skógræktaraðila

Fjöldi gróðursettra skógarplantna er svipaður og undanfarin ár eða líðlega þrjár milljónir. Sem fyrr er mest gróðursett af birki en stafafura veltir rússalerki úr

Söluandvirði skógarafurða 2016

(Sniðið eftir FAO, Global Forest Resources Assessment. Guidelines for Country Reporting)

Afurð	Alls kr.
Viðarafurðir	62.571.000
Eldiviður	34.090.000
Aðrar skógarafurðir:	
Jólatré og greinar	55.507.000
Sveppir og ber	
Hráefni til lyfja- eða kryddframleiðslu	1.933.000
Hráefni til litagerðar	
Hráefni til áhaldagerðar, handverks og hönnunar	538.000
Skrautjurtir	
Safi, kvoða	126.100
Aðrar plöntuafurðir	1.974.000
Dýr og dýraafurðir:	
Lifandi dýr	
Húðir, skinn og "trophies"	
Hunang og bývax	18.000.000
Villibráð	
Hráefni til lyfjagerðar	
Hráefni til litagerðar	
Aðrar ætar dýraafurðir	
Aðrar óætar dýraafurðir	
Samtals	174.738.705

öðru sæti. Fimm tegundir hafa lengi verið uppistaðan í skógræktinni en athygli vekur að lerkiblendingur á milli rússalerkis og evrópulerkis, sem fengið hefur yrkisnafnið Hrymur, hefur að því er virðist fest sig í sessi sem sjötta algengasta tegundin. Ef framboð á fræi af Hrymi úr fræhúsinu á Vöglum eykst er líklegt að hann festi sig í sessi sem ein af aðal trjátegundum í íslenskri skógrækt. Ástæða þess er að Hrymur hefur blendingsprótt, virðist vel aðlagður loftslagi víðast hvar um landið og þrífst vel í rýrum jarðvegi. Slíka tegund hefur einmitt vantað, ekki síst um sunnan- og vestanvert landið, þar sem rússalerkið á erfitt með aðlögun að mildum vetrum og tíðum vorfrostum eftir ótímabær hlýindi.

Flatarmál gróðursetninga er reiknuð tala en sem fyrr eru forsendurnar misjafnar eftir því hvaða framkvæmdaraðili á í hlut. Viðmiðið er 3.300 plöntur/ha hjá Skógræktarfélagi Íslands og 3.000 plöntur/ha hjá flestum landshluta-verkefnum, nema hjá Vesturlandsskógum þar sem viðmiðið er 2.500 plöntur/ha fyrir allar tegundir, nema stafafuru þar sem viðmiðið er 4.500 plöntur/ha.

Skógræktin vinnur nú að því að halda enn betur utan um flatarmál nýgróðursetninga með því að virkja bændur til að skrá útlínur gróðursetninga með snjallsímaforriti sem heitir Avenza. Gert er ráð fyrir að innleiðing á þeirri aðferð taki nokkurn tíma en þegar það hefur náðst er hægt að gefa upp raunverulegt flatarmál

gróðursetninga, ekki reiknað flatarmál eins og nú er. Nánari upplýsingar um þetta snjallsímaforrit má finna á heimasíðu Skógræktarinnar www.skogur.is/skograekt/fraedsluefni/gps-skraning-grodursetninga/.

Gróðrarstöðvar

Eins og vikið var að hér að framan þá er upplýsingaöflun um plöntuframleiðslu nú á hendi Skógræktarinnar og er það Rakel J. Jónsdóttir sem fékk það hlutverk. Hún hefur um nokkurt skeið haft með gæðaprófanir á skógarplöntum að gera og þekkir því vel til í greininni. Þar sem greinahöfundar koma að innkaupum og umsjón með plöntukaupum þótti eðlilegra

að slík gagnaöflun væri á hendi annarra sem síðan senda aðeins frá sér heildartölur þær sem hér birtast. Upplýsingar bárust frá eftirtöldum framleiðendum skógarplantna: Álmi, Barra ehf, Kvistum, Mörk, Nátthaga, Sólskógum og Töfrastikklingum.

Grisjun

Upplýsingar um grisjun skila sér nú betur en áður frá Skógræktinni og skógræktarfélagum. Grisjun eykst úr 203 hekturum í 213 hektara, þar af er rjóðurfellt á 2 hekturum. Þessar tölur eiga að öllum líkindum eftir að hækka með hverju árinu, einnig gisjun í ungskógum (sem einnig er oft kölluð millibilsjöfnun eða bilun).

Jólatré

Sala á íslenskum jólatrjáum var heldur meiri en árið á undan, sem var botnár. Tölur bárust frá Landssamtökum skógareigenda og Skógræktinni. Þá bárust upplýsingar frá ellefu skógræktarfélagum en vitað er að fleiri skógræktarfélag selja jólatré. Þótt ekki séu það mörg tré á hverjum stað þá gæti það numið hundruðum trjáa sem eru vantalín þar. Hins vegar má ætla að annmarkar í gagnaöflun séu svipaðir á milli ára.

Viðarafurðir

Sala á timbri og viðarafurðum dregst saman um tæpa 1.200 rúmmetra og hefur sterk staða krónunnar vafalaust einhver áhrif. Mestu munar um að ekkert kurl var selt til orkuframleiðslu á þessu ári.

Upplýsingar bárust frá fimm skógræktarfélagum en auk þess er timbur frá einhverjum félagum inni í tölum Skógræktarinnar um kurl til iðnaðar (Járnblendid) og var þess gætt að það tvíbókist ekki. Þau tímamót urðu á árinu að ný viðarvinnsla tók til starfa á Fljótsdalshéraði og fengust greinagóðar upplýsingar frá forsvarsmönnum hennar. Þar hefur verið fjárfest myndarlega í aðstöðu og búnaði til viðarvinnslu og er það vel,

Afhentar plöntur úr helstu gróðrarstöðvum á landinu árið 2016

Trjátægund	Fjöldi alls
Ilmbirki	853.297
Rússalerki	712.244
Stafafura	694.837
Sitkagreni	340.028
Alaskaösp	259.768
Lerkiblendingur, Hrymur	75.327
Blágreni	67.773
Hvítsitkagreni	61.260
Lindifura	27.004
Hvítgreni	15.000
Evrópulerki	14.254
Gráelri	11.830
Skógarfura	11.729
Gulvíðir	11.026
Hengibjörk	10.979
Bergfura	10.744
Jörfavíðir	9.764
Rauðgreni	7.245
Ilmreynir	5.478
Viðja	5.426
Sitkaelri	4.520
Svartgreni	4.080
Fjallaþinur	3.120
Askur	3.100
Brekkuvíðir	2.922
Loðvíðir	2.244
Grásteinavíðir	1.600
Þorláksvíðir	1.600
Alaskavíðir	1.325
Bersarunni	1.000
Hreggstaðavíðir	945
Broddfura	240
Dögglingisviður	240
Fjallafura	480
Sitkavíðir	200
Selja	80
Rauðelri	10
Samtals	3.232.479

Því fjárfestingafælni hefur of lengi einkennt skógargeirann og staðið í vegi framfara.

Söluandvirði skógarafurða

Vel er haldið utan um virði skógarafurða hjá Skógræktinni en torveldara er að nálgast þær upplýsingar hjá einkaaðilum en þó bárust upplýsingar frá Félagi býflugna-bænda, Holti og heiðum, Hraundísi ehf., Fellsskógi ehf. og Skógarafurðum ehf. Þá bárust upplýsingar frá tíu skógræktar-félögum.

Hollur er heimafenginn viður þótt ei í hagtölur rati

Sífelldt algengara verður að ræktaðir skógar séu vaxnir upp í þá stærð sem gefur af sér timbur í burðarvirki mannvirkja og klæðningar, bæði úti og inni. Á Vallarnesi hefur lengi verið stundað brautryðjenda-starf í lífrænni ræktun samhliða skógrækt. Þar var nýtt móttökuhús tekið í notkun, sem klætt er með alaskaösp sem felld var á Vallarnesi og allur annar viður sem notaður var í bygginguna er úr íslenskum skógum.

Vitað er um fleiri svipuð dæmi af afspurn en gagnlegt væri að fá upplýsingar um slíkt frá viðkomandi aðilum.

Þakkir og lokaorð

Höfundar vilja þakka þeim fjölmörgu forsvarsmönnum skógræktarverkefna, stofnana, skógræktar-félaga, gróðrarstöðva, fyrirtækja og einstaklinga sem hafa veitt upplýsingar í þessa samantekt. Rakel

J. Jónsdóttir fær sérstakar þakkir fyrir upplýsingaöflun frá skógarplöntufram-leiðendum. Arnór Snorrason, skógfræð-ingur og sérfræðingur á Rannsóknarstöð Skógræktarinnar, las yfir töflur og texta og kom með gagnlegar ábendingar. Ragnhildur Freysteinsdóttir las yfir texta og töflur og kunnum við henni bestu þakkir fyrir.

Þótt ýmsu sé gerð skil í samantekt þessari þá gefur hún skógræktarstarfi í landinu ekki tæmandi skil. Það má velta því fyrir sér að almennt um gagnaöflun sem þessa þá skiptir það máli fyrir skógrækt á Íslandi að rauntölur um uppskorin verðmæti úr skógum og myndun starfa séu sem næst raunveruleikanum. Það er mikilvægt að geta bent með sannanlegum hætti á hversu gjöfult skógræktarstarfið sé. Fyrir utan að græða upp og klæða landið skógi þá eru að verða til heilmikil verðmæti sem skipta okkur öll máli.

Til að mynda kemur ekki fram hversu margir skógar eru tilbúnir að taka á móti fólki enda er það skilgreiningaratriði. Þess má þó geta að nýverið var sextándi skógur á vegum skógræktarfélaganna krýndur inn í Opinn skóg. Þá hefur mikið starf verið unnið í Kjarnaskógi við Akureyri

Höggvin jólatré 2016 (fjöldi)

Aðili	Stafafura	Rauðgreni	Sitkagreni	
Skógræktarfélag	2.577	719	850	
Skógrækt ríkisins	699	617	99	
Skógarbændur & einkaaðilar	723	285		
Alls	3.999	1.621	949	
Hlutfall af heild	48,7%	19,7%	11,6%	

Flatarmál gróðursetninga í landinu árið 2016 (ha)

Lýsing	Skógrækt ríkisins	Skógræktar-félög*	Landgræðslu-skógar	Héraðs- & Austurl.-skógar	Suðurlands-skógar	
Nýgróðursetning	74	60	120	110	180	
Endurgróðursetning	18	4	15		20	
Alls	92	64	135	110	200	

Trjáfræ safnað 2016 (kg)

Trjátegund	Skógræktin	Skógræktar-félög	Hekluskógar	Alls
Alaskasýprus		0,02		0,02
Degli		0,02		0,02
Fjallafura		0,42		0,42
Gráelri		3,10		3,10
Ilmbjörk	1,20	0,25	10,00	11,45
Lerkiblendingur, Hrymur	1,34	0,00		1,34
Lindifura	3,90	11,20		15,10
Marþöll		0,01		0,01
Rauðgreni		0,11		0,11
Sitkaelri		0,70		0,70
Sitkagreni		1,55		1,55
Stafafura	10,93	13,70		24,63
Blæelri		0,45		0,45
Hærueelri		0,12		0,12
Rauðelri		0,26		0,26
Ryðelri		0,83		0,83
Kákasusbirki		0,01		0,01
Kóreulífviður		0,04		0,04
Sveigfura		0,10		0,10
Evrópulerki		0,15		0,15

	Blágreni	Fjallaþinur	Síberíuþinur	Lindifura	Tegund óskilgr.	Alls
	644	165	2		145	5.102
	292	109				1.816
	262				20	1.290
	1.198	274	2	0	165	8.208
	14,6%	3,3%	0,0%	0,0%	2,0%	100,0%

	Vesturlands-skógar	Skjólaskógar á Vestfjörðum	Norðurlands-skógar	Landgræðsla ríkisins	Hekluskógar	Alls
	105	56	227	60	140	1.132
		116				173
	105	172	227	60	140	1.305

á sviði útivistaraðstöðu sem ekki sést merki í þessum tölum. Vel mætti hugsa sér samantekt þar sem taldir eru upp skógar sem uppfylla ákveðna stjörnujöf út frá útivistaraðstöðu. Fjöldi gistinátta á tjaldstæðum í skógum landsins gæti einnig verið áhugavert að skoða. Ekki er heldur tíundað hve margir kílómetrar göngustíga liggja um skóga landsins eða hversu margir bættust við á síðasta ári og þannig mætti lengi telja. Það er markmið greinarhöfunda að endurskoða framsetningu efnisins og bæta enn í þær upplýsingar sem gætu komið að gagni til að hafa töluleg yfirlit yfir skógræktarstarf á Íslandi ár hvert. Allar ábendingar um efnistöð eru vel þegnar.

Borið á skóg sem gróðursettur er eftir 1990 Ár 2016

	Tonn N
Skógræktarfélag	0,40
Skógræktin, þjóðskógar	0,04
Hekluskógar	0,60
Héraðs- og Austurlandsskógar	0,47
Norðurlandsskógar	0,47
Suðurlandsskógar	0,22
Vesturlandsskógar	0,05
Skjólsskógar	0,14
Samtals	2,20

KEÐJUSAGARJAKKI



Verð kr
18.251
m. vsk

KEÐJUSAGARREGNSTAKKUR



Verð kr
10.719
m. vsk

KEÐJUSAGARSTÍGVÉL



Verð kr
20.435
m. vsk

KEÐJUSAGARBUXUR



Verð kr
22.304
m. vsk

KEÐJUSAGARREGNBUXUR



Verð kr
10.719
m. vsk

KEÐJUSAGARSKÓR



Verð kr
44.881
m. vsk



Viðarframleiðsla 2016 (m³)

Afurð	Skógræktin	Skógræktarfélag	Einkaaðilar	Alls
Bolviður greni	78	16		94
Bolviður lerki	3	3	20	26
Bolviður birki	2	2		4
Bolviður ösp	1	0		1
Bolviður annað	97	0		97
Borðviður greni	30	18		48
Borðviður fura	1	5		6
Borðviður lerki	16	4	29	49
Borðviður birki	2	0		2
Borðviður ösp	0	10		10
Borðviður annað	18	0		18
Arinviður birki	416	47	50	513
Arinviður barr	204	124	17	345
Arinviður ösp/annað	2	5		7
Kurl lerki	58	0	10	68
Kurl greni/fura	156	70		226
Kurl birki/annað	7	0		
Kurl til orkuframleiðslu			590	590
Kurl til iðnaðar	1.825	0		1.825
Spænir/sag, undirburður	5	5	103	113
Girðingarstaurar	6	1		7
Samtals	2.927	310	819	4.048

m³: Um er að ræða rúmmetramál viðkomandi afurðar. Þannig gefur bolviður bolrúmmál en borðviður rúmmál á söguðum borðum o.s.frv. Reikna má með að einn rúmmeter af bolvið gefi um 0,4 - 0,5 rúmmetra af borðviði, en afsagið nýttist í annað, s.s. kurl. Rúmmál kurls miðast við bolviðarrúmmál þess viðar sem kurlaður er. Miðað er við að 1 m³ af bolviði verði 2,5 m³ af kurl

Grisjun, gisjun og rjóðurfelling 2016 (ha)

Lýsing	Skógræktin þjóðskógar	Skógræktar- félög	Héraðs-& Austurl.- skógar	Vesturlands- skógar	Norðurlands- skógar	Alls
Grisjun	24	25				49
Gisjun í ungskógi		6	132	3	21	162
Rjóðurfelling	2					2
Alls	26	31	132	3	21	213

Helstu tölur um gróðursetningu í landinu árið 2016 (fjöldi)

	Opinberar stofnanir			Skógræktarfélög			
Trjátegund	Skógræktin þjóðskógar	Landgræðsla ríkisins	Heklu- skógar	Skógræktar- félög*	Landgræðslu- skógar	Yrkjusjóður	
Ilmbirki	23.149	56.709	251.407	6.945	182.575	11.670	
Stafafura	82.566			33.455	55.007	268	
Rússalerki					59.563		
Sitka- og hvítsitkagreni	32.280			44.839	55.160	160	
Alaskaösp	27.629			1.635	31.039		
Lerkiblendingur, Hrymur	8.640			560	15.879		
Blágreni				3.996	30.654		
Lindi- og sembrafura				311			
Reyniviður				610	5.492	70	
Evrópulerki					4.355		
Berg- og fjallafura				5.915	3.484		
Skógarfura				1.120			
Hengibirki							
Gulvíðir					5.080		
Rauðgreni	3.339			837			
Jörfaviðir					4.200		
Gráelri	440			1.405			
Hvítgreni							
Viðja							
Fjallaþinur	2.040			204			
Loðvíðir							
Sitkaelri	1.560			70			
Degli				1.406			
Alaskaviðir				70			
Askur				37			
Fjalla- og marþöll				365			
Sólber/rífs				110			
Heggur				100			
Eplatré, ýmis				77			
Ýmsar tegundir	4.188	44.350		247		200	
Ýmsar lerkitegundir		20.100					
Ýmsar tegundir runna				310			
Ýmsar víðitegundir						280	
Ýmsar reynitegundir				1.203			
Ýmsar elritegundir				280		200	
Ýmsar þintegundir				162			
Ýmsar grenitegundir				79			
Ýmsar furutegundir				62			
Samtals	185.831	121.159	251.407	106.410	452.488	12.848	
		558.397		571.746			
	18%			18%			

	Landshlutaverkefni						
	Héraðs- & Austurl. skógar	Suðurlands- skógar	Vesturlands- skógar	Skjólsskógar á Vestfjörðum	Norðurlands- skógar	Fjöldi alls	Hlutfall af heild
	13.266	88.386	46.760	78.810	65.033	824.710	26,53%
	119.203	75.834	124.260	20.107	135.977	646.677	20,81%
	149.812		34.700	18.291	379.708	642.074	20,66%
	12.856	162.159	68.446	15.920	20.452	412.272	13,26%
	11.716	96.646	18.970	18.511	30.998	237.144	7,63%
	8.960	12.680	10.080	1.600	12.840	71.239	2,29%
	19.400	720		2.999		57.769	1,86%
	14.040		10.280	1.995		26.626	0,86%
	2.256	853		360	4.700	14.341	0,46%
			3.440	5.340		13.135	0,42%
				2.320		11.719	0,38%
	10.560					11.680	0,38%
	5.640				4.300	9.940	0,32%
				1.575		6.655	0,21%
		200				4.376	0,14%
						4.200	0,14%
				1.240		3.085	0,10%
				3.000		3.000	0,10%
	960				2.016	2.976	0,10%
					350	2.594	0,08%
				1.820		1.820	0,06%
						1.630	0,05%
						1.406	0,05%
				780	240	1.090	0,04%
						37	0,00%
						365	0,01%
						110	0,00%
						100	0,00%
						77	0,00%
				5.086		54.071	1,74%
						20.100	0,65%
		9.424				9.734	0,31%
		7.315		540	1.207	9.342	0,30%
						1.203	0,04%
						480	0,02%
						162	0,01%
						79	0,00%
						62	0,00%
	368.669	454.217	316.936	180.294	657.821	3.108.080	100%
	1.977.937						
	64%						

Fjöldi ársverka við skógrækt 2016

Launuð störf:	Skógræktin	Skógrækt á lögbýlum	Skógræktar-félög	Hekluskógar	Gróðrar-stöðvar	Alls
Stjórnunarstörf	9,9	15,6	5,2	0,3		31,0
Skógrækt*	27,9	10,0	13,7	1,3		52,9
Skógarhögg og framl. viðarafurða		3,0	3,4			6,4
Ræktun og sala jólatrjáa		1,0	1,6			2,6
Mannvirkjagerð**			6,9			6,9
Plöntuframleiðsla			0,0		11,0	11,0
Rannsóknir	11,5		0,5	0,3		12,3
Annað:			1,0	0,2		1,2
Alls	49,3	29,6	32,4	2,0	11,0	124,2

* Gróðursetning, áburðargjöf, gisjun, umhirða

** Svo sem girðingar, vegir, stígar, aðstaða og önnur mannvirki

*** Ársverk svarar til u.þ.b. 2.000 klst. í vinnu

Um helgar 25.11. — 17.12.
12:00 — 17:00

Opð 9.-10. og 16.-17.12.
11:00 — 16:00



Skógræktarfélag Reykjavíkur
VIÐ ELLIÐAVATNSBÆ — WWW.HEIDMORK.IS

*Eftirtalín skógræktarfélög óska öllum velunnurum skógræktar
gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs - með þökkum fyrir árið sem er að líða*

Skógræktarfélag Akraness

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga

Jólaskógurinn á Gunnfríðarstöðum verður opinn helgina 16.–17. desember kl. 11–15.
Kakó og kex við varðeldinn. Fyrir hvert selt jólatré er hægt að gróðursetja nokkur ný.

Skógræktarfélag Austurlands

Skógræktarfélag Austur-Skaftfellinga

Skógræktarfélag Bíldudals

Skógræktarfélag Borgarfjarðar

Skógræktarfélag Djúpavogs

Skógræktarfélag Eskifjarðar

Skógræktarfélag Eyfirðinga

Skógræktarfélag Eyrarsveitar

Jólatrjáasala í Brekkuskógi við Grundarfjörð og í Eiðisskógi við Kolgrafarfjörð helgina 16.–17. desember. Sjá nánar á fésbókarsíðu félagsins.

Skógræktarfélag Fáskrúðsfjarðar

Skógræktarfélagið Fossá í Hvalfirði

Jólatrjáasala á Fossá 9.–10. og 16.–17. desember. Sjá nánar á skog.is.

Skógræktarfélag Garðabæjar

Opinn jólaskógur í Sandahlíð, aðkoma af Elliðavatnsvegi, laugardaginn 16. desember kl. 12–16.
Eitt verð á öllum tegundum jólatrjáa kr. 7.000 - en kr. 6.000 fyrir félagsmenn gegn framvisun félagsskírteinis. Kakó og piparkökur.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Jólatrjáa- og skreytingasala við Kaldárselsveg (Þöll). Ópið helgarnar 9.–10. og 16.–17. desember kl. 10–18. Viðskiptavinir fá heitt súkkulaði.

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Skógræktarfélag Kjalarness

Skógræktarfélag Kópavogs

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Jólatrjáasala í Hamrahlíð við Vesturlandsveg frá 9. desember fram til jóla.
Sjá nánar á skogmos.net og skog.is.

Skógræktarfélag Mýrdælinga

Skógræktarfélagið Mörk

Skógræktarfélag Neskaupsstaðar

Skógræktarfélag Patreksfjarðar

Skógræktarfélag Reyðarfjarðar

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Jólamarkaður og jólatrjáasala í Heiðmörk við Elliðavatnsbæinn allar helgar á aðventunni kl. 12–17.
Einnig hægt að höggva eigið jólatré og kaupa á Hólmsheiði helgarnar 9.–10. og 16.–17. desember kl. 11–16.
Sjá nánar á heidmork.is og á fésbók undir „Jólamarkaður í Heiðmörk“.

Skógræktarfélag Siglufjarðar

Skógræktarfélag Skagastrandar

Skógræktarfélag skáta við Úlfjótsvatn

Skógræktarfélag Skilmannahrepps

Skógræktarfélag Suðurnesja

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga

Skógræktarfélag Tálknafjarðar

Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli

Skógræktarfélagið Nýgræðingur



GARÐABÆR



SIGURÐUR PÁLSSON SKÁLD

30. JÚLÍ 1948 – 19. SEPTEMBER 2017



Sigurður Pálsson var einn af forvígismönnum skógræktarhreyfingarinnar í landinu því hann var formaður Yrkjusjóðs – sjóðs æskunnar til ræktunar landsins. Grundvöllur þess merka sjóðs var lagður með útgáfu bókarinnar Yrkju árið 1992, en tilefnið var 60 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, þáverandi forseta Íslands. Ágóðinn af sölu bókarinnar var notaður sem stofnfé Yrkjusjóðs þegar hann tók formlega til starfa árið 1992.

Matthías Johannessen var fyrsti formaður Yrkjusjóðsins, en Sigurður tók við af honum árið 2003. Þegar Sigurður tók við formennskunni lýsti hann sýn sinni á uppeldishlutverk skógræktarinnar. Hann sagði að hlutverk sjóðsins væri að rækta ræktendur. Sjóðurinn úthlutar fjármunum til grunnskóla á hverju ári sem renna til kaupa á trjáplöntum. Sjö til átta þúsund grunnskólanemar víðs vegar af landinu gróðursetja árlega 20-30 þúsund tré á vegum sjóðsins. Árið 2006 var upplýsingavefur Yrkjusjóðs opnaður. Þetta er námsvefur um tré og gróðursetningu með margvíslegum upplýsingum um tré og skóga á Íslandi og annarsstaðar í heiminum. Sigurður hélt fróðlegt erindi af þessu tilefni og gerði grein fyrir áhugaverðum þáttum skógræktar hér á landi. Erindi hans var birt í Skógræktarritinu 2006.

Skógræktarfélag Íslands fagnaði 80 ára afmæli félagsins árið 2010 með hátíðarsamkomu á Þingvöllum. Sigurður flutti frumort ljóð sem heitir *Óður um tré og skóga*. Það birtist í Skógræktarritinu sama ár og í bókinni *Ljóðorkulind* árið 2012. Þegar bókin kom var Sigurður spurður í blaðaviðtali

um ljóðið. Svar hans var eftirfarandi: „Tré minna okkur á tímann. Það tekur fimmtíu ár að rækta skóg, en það er mjög stuttur tími í jarðsögunni. Við Íslendingar erum hins vegar svo óþreyjufull og viljum framkvæma í hveli. Auðvitað er mikilvægt að geta unnið í akkorði undir vissum kringumstæðum, en sumt tekur tíma. Þarna er vegasaltið lykilatriði, jafnvægislistin. Ég held að fátt sé betra en skógrækt til að þroska tímaskyn okkar“.

Árið 2011 var Alþjóðlegt ár skóga og ári seinna voru 20 ár liðin frá formlegri stofnun Yrkjusjóðs. Efnt var til ljóða- og ritgerðasamkeppni á meðal grunnskólabarna og sat Sigurður í dómnefnd og veitti verðlaun. Aftur var efnt til verðlaunasamkeppni á vordögum í tilefni þess að 25 ár eru liðin síðan sjóðurinn tók til starfa og bærust 450 ljóð.

Sigurður var mikill aufúsgestur á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands en þangað kom hann reglulega vegna starfa sinna í þágu Yrkjusjóðsins. Hann gaf sér góðan tíma og kunni þá list að ræða við fólk og urðu þessar stundir oftast ekki að eftirminnilegum fyrirlestrum skáldsins þar sem hann miðlaði af snilli og þekkingu. Nýjum flötum velt upp á umræðuefninu og gjarnan vitnað í helstu bókmenntajöfra heims eða rifjaðar upp sögur af samferðamönnum.

Sigurður studdi Yrkjuverkefnið af hugsjón og sinnti því af trúmennsku allt til loka. Skógræktarfolk á öllum aldri þakkar Sigurði fyrir góða leiðsögn og trausta samfylgd og vottar Kristínu og syni þeirra dýpstu samúð.

*Fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands,
Jónatan Garðarsson*



HEIÐURSÁSKRIFENDUR SKÓGRÆKTARRITSINS

Reykjavík

Gámaþjónustan hf, Súðarvogi 2
Johan Rönning hf, Klettagörðum 12
Moldarblandan Gæðamold hf,
Gylfaflöt 20

Grindavík

Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Akranes

Norðurál, Grundartanga

Borgarnes

Skorradalshreppur, Grund

Hellissandur

Snæfellsbær, Klettsbúð 4

Búðardalur

Dalabyggð, Miðbraut 11
Skógarbýlið Innra-Leiti

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla - útgerð, Eyrargötu 1

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Húsavík

Norðursigling ehf, Hafnarstétt 9

Egilsstaðir

Fljótsdalshérað, Lyngási 12

Höfn í Hornafirði


Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Bláskógabyggð, Aratungu, Reykholti

Flúðir

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6



Velkomin á Olís

Við tökum vel á móti þér á Olísstöðvum um allt land og bjóðum góða þjónustu, fjölbreytt úrval bílavöru, gómsætan mat og ýmislegt annað fyrir fólk á ferðinni.





AFSLÁTTUR MEÐ
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT KAFFI MEÐ
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT
WI-FI



Vinur við veginn

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1
 Argos ehf, arkitektastofa, Eyjaslóð 9
 Arkís arkitektar ehf, Kleppsvægi 152
 Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
 Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
 Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Efnamóttakan hf, Gufunesi
 Eldhús sælkerans ehf, Lynghálsi 3
 Ennemm ehf, Skeifunni 10
 Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
 Höfði, fasteignasala, Suðurlandsbraut 52
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Landvernd, Þorunnartúni 6
 Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
 Löndun ehf, Pósthólf 1517
 Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
 Ormsson, Síðumúla 9
 ÓV - Jarðvegur ehf, Vesturlandsbraut 200
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
 Raftíðni ehf, Grandagarði 16
 Reykjavíkurborg - Borgarbókhald, Borgartúni 12-14
 Reykjavíkurborg Fjármálaskrifstofa Rvík, Borgartúni 12-14
 Samiðn, samband iðnfélaga, Borgartúni 30
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 SM kvótaþing ehf, Skipholti 50D
 Stjörnuveg hf, Vallá
 Suzukibílar hf, Skeifunni 17
 Tannsmiðjan Króna sf, Suðurlandsbraut 46
 Tark - Teiknistofan Arkitektar ehf, Brautarholti 6, 3. hæð

Túnverk ehf, Jónsgeisla 45
 Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
 Úti og inni sf, Þinghóltsstræti 27
 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
 Verkfræðistofan VIK ehf, Borgartúni 6
 Vélaverkstæðið Kistufell ehf, Tangarhöfða 13
 Við og Við sf, Gylfaflöt 3
 Þ. Þorgímsson og Co ehf, Ármúla 29

Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
 Jónsi sf, Digranesvegi 14
 Kjarni ehf, Lautarsmára 1
 Kópavogsbær, Fannborg 2
 Rafmiðlun hf, Ögurvharfi 8
 Vetrarsól, Askalind 4

Garðabær

Fagval ehf, Smiðsbúð 4
 Geislataekni ehf - Laserþjónustan, Suðurhrauni 12c
 Samhentir - Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4
 Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Gnótt sf, Heiðvangi 26
 Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
 Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
 Hlaðbær-Colas hf, Gullhelli 1
 Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
 Trefjar ehf, Óseyrarbraut 29
 VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20

Reykjanesbær

Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Æco bílar ehf, Njarðarbraut 19

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Garður

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8

Akranes

Gísli Stefán Jónsson ehf, Grenigrund 20
Hvalfjarðarsveit, Innrimel 3
Meitill - GT tækni ehf, Grundartanga

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Arnarholti

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 24

Grundarfjörður

Grundarfjarðarbær, Borgarbraut 16

Hellissandur

KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1

Ísafjörður

Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
Orkubú Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1

Patreksfjörður

Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur, Strandgötu 38

Hvammstangi

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

Blönduós

Blönduósbær, Hnjúkabyggð 33
Húnavatnshreppur, Húnavöllum

Sauðárkrókur

Háskólinn á Hólum, Hólum í Hjaltadal
KTak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur, Borgarteigi 15
Sveitarfélagið Skagafjörður - Garðyrkjustjóri, Skagfirðinga-
braut 21

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði, Miklabæ

Akureyri

Eyjafjarðarsveit, Skólatróð 9
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf, Smáratúni 16b
Höldur ehf, Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Sella tannlæknar ehf, Hofsbót 4

Stórholt ehf, Baldursnesi 1
Höldur ehf, Tryggvabraut 12
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Sella tannlæknar ehf, Hofsbót 4
Stórholt ehf, Baldursnesi 1

Grenivík

Grýtubakkahreppur, Túngötu 3

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum, Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar, Stóru-Laugum

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum

Kópasker

Vökvaþjónusta Kópaskers, Bakkagötu 6

Egilsstaðir

Héraðsprent ehf, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Eskifjörður

Fjarðaþríf ehf, Strandgötu 46c

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Súlkus ehf, Hafnarbraut 1

Reyðarfjörður

AFL Starfsgreinafélag, Búðareyri 1

Höfn í Hornafirði

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógabyggðar, Dalbraut 1
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Ræktunarsamband Flóa/Skeiða ehf, Gagnheiði 35
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnesi

Hveragerði

Flóra - Garðyrkjustöð (Áður Gst. Ingibj.), Heiðmörk 38
Heilsustofnun N.L.F.Í., Grænumörk 10

Flúðir

Garðyrkjustöðin Hvammur 2, Hvammi 2
Gröfutækni ehf, Iðjúlóð 1

Hvolsvöllur

Byggðasafnið Skógum, Rangárþingi eystra
Ingimundur Vilhjálmsson, Ytri-Skógum
Rangárþingi eystra, Hlíðarvegi 16

Vík

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐATÆKJUM FRÁ

STIHL®

Á FRÁBÆRU VERÐI



GARÐHEIMAR

UMBOÐSABILI STIHL Á ÍSLANDI

540 3300 • gardheimar.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir



Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki. **Verðmæti: 780.000 kr.**

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

4x4

REXTON

**VETUR
SUMAR
VOR OG
HAUST**



Verið velkomin í reynsluakstur!

| benni.is.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00